LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

# ÁRSSKÝRSLA 2011 - 2012

1. ágúst 2011 – 31. júlí 2012

# EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA REKTORS .......... 1

DEILDIR .......... 18

HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD .......... 19
LEIKLISTAR- OG DANSDEILD .......... 33
LISTKENNSLUDEILD .......... 39
MYNDLISTARDEILD .......... 45
TÓNLISTARDEILD .......... 59

STOÐSVIÐ .......... 69

ALÞJÓÐAMÁL .......... 71
BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA .......... 75
RANNSÓKNAÞJÓNUSTA .......... 80
TÖLVU- OG VEFÞJÓNUSTA .......... 86

LYKILTÖLUR .......... 87

VIÐAUKAR .......... 91

LYKILTÖLUR 2011 – 2012 .......... 91
ÁRSREIKNINGUR 2012 .......... 97

# SKÝRSLA REKTORS

## STARFSEMI STJÓRNAR

Ársfundur 2011 var haldinn 9. nóvember. Fyrir fundinum lágu skýrsla rektors og annarra stjórnenda, tölfræðilegar upplýsingar um ýmsa þætti í starfseminni skólaárið 2010 - 2011, og yfirlit úr ársreikningi skólans. Fundargerð frá fundinum og skýrslur liggja fyrir á vefsvæði skólans.

Alls voru haldnir 17 stjórnarfundir á tímabilinu 1. ágúst 2011 til 31. júlí 2012.

Skipan stjórnar í upphafi tímabilsins var þannig:

- Karólína Eiríksdóttir, formaður
- Sigurður Nordal, varaformaður
- Anna Líndal
- Jón Ólafur Ólafsson
- Kolbrún Halldórsdóttir

Á stjórnarfundi þann 8. ágúst 2011 fékk Sigurður Nordal lausn frá stjórnarsetu. Sigurður hafði setið sem fulltrúi menntamálaráðherra í stjórn skólans allt frá stofnun hans 1998 og verið þar á undan formaður bráðabirgðastjórnar sem undirbjó stofnun skólans. Við sæti Sigurðar tók Markús Þór Andrésson, myndlistarmaður og sýningarstjóri.

Karólína Eiríksdóttir lét af störfum í stjórn skólans þann 29. nóvember 2011. Karólína hafði eins og Sigurður setið í stjórn skólans allt frá stofnun hans, og verið formaður stjórnar frá 21. nóv. 2001. Karólína var tilnefnd af Félagi um Listaháskóla Íslands. Við hennar sæti tók Kolbeinn Einarsson, tónskáld.

Karólínu og Sigurður eru þökkuð afar vel unnin störf í þágu skólans og fyrir þann mikla hlut sem þau eiga í uppbyggingu hans.

Stjórn skólans skipti með sér verkum á stjórnarfundi 16. des. 2011 og er nú þannig skipuð:

- Kolbrún Halldórsdóttir, formaður
- Kolbeinn Einarsson, varaformaður
- Anna Líndal
- Markús Þór Andrésson
- Jón Ólafur Ólafsson

Stjórn skólans starfar í samræmi við skipulagsskrá skólans og eftir sérstökum starfsreglum frá 2004 þar sem kveðið er á um skipulag stjórnarstarfa, starfshætti, hlutverk og skyldur stjórnarinnar. Starfsreglur stjórnarinnar og skipulagsskrá er að finna á vefsvæði skólans.

## FUNDIR STJÓRNENDA OG SAMRÁÐ

### Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráðið er helsti vettvangur skólans varðandi sameiginleg málefni deilda og stoðsviða, og þar eru teknar ákvarðanir um flest mál sem tengjast kennslu og kennsluskipulagi, þróun og rannsóknum, og skipulagi starfseminnar almennt. Ráðið undirbýr tillögur að stefnu fyrir skólann í helstu málefnum og er bakhjarl rektors í daglegri stjórn. Fundargerðir framkvæmdaráðs eru aðgengilegar öllum starfsmönnum á innra neti skólans.

Alls voru haldnir 23 fundir í framkvæmdaráði starfsárið 2011 – 12, þar af þrír lengri vinnufundir sem haldnir voru utan borgarmarkanna. Á vinnufundum er farið yfir öll helstu málefni skólans, allt frá skólareglum og stoðþjónustu til skipulagningu skólastarfs, stefnumótunar og þróunarstarfs.

## Fagráð

Fagráðið er samráðs- og upplýsingavettvangur stjórnenda, kennara og nemenda skólans. Ráðið fjallar um fagleg markmið, frammistöðu skólans og gæði, og veitir rektor og stjórn stuðning við ákvarðanatöku um akademísk málefni.

Fundir *fagráðs* voru alls þrír. Ráðið er fjölmennt, en minni vinnuhópar úr ráðinu starfa á milli funda. Meðal helstu verkefna sem ráðið fjallaði um voru innleiðing nýs gæðakerfis, skipulagning og undirbúningur nýrra námsbrauta á meistarastigi, undirbúningur að stofnun rannsóknarsjóðs og útgáfusjóðs, tillögur um breytingar á lögum um háskóla, réttindamál nemenda, skilgreiningar á kennarastöðum, og tillögur að manífestói fyrir skólann.

## Samráðs- og vinnufundir

Þá voru að venju haldnir ýmsir fundir með öllum starfsmönnum skólans, eða með kennurum sérstaklega og starfsmönnum stoðsviða hins vegar. Má nefna vinnufund kennara og stjórnenda sem haldinn var 21. og 22. maí síðastliðinn á Hótel Heklu, Skeiðum, undir heitinu "Listaháskólinn á tímamótum." Meðal efnis sem þar var rætt var uppbygging meistaranáms, undirbúningur siðareglna, skipulag kennarastarfa, mælikvarðar fyrir fræðasviðið *listir*, alþjóðasamstarf, gæðamál og fagúttektir, og málstefna skólans.

## Samstarf við nemendur og nemendaráð

Samstarf stjórnenda og nemenda hefur eflst og styrkst síðustu tvö árin. Nemendur hafa skipulagt starfsemi nemendafélaganna með markvissari hætti en áður, og innan félaganna er nú kosið til helstu trúnaðarstarfa með lýðræðislegum og opnum hætti. Eitt félag er í hverri deild og mynda formennirnir með sér nemendaráð sem kemur fram fyrir hönd allra nemenda skólans. Formaður nemendaráðsins síðustu tvö árin, Jón Cleon Sigurðsson, hefur verið afar virkur gagnvart stjórnsýslu skólans og skapað nauðsynlega tengingu við nemendahópinn sem heild. Rektor boðar til funda með nemendaráði þar sem farið er yfir helstu málefni skólans.

Fulltrúar nemenda eiga sæti í öllum deildarráðum skólans og jafnframt í fagráði og í úrskurðarnefnd skólans í réttindamálum nemenda. Þá hafa nemendur verið kallaðir til starfa í ýmsum vinnuhópum um einstök verkefni eða málefni, og treyst er á þeirra framlag í undirbúningi fagúttekta og við gerð sjálfsmatsskýrslna. Við endurskoðun á reglum skólans síðastliðið vor tóku nemendur virkan þátt í samráðshópi með starfsmönnum stoðsviða, og skilaði sá hópur tillögum að breytingum á ýmsum reglum sem varða réttindamál nemenda og stöðu þeirra innan skólans.

## Árshátíð

Árshátíð skólans var haldin 17. mars í leikhúsinu Norðurpólnum á Seltjarnarnesi. Það er Starfsmannafélag skólans sem skipuleggur hátíðina og sér um dagskrá.

## STARFSFÓLK

Fastráðnir starfsmenn Listaháskólans voru 91 á skólaárinu.

### AKADEMÍSKIR STARFSMENN

Á starfsárinu 2011 til 2012 var ráðið í störf kennara og stjórnenda í fjórum deildum skólans. Ráðið var í stöðu deildarforseta hönnunar- og arkitektúrdeildar frá og með 1. ágúst síðastliðnum, staða prófessors í myndlist á sviði tímatengdra miðla var auglýst laus til umsóknar með ráðningu frá 1. ágúst, auglýstar voru þrjár stöður fagstjóra fræðigreina í tónlist, myndlist, og hönnun og arkitektúr með starfsheiti lektors og ráðið í tvær þeirra frá og með 1. janúar 2012, ráðið var í starf fagstjóra dansbrautar með starfsheiti lektors frá og með 1. janúar 2012, auk þess sem endurráðið var í starf prófessors í grafískri hönnun, prófessors í kammertónlist og strengjaleik, og í stöðu deildarforseta listkennsludeildar. Prófessor í vöruhönnun hætti störfum í lok starfsársins og hefur ekki enn verið ráðið í hans starf.

Í hönnunar- og arkitektúrdeild var ráðið í tvö störf fagstjóra með starfsheiti aðjúnkts, og ráðinn var nýr umsjónarmaður vídeóvers í myndlistardeild. Ráðið var í tímabundið starf gestaprófessors í myndlist, og lektor í grafískri hönnun fékk ráðningu í stöðu prófessors. Ennfremur var ráðið í hlutastörf kennara í tónlistardeild með starfsheiti aðjúnkts. Tveir kennarar voru í rannsóknarleyfi skólaárið 2011 til 2012, annar í heilt ár og hinn í hálft ár. Prófessor í myndlist, Hulda Stefánsdóttir, gegndi starfi deildarforseta myndlistardeildar á vorönn á meðan sitjandi deildarforseti var í rannsóknarleyfi. Aðrar tilfærslur í störfum kennara voru lítilsháttar.

### STARFSMENN Á STOÐSVIÐUM

Á stoðsviðum urðu þær helstar breytingar á starfsárinu að nýr forstöðumaður bóksafns var ráðinn í stað fyrri forstöðumanns sem óskaði eftir að láta af störfum. Ráðningin tók gildi 1. okt. 2011. Nýr kynningarstjóri kom til starfa í byrjun árs og ráðið var í nýtt starf verkefnisstjóra þróunar og gæðamála frá og með 1. febrúar 2012. Í lok starfsársins var ákveðið að endurskipuleggja störf á háskólaskrifstofu og við það missti skólinn þrjá starfsmenn sem gegnt hafa störfum fyrir skólann um langa hríð. Þá hætti einn starfsmaður á bókasafni og námsráðgjafi skólans lét af störfum. Ekki hefur verið ráðið aftur í starf námsráðgjafa.

## ÞRÓUN OG GÆÐAMÁL

Gæðamál og gæðaeftirlit eru orðin mjög fyrirferðarmikill þáttur í starfi allra háskólanna hér á landi. Sífellt eru gerðar strangari kröfur um skilvirkni, gagnsæi og eftirfylgni, og fleiri og fleiri þættir í starfseminni eru settir undir sjóngler hins gagnrýna auga. Eðlilega þýðir þetta stóraukið álag á stjórnsýslu skólanna með tilheyrandi skrifræði og skýrslugerð. Erfitt er fyrir skólana að standa undir þessu á sama tíma og fjárhagur þeirra veikist og minna fé er til skiptanna. Engu að síður má ætla að með betri stjórnsýslu og stöðugri hvatningu til að gera betur náist fram hagkvæmni í rekstri og almennt verður skemmtilegra að vinna innan stofnunarinnar.

Á skólárinu ákvað skólinn að skilgreina nýja stöðu verkefnisstjóra þróunar og gæðamála, og var ráðið í hana í febrúar síðastliðnum. Nýr verkefnisstjóri tók virkan þátt í undirbúningi á úttekt tónlistardeildar og hefur með höndum skipulag og útfærslu á skipulagi næstu fagúttekta í samvinnu við deildarforseta og starfsmenn deildanna. Jafnframt undirbýr verkefnisstjóri skipulag stofnanaúttektarinnar á næsta ári, auk þess að sinna fjölbreyttum verkefnum innan skólans sem viðkoma stefnumótun, þróun, upplýsingagjöf og skipulagi.

### Gæðakerfi íslenskra háskóla

Í síðustu ársskýrslu var gerð grein fyrir innleiðingu nýs gæðakerfis íslenskra háskóla og kynnt fimm ára áætlun um samstarf Gæðaráðs og háskólanna, sem felur í sér m.a. úttektir á námsgreinum og námsbrautum háskólanna, svokallaðar fagúttektir, og heildarúttektir á starfsemi þeirra, svokallaðar stofnanaúttektir.

### Áætlun Listaháskólans um fagúttektir

Á ársfundi 2011 var kynnt sú áætlun að stofnanaúttekt yrði gerð á Listaháskólanum á skólaárinu 2013 – 2014. Samkvæmt áætluninni er hins vegar hverjum og einum skóla ætlað að gera eigin áætlun um fagúttektir, þó með þeim takmörkunum að slíkar úttektir hefðu verið gerðar á öllum helstu námsgreinum innan fimm ára tímabilsins. Jafnframt var háskólunum ætlað að tilnefna erlenda viðmiðunarkóla, sem litið yrði til sem eins konar fyrirmynda eða mælikvarða við útfærslu úttekta.

Áætlun Listaháskólans sem samþykkt var í lok nóvember í fyrra gerir ráð fyrir eftirfarandi röðun úttekta eftir deildum:

- Tónlistardeild: vorið 2012
- Myndlistardeild: vorið 2013
- Hönnun: vorið 2013
- Arkitektúr: vorið 2013
- Leiklistar- og dansdeild: vorið 2015
- Listkennsludeild. vorið 2015

Úttekt á starfsemi tónlistardeildar er lokið, og er fjallað sérstaklega um hana í kafla tónlistardeildar hér á eftir. Undirbúningur að úttekt á myndlistardeild hófst á vorönn og hefst sjálfsmatsvinna í deildinni haustið 2012.

Tvær úttektir verða á starfsemi hönnunar- og arkitektúrdeildar, önnur með áherslu á hönnun en hin á arkitektúr, og hefst sú úttektarvinna af fullum krafti í upphafi vorannar 2013.

### Stofnanaúttekt

Fagúttektirnar mynda grunninn fyrir stofnanaúttektina, en skipulag hennar verður í náinni samvinnu við Gæðaráðið. Í þessari fyrstu umferð á fimm ára áætlun um gæðaúttektir er ráð fyrir því gert að ekki hafi verið gerðar fagúttektir á öllum deildum skólanna, þannig að tekið verður tillit til þess við stofnanaúttektina á Listaháskólanum á næsta ári að ekki hefur verið svigrúm til þess að ljúka úttektum á tveimur deildum skólans fyrir þann tíma, þ.e. úttektum á leiklistar- og dansdeild og úttekt á listkennsludeild. Áætlanir Listaháskólans voru m.a. ræddar á svokölluðum "ársfundi" skólans og Gæðaráðs, sem haldinn var í húsnæði skólans þann 31. maí. Á þeim fundi sátu auk helstu stjórnenda skólans fulltrúar kennara, fulltrúi nemenda og svo tengiliður skólans inn í Gæðaráðið, Rita McAllister, fyrrverandi deilarforseti tónlistardeildar Konunglega skoska tónlistar- og leiklistarháskólans í Glasgow.

## HÚSNÆÐI OG FRAMKVÆMDIR

Helsta breytingin sem varð á húsnæðisaðstöðu skólans á starfsárinu er flutningur starfseminnar úr Skipholti í nýinnréttað húsnæði að Þverholti 11. Eigandi húsnæðisins er einkahlutafélagið Þverholt 11 ehf. Skrifað var undir leigusamning 30. júní 2011, og er hann gerður til 10 ára frá og með afhendingardegi. Fyrstu fimm ár leigutímans eru án uppsagnarréttar, en að loknum 5 ára

leigutíma eða frá og með 1. janúar 2017 hafa samningsaðilar gagnkvæman uppsagnarfrest með tólf mánaða fyrirvara.

Nýja húsnæðið er alls um 4.152 fm að stærð, og fylgir afnotaréttur á 16 bílastæðum í bílastæðishúsi í nágrenninu. Eldra húsnæðið að Skipholti 1 er 3.078 fm að stærð og er því um að ræða stækkun fyrir skólann sem nemur 1.074 fm. Samningi um leigu á Skipholti 1 var sagt upp frá og með 1. júlí 2011, en eins árs uppsagnarfrestur er á samningnum og því greidd leiga af því húsnæði til 30. júní 2012. Góð samvinna hefur verið við eiganda Skipholts allt frá því Listaháskólinn tók yfir húsið frá Myndlistar- og handíðaskóla Íslands þegar skólinn hóf starfsemi sína haustið 1999. Eiganda Skipholts, Kjartani Gunnarssyni, er þökkuð traust samvinna á liðnum árum.

Flutningar úr Skipholti í Þverholt fóru að mestu fram í síðari hluta janúar og fyrri hluta febrúar. Að því verki komu flestir starfsmenn í Skipholti auk hóps af nemendum sem tóku virkan þátt í verkinu. Ekki var teljandi rask á reglulegri starfsemi aðalskrifstofu og hönnunar- og arkitektúrdeildar við flutningana, en vissulega fylgdi þessu aukið álag, sérstaklega fyrir starfsmenn og þá sem stýrðu flutningnum. Arkitektarnir Steinþór Kári Kárason og Ásmundur Hrafn Sturluson teiknuðu innréttingar og skipulag í nýja húsnæðinu. Ekki var unnt að innrétta fyrir starfsemi mötuneytis í Þverholti og lá því starfsemi þess niðri þangað til það tók aftur til starfa í nýjum innréttingum nú í október 2012.

Með flutningi í nýtt húsnæði að Þverholti 11 hefur verið leyst úr bráðavanda fyrir hönnunar- og arkitektúrdeild og starfsemi aðalskrifstofu. Miklu meira rými er nú fyrir starfsemina en áður var og jafnframt hentar húsnæðið að öllu leyti betur fyrir kennslu og fyrirlestrahald. Þó er ljóst að ýmislegt er ógert til þess að húsnæðið nýtist skólanum eins og vel og best getur orðið, og hefur það verið verkefni síðustu mánaða að fá úr því bætt.

Litlar breytingar voru gerðar á húsnæði skólans í Laugarnesi og á Sölvhólsgötu ef frá er talið minniháttar viðhald og lagfæringar. Þó voru gerðar breytingar í Laugarnesi á skipulagi rýma til að geta tekið á móti hópi meistaranema í myndlist á nýrri braut í haust. Ljóst er að aðstaðan á Sölvhólsgötu verður þrengri og erfiðari eftir því sem starfsemin þróast og bætast við nemendur, og er það eitt brýnasta verkefni skólans að reyna að útvega viðbótarhúsnæði fyrir deildirnar sem þar starfa samtímis því að mótuð verði stefna um framtíðarhúsnæði skólans á einum stað.

Skólinn starfar nú aðallega á þremur stöðum í Reykjavík:

*Þverholt 11* – 4.152 fm: aðalskrifstofur, aðalbókasafn, tölvu- og vefþjónusta, hönnunar- & arkitektúrdeild, og mötuneyti.

*Laugarnesvegur 91* – 4.463 fm: myndlistardeild og listkennsludeild, deildar-skrifstofur, bókasafn, verkstæði, og mötuneyti.

*Sölvhólsgata 13* – 2.963 fm: tónlistardeild og leiklistar- og dansdeild, deildar-skrifstofur, bókasafn, og mötuneyti.

## Byggingamál

Listaháskólinn býr við þær aðstæður að hann getur ekki nýtt sér nema að takmörkuðu leyti möguleikana sem hann hefur til þverfaglegs starfs vegna skiptingar starfseminnar á mismunandi staði innan borgarlandsins. Þá veldur þessi skipting stórauknum kostnaði við reksturinn þar sem keyra þarf sambærilega starfsemi á mismunandi stöðum og möguleikar til samlegðar og samnýtingar takmarkast mjög.

Vegna óvissunnar um framtíðarhúsnæði hefur skólinn leitað bráðabirgðalausna svo halda megi skólastarfinu áfram. Engar lausnir hafa þó fundist sem geta fært deildir skólans nær hverri annarri en þær eru nú og þannig minnkað það óhagræði sem skapast af skiptingu skólans á mismunandi staði. Með flutningi starfseminnar úr Skipholti í Þverholt var leyst tímabundið úr

bráðavandræðum hönnunar- og arkitekúrdeildar og aðalskrifstofu, en einangrun þessarar starfsemi frá annarri starfsemi skólans er áfram staðreynd.

Vandamál tónlistardeildar og leiklistar- og dansdeildar vegna húsnæðisþrengsla á Sölvhólsgötu eru enn óleyst, og í Laugarnesi er reynt að finna nýju meistaranámi í myndlist stað með samningum við Fasteignir ríkisins um afnot af hluta þess húsnæðis sem enn er þar óinnréttað og nýtt sem geymsluhúsnæði.

Í erindi til ráðherra mennta- og menningarmála 4. júní s.l. kynnti rektor skólans eftirfarandi áætlun sem skólinn sér fyrir sér að geti leitt til lausnar á húsnæðismálum skólans til næstu ára:

- heimild til sölu skólahússins í Laugarnesi verði afturkölluð; það verði yfirlýst stefna að húsnæðið verði áfram í eigu ríkisins.
- geymslurými í Laugarnesi, sem er um 6.700 fm, verði endurnýjað og gert nothæft fyrir starfsemi leiklistar- og dansdeildar og fyrir fyrirhugaða kvikmyndadeild skólans; rétt er að taka fram að húsnæðið nýtist fyrir aðra menningarstarfsemi eftir að skólinn hefur flutt í sitt framtíðarhúsnæði á Sölvhólsgötureit.
- húsnæði á Sölvhólsgötu verði fyrst um sinn nýtt áfram af tónlistardeild; tónlistardeild verði fundinn staður annars staðar til 2ja til 3ja ára á meðan byggt verður á reitnum; helst kemur til greina að fá lánað Þjóðmenningarhúsið, en húsið getur hentað tónlistardeild afar vel, eða þá að deildinni verði fundinn staður í Hörpunni þar sem nú er mjög mikið af ónýttu plássi sem ekki hefur verið innréttað.
- hönnunar- og arkitektúrdeild verði áfram í nýju leiguhúsnæði í Þverholti þangað til flutt verði í framtíðarhúsnæðið.

Framtíðarhúsnæði fyrir starfsemi skólans er eitt brýnasta verkefnið sem skólinn stendur frammi fyrir. Sú skoðun er ríkjandi að byggingareitur við Sölvhólsgötu henti afar vel. Skipulagsyfirvöld í borginni hafa lýst yfir eindregnum stuðningi við uppbyggingu skólans á reitnum, og innan stjórnsýslu ríkisins á þessi hugmynd sterku fylgi að fagna.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld setji byggingu Listaháskólans í forgang í sínum framkvæmdaáætlunum, og sýni þannig í verki að þau vilja standa við áratuga gömul fyrirheit um byggingu fyrir skólann. Fyrri undirbúningur er að mati skólans góður grunnur til að byggja á og þarf ekki mikla endurskoðun á þeim greiningum sem fyrir liggja til að hægt verði að hrinda verkefninu í framkvæmd.

# FJÁRMÁL OG REKSTUR

## Ársreikningur 2011 – 2012

Ársreikningur skólans fyrir starfsárið 2011 – 2012 var samþykktur af stjórn þann 20. september. Tekjur skólans á árinu 2011 – 2012 voru kr. 844.295 þús. kr. en voru árið áður 820.677 þús. kr. sem er hækkun um tæpar 23 milljónir króna, eða hækkun um 2,8% á milli ára. Tekjurnar eru samsettar úr þremur þáttum: tekjum úr ríkissjóði skv. þjónustusamningi, tekjum af skólagjöldum og öðrum tekjum.

Tekjur úr ríkissjóði hækkuðu úr 625.409 þús kr. í 658.706 þús. kr., eða um 33,3 milljónir, sem er um 5,3% hækkun á milli ára. Mestu munar þar um reiknaðar bætur vegna hækkunar launa og framlag vegna stofnunar meistaranáms. Á móti fékk skólinn talvert minni tekjur af skólagjöldum en árið þar áður, eða 135.313 þús. kr. í stað 148.959 þús kr., sem er lækkun um 13,6 milljónir kr., eða um 9,1% lækkun á milli ára. Lækkunina má rekja til fækkunar nemenda sem var umtalsverð. Aðrar tekjur hækkuðu um 4 milljónir krónar eða úr 46.309 þús. kr. í 50.277 þús. kr.

Gjöldin á móti voru 929.759 þús. kr. en voru árið áður 796.926 þús. kr. sem er hækkun um hvorki meira né minna en 132.834 þús. kr., eða sem nemur tæpum 17%. Hækkunin nær í raun til allra þátta; kostnaður vegna greiddra launa hækkar um 57 milljónir kr., húsnæðiskostnaður hækkar um tæpar 46 milljónir kr., og annar rekstrarkostnaður um tæpar 28 milljónir kr., eða alls um 132 milljónir.

Þetta þýðir að í stað hagnaðar í síðasta ársreikningi upp á tæpar 24 milljónir króna er tap á rekstri skólans á síðasta starfsári sem nemur 85,5 milljónum kr. Það er því um að ræða viðsnúning á milli ára sem nemur um 110 milljónum króna.

Samkvæmt efnhagsreikningi 31. júlí síðastliðinn er eigið fé skólans orðið neikvætt um 76,3 milljónir kr., en var jákvætt árið áður um sem nemur 11,5 milljónum króna. Staða skólans hefur þannig gjörbreyst á einu ári. Langtímaskuldir og skuldbindingar við lánastofnanir eru samkvæmt reikningnum 7 milljónir miðað við 15,5 milljónir króna árið áður, sem þýðir að skólinn hefur greitt niður fyrri skuldir að langmestu leytinu til. Bókfærðar eignir skólans eru samkvæmt efnhagsreikningi um 59,6 milljónir kr., en voru 48,7 milljónir króna árið áður.

Endurskoðendur Listaháskólans er endurskoðunarstofan Deloitte hf. Ársreikning skólans má finna aftast í ársskýrslunni undir “viðaukar.”

## Fjárhagsstaða skólans

Þegar ársreikningur skólans er skoðaður nánar sést að viðsnúningurinn í rekstri er aðallega af þremur orsökum. Í fyrsta lagi er um að ræða umtalsverða hækkun launakostnaðar, sem aðallega skýrist af hærri launum og launatengdum kostnaði. Starfsmönnum hefur ekki fjölgað og kostnaði við kennslu verið haldið niðri eins og hægt er.

Í öðru lagi er um að ræða lækkaðar tekjur af skólagjöldum nemenda, sem skýrist af því að nemendur voru talsvert færri en árið þar áður. Skólagjöldin hafa síðustu árin nokkurn veginn fylgt almennum verðlagshækkunum þó með þeirri undantekningu að fyrir skólaárið 2011 – 12 voru þau hækkuð um aðeins 1,9%.

Í þriðja lagi er um að ræða stórhækkaðan kostnað vegna húsnæðis, sem skýrist þó að stórum hluta vegna þess kostnaðar sem fylgdi því að flytja starfsemina úr Skipholti í Þverholt. Sá kostnaður einn og sér er um 39 milljónir, og fær skólinn hann endurbættan frá ríkinu með sérstöku framlagi upp á 35 milljónir, sem kveðið er á um í því frumvarpi til fjáraukalaga sem nú er til afgreiðslu á Alþingi. Þegar tillit er tekið til þessa framlags má segja að rekstrarhalli skólans fyrir síðasta rekstrarár sé um 50 milljónir króna.

Það er okkur stjórnendum og stjórn skólans fullljóst að fjárhagsstaða skólans er mjög viðkvæm og hann verður ekki rekinn annað ár til viðbótar með þeim halla sem hér hefur birst. Eins og starfsmenn og nemendur hafa orðið varir við hefur verið gripið til enn frekari aðahaldsaðgerða til að ná útgjöldum innan þeirra marka sem við getum leyft okkur, og fjárhagsáætlunin fyrir þetta skólaár gerir ráð fyrir jafnvægi í rekstrinum þó svo að lítið megi út af bregða. Skólinn hefur jafnóðum upplýst mennta- og menningarmálaráðuneytið um stöðuna og óskað eftir samvinnu um úrlausnir sem geta styrkt rekstrargrunn skólans og gert það bærilegra að sinna hlutverki hans gagnvart nemendum og þjóðfélaginu í heild.

Skólagjöld fyrir fullt nám voru á síðastliðnu ári kr. 350.000 fyrir bæði misseri og hækkuðu um sem nemur 1,9% frá árinu áður. Fyrir þetta ár sem nú er hafið voru skólagjöldin hækkuð í 390.000 kr. eða sem nemur um 11,4%. Skólagjöld fyrir nýjar námsbrautir á meistarastigi voru sett tvöföld sú upphæð eða kr. 780.000 fyrir bæði misseri.

## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Þann 22. júní síðastliðinn undirrituðu rektor Listaháskólans og mennta- og menningarmálaráðherra nýjan þjónustusamning á milli stofnananna sem gildir til 2016. Nýi samningurinn er með talsvert öðru sniði en fyrri samningar að því leytinu til að hann er frekar rammi um hvernig viðræður um þjónustu skólans skulu fara fram og upptalning á þeim skilyrðum sem skólinn skal uppfylla en bein lýsing á því hver verkefnin nákvæmlega eru sem samningurinn nær til.

Í raun verður það í viðræðunum við undirbúning fjárlaga ríkisins hverju sinni sem það ræðst hvaða tillaga verður gerð um framlög til skólans árið eftir og hver viðfangsefnin nákvæmlega verða. Þetta krefst þess að báðir aðilar hafi með sér virkt og reglubundið samstarf og stefna beggja aðila sé skýr og markmiðin samrýmanleg. Að stofni til er samningurinn hliðstæður samningum sem ráðuneytið gerði við Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík fyrr á árinu.

Almennt séð er ráð fyrir því gert í samningnum að Listaháskólinn bjóði uppá nám á bakkalárstigi og meistarastigi á fræðasviðinu *listum*, vinni að uppbyggingu þekkingar á því sviði og miðli henni til samfélagsins. Miðað er við að fjöldi nemenda verði á bilinu 400-600. Í samningnum er m.a. fjallað um réttindi og skyldur við nemendur, ábyrgð skólans, fyrirkomuleg fjárhagslegra samskipta, upplýsingagjöf og eftirlit.

Með samningnum fylgir sérstakur *viðauki* þar sem lýst er helstu þáttum í starfsemi Listaháskólans og þeim áherslum sem skólinn leggur sjálfur fram, m.a. varðandi hlutverk og stefnu skólans, framboð á námi, rannsóknir, gæðastýringu, stjórnun og skipulag, auk markmiða og framtíðarsýnar til ársloka 2015. Viðaukinn er staðfestur án skuldbindinga af hendi ráðuneytisins.

## BREYTINGAR Á LÖGUM UM HÁSKÓLA

Í byrjun þessa árs lagði mennta- og menningarmálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um háskóla frá 2006. Frumvarp ráðherrans hafði verið lengi í undirbúningi, og samkvæmt meðfylgjandi greinargerð hans var það fyrir ábendingar rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna haustið 2008 sem farið var af stað með undirbúning frumvarpsins.

Rektorum háskólanna var boðið að kynna sjónarmið sinna skóla við undirbúninginn. Sjónarmiðum Listaháskólans var komið á framfæri við ráðherra með ítarlegri greinargerð dags. 28. febrúar 2011. Tekið var tillit til sjónarmiða skólans í nokkrum atriðum en þó ekki í þeim veigamestu, þ.e. um stjórnskipan háskóla og um kröfur til háskólakennara um prófgráður.

Frumvarp ráðherra fékk litlar umræður á Alþingi áður en því var vísað til umfjöllunar í allsherjar- og menntamálanefnd. Nefndin óskaði umsagna um frumvarpið og bárust fjöldi umsagna frá ýmsum aðilum, þær ítarlegustu frá háskólunum sjálfum. Umsögn Listaháskólans byggir á umfjöllun um málið í framkvæmdaráði skólans, fagráði og í stjórn, og er hún dagsett 28. febrúar 2012, eða nákvæmlega ári síðar en fyrri umsögn skólans var gerð.

Auk almennra athugasemda koma fram í umsögn skólans útfærðar athugasemdir við þrettán liði frumvarpsins, þ.m.t. athugasemdir við skilgreiningar á hlutverki háskóla, við lýsingu á hvað er átt við með akademísku frelsi, við skilgreiningu á því hvað er átt við með hugtakinu *fræðasvið* háskóla, við ákvæði um mat háskóla á námi sem fram fer við skóla eða stofnanir sem ekki hafa sömu viðurkenningu og þeir hafa, við ákvæði sem lýsir skipan matsnefnda háskóla, við fyrirmælum um stjórnskipan háskóla og aðkomu starfsmanna og nemenda að stjórnun háskóla, við lýsingu á þeim kröfum sem háskólar skulu gera til háskólakennara um prófgráður, við ákvæði sem leyfir ráðherra að mæla fyrir um samræmt fyrirkomulag innritunar allra háskóla og samræmda meðferð

umsókna um skólavist, við ákvæði sem opnar heimildir til handa háskólum til að bjóða upp á sérstakt aðfararnám, og við ákvæði um réttindi fatlaðra til háskólanáms.

Allt eru þetta veigamikil atriði, en þó vegna sérstöðu skólans er það atriði mikilvægast sem lýsir því að það dugi ekki lengur að viðkomandi hafi lokagráðu í sínu fagi til að geta gegnt stöðu háskólakennara með starfsheiti annaðhvort lektors, dósents, eða prófessors, heldur verði hann að hafa doktorsgráðu. Í umsögninni er þessu ákvæði mótmælt mjög eindregið með ítarlegum rökstuðningi, og það undirstrikað að verði af þessari breytingu á lögum "er grundvelli kippt undan háskólamenntun í listum á Íslandi."

Rektor var kallaður tvisvar fyrir allsherjar- og menntmálanefnd til að ræða um frumvarpið og athugasemdir skólans. Að lokum lagði hann ásamt með rektor Háskólans í Reykjavík fram nýja tillögu til nefndarinnar um þessi tvö veigamestu atriði, þ.e. um stjórnskipan háskóla og um skilgreiningu á kröfum til háskólakennara um prófgráður, og gerði nefndin þær að sínum í helstu atriðum. Í heildina tók frumvarpið miklum breytingum í nefndinni og var þannig samþykkt undir lok þinghalds síðastliðið vor.

## ÚTTEKT Á RANNSÓKNAFRAMLÖGUM TIL HÁSKÓLA

Ríkisendurskoðun gerði í byrjun ársins úttekt á rannsóknaframlögum til háskóla á Íslandi. Niðurstöður hennar voru kynntar í skýrslu sem birtist í apríl. Í skýrslunni er leitast við að að svara því hversu miklu fé íslenska ríkið verji árlega til að styðja við rannsóknir íslenskra háskóla, hvernig eftirliti sé háttað með meðferð og nýtingu fjármuna sem renna eigi til rannsókna, og hvort núverandi fyrirkomulag stuðli að gagnsæi og hagkvæmri nýtingu fjár. Drög að skýrslunni voru send háskólunum til umsagnar. Umsögn Listaháskólans er dagsett 12. mars.

Í skýrslunni eru dregin fram með ljósum hætti helstu meginatriði sem viðkoma stefnumótun fyrir opinberri fjármögnun rannsókna og undirstrikað hversu mikilvægt það er að upplýsingar séu skýrar og mælikvarðar samræmdir. Þeim ábendingum er komið til mennta- og menningarmálaráðuneytis að bæta þurfi utanumhald með framlögum til rannsókna, að fyrirkomulag fjárveitinga verði endurskoðað, að stefnumótun og eftirlit verði bætt, að innleitt verði samræmt matskerfi, að rannsóknir fái aukið vægi í starfsemi Gæðaráðs, og að samningar við háskóla verði endurnýjaðir sem fyrst.

Margvíslegar upplýsingar er að finna í skýrslunni um hvernig opinberum fjárframlögum til háskóla er háttað og hvernig þeir hver og einn nýta framlögin og hafa eftirlit með þeim. M.a. er það dregið fram að hlutfall framlaga til "rannsókna og annars" af heildarframlagi hvers skóla er mjög mismunandi öll síðustu ár, allt frá því að vera 35 - 43% (ríkisháskólarnir) í að vera 6 – 21% (sjálfseignarskólarnir). Hlutfallið er langlægst til Listaháskólans, eða 6%.

Í skýrslunni er því velt upp hvort eðlilegt sé að mismuna háskólum þegar rannsóknarframlög eru annars vegar. Í því efni beri að hafa í huga að ábyrgð og skyldur háskóla geti verið mismunandi, og sumum þeirra sé ætlað að sinna bæði kennslu og rannsóknum á ýmsum sviðum sem talin eru mikilvæg fyrir íslenskt samfélag og menningu en einkaaðilar sjái sér ekki hag í að sinna. Í því sambandi er sérstaklega bent á Háskóla Íslands, sem stundum er kallaður "þjóðskóli," og Listaháskóla Íslands. Bent er á að ekki sé óeðlilegt að tekið sé tillit til sérstöðu þessara háskóla við skilgreiningu á rannsóknarframlögum. Margt fleira áhugavert kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar, og þá m.a. lýsingar á matskerfum skólanna og fyrirkomulagi skráninga rannsókna.

Til frekari upplýsinga um rannsóknastarfsemi Listaháskólans er bent á kaflann rannsóknir og þróun síðar hér í ársskýrslunni.

## STOFNUN NÝRRA NÁMSBRAUTA Á MEISTARASTIGI

Stærsta verkefni síðasta starfsárs er eflaust undirbúningur að stofnun alþjóðlegs meistaranáms í listsköpun og hönnun á þremur brautum. Um er að ræða tveggja ára samfellt meistaranám til MA gráðu (120 einingar) í myndlist, hönnun og tónsmíðum. Meistaranám í listmiðlun (MMus) og listkennslu (M.Art.Ed), auk tónsmíða (MA), hefur verið í boði við skólann síðustu ár, en með nýju námsbrautunum er markmiðið að námið verði heildstætt á milli brauta, verði alþjóðlegt, og hluti nemendahópsins komi erlendis frá.

Meistaranámið er hugsað sem vettvangur fyrir listamenn og hönnuði til að dýpka og auka þekkingu sína í frjóu akademísku umhverfi og byggt er á þeirri sérstöðu skólans að nemendur vinna mjög náið saman og koma af ólíkum fagsviðum lista. Námið skiptist í sjálfstæða listsköpun á vinnustofum, málstofur, rannsóknir, fræðinám og meistaraverkefni. Lögð er áhersla á samþættingu rannsókna og listsköpunar við fræði og tækni. Tillögur um námið hafa verið að þróast innan skólans nokkur síðustu ár.

Listaháskólinn hefur sótt það fast að fá auknar greiðslur til meistaranáms, en hingað til hefur skólinn aðeins fengið greitt fyrir meistaranám í listkennslu (30 ígildi). Það var því fagnaðarefni þegar ráðherra mennta- og menningarmála fékk í gegn fjárveitingu á fjárlögum að upphæð 20 milljónir kr. til að stofnsetja námið. Þegar það varð ljóst hófst undirbúningurinn af fullum krafti. Skipaður var stýrihópur þriggja deildarforseta og ráðinn sérstakur verkefnisstjóri til að leiða verkefnið og sjá til þess að námið yrði sem best samræmt og innbyrðis tengt.

Tillögur verkefnisstjórans og stýrihópsins voru eftir mikla umfjöllun samþykktar í framkvæmdaráði og fagráði, og eftir að ráðherra hafði staðfest að hann myndi tryggja skólanum aukið fé á fjárlögum næsta árs til að kosta námið þegar tveir árgangar væru komnir á skrið. Samþykkti stjórnin á fundi sínum 2. maí að mætti auglýsa eftir umsóknum. Lítill tími var því til að kynna námið og voru umsóknir þar af leiðandi nokkuð færri en upphaflega var ráð fyrir gert. Sérstök vonbrigði voru að aðeins ein umsókn barst um nám á tónlistarbrautinni og af þeim sökum var ákveðið að fresta inntöku á hana til næsta árs. Átta nemendur voru teknir inn á hvora af hinum brautunum.

Með stofnun nýju námsbrautanna hafa orðið mikilvæg þáttaskil í starfi Listaháskólans. Skólinn getur nú boðið upp á listnám á tveimur stigum háskólanáms jafnframt meistaranámi sem veitir réttindi til listkennslu og alþjóðlegu námi á meistarastigi í sköpun og miðlun tónlistar. Þá er í undirbúningi að umbreyta námi í leiklistar- og dansdeild með nýju meistaranámi í sviðslistum og starfstengdu námi á meistarastigi í leiktúlkun. Stefnt er að því að stofnsetja það nám haustið 2013.

## KVIKMYNDAMENNTUN: STEFNUMÓTUN STJÓRNVALDA

Stýrihópur sem skipaður er af mennta- og menningarmálaráðherra hefur birt skýrslu um stefnumótun í kvikmyndamenntun á Íslandi. Skýrslan markar þáttaskil þar sem nú í fyrsta sinn er gefin út heildstæð stefna um uppbyggingu kvikmyndanáms allt frá grunnskólastigi til háskólastigs.

Í skýrslunni er núverandi staða kvikmyndamenntunar metin og farið yfir hvað er í boði í hinum mismunandi skólum, farið er stuttlega yfir hvernig nám á þessu sviði er skipulagt erlendis og þá sérstaklega dregið fram hvernig það er ólíkt í Evrópu og í Bandaríkjunum, og kynnt er tillaga hópsins sem er í fjórum þrepum og lýsir samfellu náms í gegnum öll skólastig.

Tillaga hópsins um stofnun náms á háskólastigi er afdráttarlaus. Hópurinn telur að slíkt nám eigi að byggja upp með listrænt gildi að leiðarljósi og það eigi best heima í Listaháskóla Íslands. Þannig tekur hópurinn undir tillögur Listaháskólans um skipulag náms á bakkalárstigi og stofnun kvikmyndadeildar við skólann. Tekið er fram að tilkoma slíks náms muni vafalaust gera

kvikmyndanám á Íslandi markvissara og gefa framhaldsskólunum jafnframt færi á að þróa námsbrautir sínar í takt við aðgangsviðmið háskóla og námsframboðið sem þar yrði í boði.

Stýrihópurinn fékk til ráðgjafar tvo mikilsvirta kvikmyndagerðarmenn og skólamenn á sviði kvikmyndamenntunar, og byggja tillögur hópsins að stórum hluta á greiningu þeirra á aðstæðum hér og tillögum um skipulag náms og inntak. Sérfræðingarnir störfuðu sjáfstætt og leggja fram hvor sína greinargerð sem birtast sem fylgiskjöl með skýrslunni.

Skýrsla stýrihópsins hefur verið kynnt, en lítið hefur verið um hana fjallað. Óljóst er hvaða fyrirætlanir stjórnvöld hafa um framkvæmd tillagna hópsins en skólinn hefur lýst sig reiðubúinn til að koma til viðræðna um undirbúning að stofnun námsins og að raunhæft sé að hefja námið haustið 2014 ef nægileg fjárframlög fást til rekstursins.

Þá hefur skólinn kynnt þá hugmynd að nýrri kvikmyndadeild verði fundinn staður ásamt með leiklistar- og dansdeild í þeim hluta skólahússins í Laugarnesi sem nú er nýttur sem geymslupláss fyrir ýmsar eignir ríkisins. Lauslega hefur verið áætlað að lágmarksinnrétting á húsnæðinu fyrir sambærilega starfsemi kosti um 500 milljónir króna.

## STÖRF KENNSLUSKRÁRNEFNDAR

Kennsluskrárnefnd skólans hefur það hlutverk að hafa kerfisbundið eftirlit með kennsluskrá skólans og gera tillögur um uppsetningu hennar og innbyrðis tengingar. Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og kemur athugasemdum sínum á framfæri við deildir skólans og aðra viðkomandi innan hans. Nefndin er skipuð þeim Björgu Jónu Birgisdóttur, forstöðumanni háskólaskrifstofu, Unu Þorleifsdóttur, kennara í leiklistar- og dansdeild, og Kristínu Valsdóttur, deildarforseta listkennsludeildar.

Nefndin hóf störf í byrjun árs 2011. Í ársskýrslu nefndarinnar, dags. 15. des. 2011, gerir nefndin grein fyrir störfum sínum á fyrsta starfsári sínu, og hver staðan er á þeim tímapunkti í hverri deild varðandi þróun kennsluskrárinnar. Ljóst er af skýrslunni að þótt mikilvægum áföngum hafi verið náð á tímabilinu eru ýmsir þættir verksins sem nefndinni hefur ekki unnist tími til að gera. Það á m.a. við um hvernig einingar í námskeiðum eru vegnar í hlutfalli við vinnuframlag nemenda og endurskoðun hæfniðviðmiða. Þá hefur það verið mikilvægur þáttur í starfi nefndarinnar að yfirfara málfar, láta þýða námslýsingar yfir á ensku, þróa nýja uppsetningu námskeiðslýsinga á vef skólans og innra neti og endurskoða hæfniviðmið skólans, deilda og einstakra námskeiða.

Kennsluskrárnefnd skilar yfirliti um störf sín á árinu 2012 nú fyrir árslok.

## SKIPULAGNING OG SKILGREININGAR Á STÖRFUM KENNARA

Stjórnendum skólans er ljóst að eftir hraða uppbyggingu skólans er nauðsynlegt að skilgreina störf kennara eftir því sem aðstæður hafa breyst og skipuleggja þau eftir þörfum námsins hverju sinni. Ennfremur verði skólinn að mæta betur þörfum kennara um þróun í starfi en hann hefur getað gert hingað til. Þessi mál hafa verið rædd á vinnufundum framkvæmdaráðs en jafnframt í fagráði og á fundum með kennurum.

Helstu atriðin sem hafa verið til umfjöllunar eru eftirfarandi: tegundir kennarastarfa (fræðikennarar, listkennarar, tæknikennarar, verkstæðiskennarar, o.s.frv.), samsetning kennarahóps (kjarni, stundakennarar, gestakennarar, o.s.frv.), skipan kennara í akademískar stöður eftir deildum og námsbrautum, hlutfall starfsþátta í starfi kennarans, starfsþróun og framgangur, ráðningarfesta og lengd ráðninga, fyrirkomulag rannsóknarleyfa, stuðningur við rannóknarvinnu og útgáfu, starfsþróun, og gerð mælistika fyrir rannsóknir á fræðasviði *lista*.

Niðurstöður úr umræðum innan skólans um þessi mál hafa verið skrásettar og kynntar, og er næsta skrefið að móta heildstæða tillögu sem tekur á helstu þáttum. Mikilvægt er í því sambandi að horft sé til þarfa skólans til framtíðar.

## STARFSÞRÓUNARSJÓÐUR KENNARA

Starfsþróunarsjóður kennara Listaháskólans hefur það meginhlutverk að styðja við starfsþróun kennara skólans. Reglur um starfsemi sjóðsins voru endurskoðaðar á síðasta ári, m.a. til að skýra betur til hvaða efnisþátta ætti að líta til við ákvarðanir um styrki úr sjóðnum.

Rétt til að sækja um styrki úr sjóðnum hafa allir fastráðnir kennarar Listaháskóla Íslands. Auk þess hafa stundakennarar, sem kennt hafa yfir 50 kennslustundir á yfirstandandi misseri (jafngildir 25 fræðifyrirlestrum), rétt á að sækja um styrk.

Á liðnu starfsári voru veittir alls 20 styrkir úr Starfsþróunarsjóði til jafnmargra einstaklinga. Styrkupphæðin nam alls kr. 2.040.00. Framlag til sjóðsins er áætlað kr. 2.000.000 á þessu ári.

## STOFNUN RANNSÓKNARSJÓÐS OG ÚTGÁFUSJÓÐS

Allt frá því síðastliðið haust hefur verið unnið að því innan skólans að koma á fót stuðningssjóðum fyrir rannsóknar- og útgáfustarf kennara skólans. Ákveðið var að stofna sitt hvorn sjóðinn, annan til stuðnings rannsóknum og þróun og hinn til stuðnings útgáfu. Frá upphafi var ljóst að ekki yrði um digra sjóði að ræða þar sem skólinn verður í raun að taka allt fé sem hann veitir til rannsókna og útgáfu af kennsluframlagi. Horft er til þess að með batnandi hag og auknum skilningi á rannsóknarhlutverki skólans verði raunhæfur möguleiki að efla sjóðina og gera þá gildandi í rannsóknarumhverfi skapandi greina.

Í reglum um sjóðina er kveðið á um hlutverk þeirra, skipan stjórnar, hverjir geta sótt um styrki, og hvaða viðmið eru lögð til grundvallar við styrkveitingar. Ennfremur er kveðið á um gerð kostnaðaráætlana og hvaða gögn skulu fylgja með umsóknum um styrki. Talsverð vinna var lögð innan skólans í gerð regluverks sjóðanna, og því voru það vonbrigði þegar ljóst var við gerð fjárhagsáætlunar fyrir þetta núlíðandi starfsár að ekki var hægt að veita þeim upphæðum í sjóðina sem dygðu til að koma starfsemi þeirra af stað. Það bíður því til næsta starfsárs að koma þessum mikilvægu stuðningssjóðum í fullan gang.

## GREINING STOÐSVIÐA OG TILLAGA AÐ NÝJU SKIPURITI

Á síðasta starfsári var gerð umfangsmikil greining á störfum og verkefnum stoðsviða skólans. Til verksins var fengið ráðgjafafyrirtækið CEO Huxun, sem hefur sérhæft sig í verkefnum af þessu tagi. Greiningin krefst náinnar samvinnu við starfsmenn. Vinnan felur m.a. í sér einkaviðtöl við alla starfsmenn stoðsviðanna, viðhorfskannanir eru gerðar til stjórnunar sviðanna, gerðar eru þjónustukannanir, og þróaðir kvarðar til mælinga á árangri og framlagi starfsmanna og sviðanna í heild. Vinna við greininguna stóð yfir allt frá því í nóvember til vors.

Ýmsar mikilvægar ábendingar hafa komið út úr þessari vinnu, s.s. að nokkur óvissa ríkir á meðal starfsmanna á ýmsum stigum um hvert er nákvæmlega verksvið hvers og eins, staða og hlutverk yfirmanna er ekki nógu vel skilgreint, og samstarf stjórnenda sviðanna er ekki nógu formlegt og reglubundið. Þá vanti sérþekkingu á ýmsum sviðum og leggja þarf meiri áherslu á þróun starfsmanna í starfi. Sem viðbrögð við þessu leggur ráðgjafafyrirtækið m.a. til að skipulagi um stjórnun stoðsviðanna verði breytt og raðað með nokkrum öðrum hætti inn á stoðsviðin en nú er gert. Tillaga ráðgjafanna um breytt skipurit var lögð fyrir stjórn skólans og hefur stjórnin samþykkt að það taki gildi þann 1. janúar næstkomandi.

Mikilvægasta breytingin sem gerð er á stjórnun skólans með nýju skipuriti er sú að öll stoðsviðin eru gerð að einni skipulagslegri heild sem lýtur stjórn eins framkvæmdastjóra. Eins og nú er þá er rektor næsti yfirmaður bæði deildarforseta og forstöðumanna stoðsviða, og fyrir hann þýðir þetta þá að hann getur einbeitt sér betur en hann hefur hingað til getað gert að hinum faglega hluta starfseminnar og gefið sér meiri tíma í það hlutverk sitt að vera talsmaður skólans og leiðtogi bæði útávið og innávið. Með breytingunni fá stoðsviðin eitt samheiti, þ.e. "háskólaskrifstofa," og jafnframt verða breytingar á heitum á a.m.k. tveggja stoðsviða.

## STEFNUR OG STEFNUMÓTUN

Almenn stefnumótun og stefnugerð í afmarkaðri málaflokkum var til mikillar umræðu í Listaháskólanum á síðasta ári. Góð tækifæri gefast til slíkra umræðna á starfsdögum kennara sem taka heila vinnuviku á hvorri önn og í vinnuferðum stjórnenda og kennara út fyrir borgarmörkin. Þá hafa starfsmenn stoðsviða í auknum mæli tekið þátt í undirbúningsstarfi sem varða skólann sem heild. Helstu málin sem tekin voru fyrir voru eftirfarandi: *málstefna, siðareglur, manífestó,* og *stefnumótun 2012 – 2016*.

### MÁLSTEFNA

*Málstefna* Lisaháskólans var samþykkt innan skólans síðastliðið vor. Í stefnunni felst að skólinn sé leiðandi í faglegri umræðu á fræðasviðinu listir, að íslenska sé helsta samskiptamál í skólanum hvort sem er í kennslu, rannsóknum eða stjórnsýslu, að skólinn veiti nemendum þjálfun í að koma þekkingu sinni og kunnáttu á framfæri á íslensku á skýran og skipulagðan hátt, og að skólinn geri þá kröfu til akademískra starfsmanna sinna að þeir miðli þekkingu til nærsamfélagsins og skapi þannig farveg fyrir þróun faglegrar umræðu um listir á íslensku. Í málstefnunni er því jafnframt lýst hvernig skólinn vill framkvæma stefnuna og útfæra. Stefnan var unnin í samvinnu fræðikennara skólans og stjórnenda undir forystu Sigurúnar Sigurðardóttur, lektors.

### SIÐAREGLUR

Listaháskólinn hefur unnið að setningu sérstakra *siðareglna* eins og kveðið er á um að háskólar skulu hafa í lögum um háskóla. Reglurnar hafa verið í undirbúningi í nokkurn tíma og voru fyrstu drög til umræðu í vinnuferð kennara 21. og 22. maí. Gunnar Hersveinn, heimspekingur og stundakennari við skólann, stjórnaði þeim umræðum. Síðan þá hafa tveir kennarar skólans, þau Hildigunnur Sverrisdóttir og Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson, ásamt með verkefnisstjóra þróunar og gæðamála, Rebekku Silvíu Ragnarsdóttur, þróað fyrstu tillögur í nánast fullbúið form og leitað til þess samstarfs við aðra kennara og nemendur. Líklegt má telja að *siðareglurnar* verði samþykktar í lokaútgáfu fyrir lok þessa árs.

### MANIFESTÓ

Við undirbúning nýrrar vefsíðu skólans var ákveðið að skilgreina helstu áherslur skólans og sérkenni með smíði yfirlýsingar, *manífestós*, sem birt yrði á forsíðu vefsvæðisins. Leitað var til fjölbreytts hóps kennara um fyrstu hugmyndir. Safn hugmynda fór svo á borð framkvæmdaráðs þar sem það var til umfjöllunar og frekari þróunar. Tillaga um yfirlýsingu var síðar kynnt í fagráði og hefur vinnuhópur rektors og tveggja kennara, þeirra Vigdísar Jakobsdóttur og Magnúsar Þórs Þorbergssonar, unnið tillöguna í lokaform. Búist er við að *manífestóið* í lokagerð verði fellt inn í stefnumótunarplagg skólans 2012 – 2016 sem lýsing á áherslunum sem skólinn leggur í starfsemi sinni.

## STEFNUMÓTUN

Stefnumótun skólans 2008 – 2012 rennur út nú um næstu áramót. Stefnt er að því að ný stefnumótun, *stefnumótun Listaháskólans 2012 – 2016*, verði tilbúin mjög fljótlega eftir það. Þótt umræður og greiningarvinna á síðasta starfsári hafi frekar beinst að einstökum málasviðum og verkefnum en að heildarsýn og innri samræmingu þá engu að síður nýtist afrakstur hennar sem grunnur og vegvísir þegar heildarmyndin er mótuð. Umsjón með stefnumótun næstu ára er í höndum rektors, framkvæmdaráðs og sérfræðinga skólans.

## SAMSTARFSVERKEFNI OG TENGSL VIÐ SAMFÉLAGIÐ

Listaháskólinn leggur áherslu á virk tengsl við atvinnulíf, samfélag, félagasamtök og stofnanir, auk þess sem samstarf við aðra háskóla í landinu og við háskóla og háskóladeildir erlendis er mikilvægur þáttur í starfsemi skólans. Til að gefa mynd af samstarfinu birtir skólinn árlega yfirlit yfir helstu samstarfsverkefnin með stuttum lýsingum á hverju þeirra.

Í yfirliti yfir samstarfsverkefni 2011 – 2012 eru skráð alls 76 verkefni auk 12 verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna og fela í sér samstarf nemenda skólans við ýmsa aðila utan stofnunarinnar. Verkefnunum er skipt niður í sjö flokka:

- Verkefni með menningarstofnunum og listamönnum (22)
- Verkefni með lista- og menningarhátíðum (8)
- Verkefni með ríki og sveitarfélögum (7)
- Verkefni með grunn- og framhaldsskólum (8)
- Verkefni með háskólum innanlands (7)
- Verkefni með erlendum háskólum (17)
- Samstarf með fyrirtækjum (7)

Verkefnin eru af fjölbreytilegasta toga, sum stór og önnur minni. Sem dæmi um samstarfsverkefni innanlands má nefna rannsóknarverkefni í samtímalistfræði unnið í samstarfi myndlistardeildar og Listasafns Íslands, samstarf við Íslenska dansflokkinn um gerð myndbanda og þjálfun nemenda, samstarf við menningarmiðstöðina Skaftfell á Seyðisfirði um vinnustofu nemenda og aðstöðu á verkstæðum í bænum, samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands um samkeppni og tónleika ungra einleikara og einsöngvara, samvinnu við sveitarfélagið Höfn í Hornafirði um staðbundna þróun matvæla, samstarf við skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar um rannsóknarverkefni sem tengjast byggð og mannlífi við götur í borginni, aðkomu starfsmanna skólans að rannsóknarverkefninu *Vatnavinir*, samstarf við Tónlistarskóla Ísafjarðar í evrópska verkefninu *European Joint Masters in Innovative Practice and Audience Development* og um kynningarnámskeið fyrsta árs nemenda tónlistardeildar, aðkomu kennara og nemenda í grafískri hönnun að verkefninu *Vatnsdæla á refli*, verkefni í skapandi tónlistarmiðlun með nemendum Ísaksskóla, samstarf listkennsludeildar við Laugarnesskóla um listasmiðju nemenda, samstarf myndlistardeildar og hugvísindadeildar Háskóla Íslands um kennslu í listfræði og samstarf tónlistardeildar og hugvísindadeildar um kennslu í íslenskum þjóðlögum, samstarf við námsbrautir í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands um gagnkvæman aðgang að námskeiðum, sýning myndlistarnemenda í görðum Háskólans í Reykjavík, verkefnið *Gagnvirk vélræn list* í samstarfi myndlistar- og tónlistardeildar og Háskólans í Reykjavík, samstarf við Prentsmiðjuna Odda um fullvinnslu tímarits um grafíska hönnun, verkefni í vöruhönnun í samvinnu við Icelandair, og verkefnið *Stefnumót hönnuða og bænda*, sem er samstarfsverkefni hönnunarnema og bænda í heimaframleiðslu.

Um verkefni nemenda skólans sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna má segja að tvö þeirra voru tilnefnd til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands sem öndvegisverkefni 2012, þ.e verkefnið *Eyðibýli á Íslandi: Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Austur-Skaftafellsssýslu,*

*Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu*, og verkefnið *Greining prentgripa fyrir safneignir, bókakápur og veggspjöld*.

Nánari upplýsingar um samstarfsverkefni skólans er að finna í umfjöllun deildarforseta um starfsemi sinna deilda.

Um sýningar, tónleika og aðra listviðburði skólans er fjallað í skýrslum deildarforseta.

## ALÞJÓÐAMÁL

Listaháskólinn tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á öllum þeim sviðum sem starfsemi hans nær til. Samstarfinu er lýst í köflum deildanna og í kaflanum alþjóðamál síðar í ársskýrslunni. Til grundvallar alþjóðastarfi skólans liggur yfirlýst alþjóðastefna skólans (*International Policy Statement - IPS*) þar sem lýst er markmiðum skólans í alþjóðamálum og tilgreint hvernig skólinn hyggst ná þeim í helstu atriðum.

### ELIA

Rektor skólans er virkur þátttakandi fyrir hönd skólans í samtökum evrópskra listaháskóla, ELIA (*European League of the Institutes of the Arts*), þar sem eiga aðild yfir 300 listaháskólar og háskóladeildir í listum í um 50 löndum. Samtökin beita sér fyrir framgangi lista og listmenntunar á alþjóðavettvangi, og eru vettvangur fyrir aðildarstofnanir til samstarfs og miðlun þekkingar um viðfangsefni listmenntunar og rannsókna.

Í desember 2011 sótti rektor leiðtogaráðstefnu ELIA *(Leaderhip Symposium*) sem haldin var í Vancouver í Kanada í samvinnu við Emily Carr hönnunarháskólann, og nú fyrr í nóvember sótti hann ásamt með fjórum öðrum starfsmönnum skólans þing samtakanna og aðalfund sem haldinn var í Vínarborg undir heitinu *Art knows! Art Questions! Art Matters!* Á aðalfundinum var rektor kosinn í fulltrúaráð samtakanna til næstu tveggja ára.

## ÚTLIT SKÓLANS: ENDURHÖNNUN VEFSÍÐU, KYNNINGAREFNIS OG MERKIS

Listaháskólinn hefur fengið nýtt útlit. Aðalhöfundurinn að útlitinu er Ármann Agnarsson, grafískur hönnuður. Fyrsti þátturinn í hönnuninni var að greina þarfir skólans og kanna hjá starfsfólki og nemendum hvers konar ímynd þeir sjá fyrir sér að skólinn eigi að hafa. Að svo búnu lagði Ármann fram tillögur að grunnþáttum hönnunarinnar og útfærslur af ýmsum gerðum. Honum til stuðnings starfaði samstarfshópur úr röðum starfsfólks stoðsviða, kennara og nemenda.

Nýja útlitið var kynnt í febrúar og var það innleitt smám saman í gögn skólans og kynningarefni fram eftir vori. Mesta verkið hefur þó verið að endurhanna vefsíðu skólans en því verki er ekki enn lokið. Merki skólans tók nokkrum breytingum frá því sem áður var, en skírskotunin til hins fyrra merkis er þó alveg skýr.

## STYRKTARSJÓÐUR HALLDÓRS HANSEN

Meginmarkmið Styrktarsjóðs Halldórs Hansen er að styðja við uppbyggingu tónlistarsafns Listaháskóla Íslands og veita árlega styrk í nafni Halldórs til útskrifaðra tónlistarnema sem náð hafa framúrskarandi árangri að mati sjóðsstjórnar. Tveir styrkir voru veittir á síðasta ári, hvor um sig að upphæð kr. 500.000. Styrkirnir voru afhentir við hátíðlega athöfn í tónlistarsal skólans þann 31. ágúst síðastliðinn.

Sjóðurinn hefur á undanförnum árum staðið að baki hraðri uppbyggingu tónlistarsafns skólans með beinum fjárveitingum til innkaupa á bókum, diskum og hvers konar nótnaefni. Nokkuð

tapaðist af fjárfestingum sjóðsins í bankahruninu 2008 en stofnfé sjóðsins stendur nú nálægt upphaflegu framlagi. Sjóðurinn veitir tónlistarsafni skólans styrk til innkaupa á þessu ári að upphæð kr. 750.000.

## DANSMENNT EHF. / LISTDANSSKÓLI ÍSLANDS

Dansmennt ehf., er einkahlutafélag í eigu Listaháskólans. Félagið hefur það eina hlutverk að reka Listdansskóla Íslands, sem áður var rekinn á vegum ríkisins. Skólaárið 2011 – 12 var sjötta starfsár Listdansskólans undir stjórn Dansmenntar.

Lára Stefánsdóttir, sem verið hefur skólastjóri Listdansskólans síðastliðin 3 ár, sagði starfi sínu lausu frá og með lokum síðasta skólaárs og hefur Guðmundur Helgason, dansari og danshöfundur, verið ráðinn í hennar stað. Jóna Finnsdóttir er rekstrarstjóri.

Rekstur Listdansskólans hefur gengið eftir væntingum, og starfsemin verið afar öflug, sem sést m.a. af glæsilegum sýningum nemenda á stærstu sviðum landsins. Niðurstöður ársreiknings liggja ekki fyrir.

Samningurinn við menntamálaráðuneytið um reksturinn er löngu runninn út, og hefur stjórn Dansmenntar ítrekað óskað eftir því við ráðuneytið að teknar verði upp viðræður um rekstur skólans til framtíðar og eignarhald.

---

## HELSTU VERKEFNI 2012 - 2014

Eftirfylgni þjónustusamnings og endurnýjun þjónustuviðauka við ríkið (vor 2013)

### Stofnun og innleiðing námsbrauta

- Frekari þróun nýrra námsbrauta í myndlist, hönnun, tónsmíðum (2013 – 14)
- Meistaranám í sviðslistum (2013 – 14)
- Undirbúningur að stofnun kvikmyndanáms á bakkalárstigi (2013 - 14)

### Gæðaúttektir

- Fagúttekt tónlist: úrvinnsla (2012 - 13)
- Fagúttekt myndlist: undirbúningur og framkvæmd (2012 – 13)
- Fagúttekt hönnun: undirbúningur og framkvæmd (2012 – 13)
- Fagúttekt arkitektúr: undirbúningur og framkvæmd (2012 -13)
- Stofnanaúttekt: undirbúningur og framkvæmd (2013 – 2014)

### Skipulag og stjórnsýsla

- Endurskipulagning stjórnsýslu stoðsviða (tekur gildi 01.01.13)
- Endurskipulag akademískrar stjórnsýslu (2012 – 13)
- Skilgreiningar á kennarastöðum, kröfum um hæfi, ráðningarfestu, niðurröðun starfa eftir deildum, o.s.frv. (2012 – 13)
- Stuðningskerfi við rannsóknir og listsköpun: virkja fyrirliggjandi áætlanir (haust 2013)
- Skilgreining á mælikvörðum fyrir rannsóknir á fræðasviði lista (2013 – 14)
- Stofnun Rannsóknamiðstöðvar Listaháskólans (2013 -14)
- Starfsþróun kennara og starfsmanna stoðsviða: skilgreina áætlun

## Ráðningar

- Ráðning í nýtt starf framkvæmdastjóra (tekur gildi 01.01.13)
- Ráðning í stöðu rektors (2012 – 13, verkefni stjórnar)
- Ráðningar akademískra starfsmanna (2012 – 13), þ.m.t.:
  - Fagstjóri / lektor í fræði & framkvæmd
  - Fagstjóri / lektor í tónsmíðum
  - Fagstjóri / lektor í söng
  - Fagstjóri / lektor vöruhönnun
  - Fagstjóri / lektor fatahönnun

## Stefnur og reglur

- Heildarstefnumótun 2012 - 16 (2012 -13)
- Siðareglur (tillaga liggur fyrir)
- Málstefna: innleiðing (haust 2012)
- Manífestó: lokagerð (haust 2012)
- Reglur um ráðningu akademískra starfsmanna (endurskoðun, haust 2012)
- Starfsmannastefna (endurskoðun)
- Jafnréttisáætlun (endurskoðun)
- Leiðbeiningar um umgengni við höfundarétt (2013)
- Gæðakerfi: endurskoða og fullvinna (2012 – 13)
- Umhverfisstefna (innleiðing, 2012 – 13)

## Tengsl við samfélagið

- Stofnun samráðsvettvangs skólans, listastofnana, samtaka listamanna og listkennara, og atvinnulífs (2013 -14)
- Mótun samninga um samvinnuverkefni á grundvelli s.k. skapandi samstarfs (creative partnerships) (2013 -14)
- Efling Opna listaháskólans (2013 - 14)

## Húsnæðismál/byggingamál

- Úrlausn til næstu 5 – 10 ára: Laugarnes, Þverholt, Sölvhólsgata, og ?
- Framtíðarlausn
  - Endurskoðun þarfagreiningar
  - Endurnýjun samnings um fjármögnun húsnæðiskostnaðar
  - Uppbygging á Sölvhólsgötu
  - Tímaplan
  - Framkvæmdir

## Ýmis önnur mál:

- Dansmennt ehf / Listdansskóli Íslands: ákvörðun um rekstur og eignarhald
- Styrktarsjóður Halldórs Hansen
- Upplýsingar um sögu og þróun skólans: skráning og birting.

# DEILDIR

## Hönnunar- og arkitektúrdeild, stofnuð 2001

Í hönnunar- og arkitektúrdeild er boðið upp á nám á fjórum brautum: *arkitektúr* til BA gráðu (180 ECTS), *fatahönnun* til BA gráðu (180 ECTS), *grafísk hönnun* til BA gráðu (180 ECTS), og *vöruhönnun* til BA gráðu (180 ECTS).

## Leiklistar- og dansdeild, stofnuð 2000

Leiklistar- og dansdeild býður upp á nám á þremur brautum: leikaranám til BA gráðu (180 ECTS), samtímadans til BA gráðu (180 ECTS), og fræði & framkvæmd til BA gráðu, 180 ECTS.

## Listkennsludeild, stofnuð 2009

Í listkennsludeild er boðið upp á þverfaglegt listkennslunám til starfsréttinda á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, þ.e. meistaranám í listkennslu til MArtEd gráðu (120 ECTS), og meistaranám í listkennslu til MA gráðu (120 ECTS). Fyrir nemendur með meistarapróf í listgrein er jafnframt í boði 60 eininga diplómanám til starfsréttinda á framhaldsskólastigi.

## Myndlistardeild, stofnuð 1999

Í myndlistardeild er boðið þriggja ára nám til BA gráðu, 180 ECTS.

## Tónlistardeild, stofnuð 2001

Tónlistardeild býður upp á nám á fimm brautum: hljóðfæraleikur/söngur með diplóma á bakkalárstigi (80 ECTS), og til BMus gráðu (180 ECTS), skapandi tónlistarmiðlun til BA gráðu (180 ECTS), tónsmíðar til BA gráðu (180 ECTS), meistaranám í tónsmíðum til MA gráðu (120 ECTS), og meistaranám í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi (samevrópskt nám) til MMus gráðu (120 ECTS).

# HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

## STARFSEMI Á SKÓLAÁRINU

Stærstu verkefni starfsársins voru að flytja starfsemi deildar í nýtt húsnæði, ásamt því að undirbúa nýtt nám á meistarstigi, MA í hönnun. Hönnunar- og arkitektúrdeildin hóf starfsemi sína líkt og mörg undanfarin ár í húsnæði Listaháskólans í Skipholti 1, en námsárinu lauk í nýju húsnæði sem deildin deilir með háskólaskrifstofu í Þverholti 11.

Í mars fluttu vinnustofur nemenda og starfsaðstaða kennara alfarið í Þverholt 11. Allt starf deildar og tækifæri til náms, kennslu og rannsókna breyttust til hins betra við þessa flutninga þegar rýmra varð um alla starfsemi fyrir 171 nemendur og starfsmenn deildarinnar. Aðstaða í Skipholti var nýtt fram á sumar fyrir nokkur námskeið m.a. voru námskeið kennd í fyrirlestrarsölum og verkstæðum en samsvarandi rými voru ekki tilbúin til notkunar í Þverholti á starfsárinu. Þess má geta að húsnæðið í Skipholti 1 var 3.100 fermetrar en húsnæðið í Þverholti telur rúmlega 4.100 fermetra brúttó.

Eitt helsta sameiginlega verkefni deildarinnar var að þróa meistaranám í hönnun. Áhersla var lögð á að byggja upp nám þar sem tekist er á við fjölþætt hönnunarverkefni sem beina sjónum að aðkallandi viðfangsefnum í samtímanum. Hönnun felur ávallt í sér samvinnu og samráð og meistaranám í hönnun skapar tækifæri til víðtæks samstarfs þvert á faggreinar. Með stofnun MA náms var brotið blað í sögu hönnunarmenntunar á Íslandi. Auglýst var eftir umsóknum í meistarnám í hönnun í maí 2012.

Námið á fjórum námsbrautum í BA náminu var með nokkuð hefðbundnu sniði skólaárið 2011 – 2012, en flutningar og þróun á yfirbyggjandi námi á meistarstigi kalla á endurskoðun á kennslu og skipulagi náms allra námsbrauta og áttu sér stað miklar umræður um það. Hönnunar- og arkitektúrdeild einkennist af fjölbreyttu starfi fjögurra hönnunarnámsbrauta, en námskeið eru margbreytileg, með áherslu á greiningarvinnu, rannsóknir, hönnun ferla og/eða hönnunarmiðaðri afurð, eru ýmis eintaklingsverkefni eða teymisvinna, sértæk eða þverfagleg og hefur hönnunar- og arkitektúrdeildin fengið til liðs við sig einkaaðila og ýmsar stofnanir eða fyrirtæki til að tengjast skólastarfinu.

## NEMENDUR

Nemendur í hönnunar- og arkitektúrdeild voru samtals 171 á skólaárinu og skiptust þeir á fjórar námsbrautir, - arkitektúr, fatahönnun, grafísk hönnun og vöruhönnun.




**MYND 1 NEMENDUR**




**MYND 2 - KYNJAHLUTFÖLL**

Flestir voru við nám í grafískri hönnun eða 62
nemendur. 55 nemendur útskrifuðust á árinu, þar af 23 karlar og 32 konur. 11 nemendur

útskrifuðust af arkitektúrnámsbraut (6 kk, 5 kvk), 11 af fatahönnunarnámsbraut (allir kvk), 21 af námsbraut í grafískri hönnun (14 kk, 7 kvk) og 12 af námsbraut í vöruhönnun (3 kk, 9 kvk).

Rúmlega helmingur nemenda í deildinni eru 25 ára eða yngri, en mikill meirihluti nemenda (87%) er 30 ára og yngri. Elsti nemandinn til að útskrifast með BA gráðu varð fimmtugur á árinu.




**MYND 3 INNTÖKUHLUTFALL**




**MYND 4 ALDURSDREIFING**




**MYND 5 – AKADEMÍSK STÖÐUGILDI**




**MYND 6 - SKIPTING STARFSÞÁTTA**

Inntökuhlutfall í fyirr hönnunar- og arkitektúrdeild í heild sinni var 21.8 %, en 225 umsóknir bárust og 49 nýnemar hófu nám (vorið 2010 bárust 250 umsóknir og 53 nemendur hófu nám). Flestar umsóknir bárust um nám í grafískri hönnun, en 19 nemendum var boðin skólavist í grafískri hönnun, 14 í arkitektúr, 8 í fatahönnun og 9 í vöruhönnun. Hlutfallslega var inntökuhlutfall lægst fyrir vöruhönnun, eða 13 % með 67 umsóknir, en aðeins 9 nemendur komust að í námi. Mesta aukning af umsóknum á milli ára var í vöruhönnun.

## STARFSFÓLK

Við deildina störfuðu 16 starfsmenn. Í deildinni eru starfandi 5 fagstjórar, 4 fyrir hverja námsbraut og einn fagstjóri fræðigreina, auk fagstjórnar sinna þeir allir kennslu, stjórnun og rannsóknum. Á skólaárinu störfuðu 3 prófessorar, 3 lektorar og 9 aðjúnktar í 50% – 100% starfshlutfalli. Deildarfulltrúi og þjónustufulltrúi eru í fullu starfi, og fjórir starfsmenn verkstæða eru allir í hálfu starfi á móti myndlistardeildinni þ.e. starfsmenn trésmíðaverkstæðis, prentverkstæðis og ljósmynda- og tölvuvers. Stundakennarar og fyrirlesarar voru 155 talsins þar af voru 10 gestir sem komu erlendis frá.

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi í hönnunar- og arkitektúrdeild á árinu. Jóhannes Þórðarson, arkitekt, sem hafði gegnt starfi deildarforseta í 7 ár, eða frá hausti 2005 hætti störfum og sneri aftur til fyrri starfa á eigin arkitketastofu, Glámu Kím í lok skólaársins. Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í vöruhönnun hætti störfum við Listaháskólann. Haraldur Civelek var ráðin aðjúnkt í grafískri hönnun. Staða aðjúnkts í fræðum var auglýst á árinu og tók Bryndís

Björgvinsdóttir við því starfi við upphaf skólaárs 2012-2013. Hildigunnur Sverrisdóttir var ráðin aðjúnkt í arkitektúr í janúar 2012 og var fagstjóri í arkitektúr í afleysingum vor 2012. Sigrún Birgisdóttir var í leyfi frá fagstjórn í arkitektúr og sinnti starfi verkefnastjóra þróunar meistarnáms fyrir Listaháskólann frá janúar 2012. Staða deildarforseta var auglýst snemma árs og eftir langt ráðningarferli var Sigrún Birgisdóttir ráðin í stöðu deildarforseta hönnunar- og arkitektúrdeildar í ágúst 2012.

## Fastráðnir starfsmenn

Starfsmenn deildarinnar voru 16 á skólaárinu í 11,45 stöðugildum.

Eric Wolf, aðjúnkt, umsjónarmaður ljósmyndavers
Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun
Gulleik Lövskar, aðjúnkt, umsjónarmaður trésmíðaverkstæðis
Halldóra G. Ísleifsdóttir, lektor og fagstjóri í grafískri hönnun
Haraldur Civelek, aðjúnkt í grafískri hönnun
Hildigunnur Sverrisdóttir, aðjúnkt og fagstjóri í arkitektúr (vor 2012)
Jóhann Torfason, aðjúnkt, umsjónarmaður verkstæða
Jóhannes Þórðarson, deildarforseti
Katrín Káradóttir, aðjúnkt í fatahönnun og umsjónarmaður textílverkstæðis
Linda Björk Árnadóttir, aðjúnkt og fagstjóri í fatahönnun
Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í vöruhönnun
Sigrún Birgisdóttir, lektor og fagstjóri í arkitektúr (í leyfi frá fagstjórn vor 2012)
Sigrún Sigurðardóttir, aðjúnkt og fagstjóri fræðigreina
Steinþór Kárason, prófessor í arkitektúr
Sölvi Kristjánsson, starfsmaður á verkstæðum
Tinna Gunnarsdóttir, aðjúnkt og fagstjóri í vöruhönnun

## Stundakennarar og fyrirlesarar á námskeiðum

Stundakennarar og fyrirlesarar á námskeiðum voru alls 155 á skólaárinu sem samsvarar 6,4 stöðugildum.

Aðalheiður L. Guðmundsdóttir
Aðalsteinn Ingólfsson
Agnar Jón Egilsson
Anne Kathrine Clausen
Anton Kaldal Ágústsson
Atli Hilmarsson
Ágústa Kristófersdóttir
Ámundi Sigurðsson
Ármann Agnarsson
Ásdís Helga Ágústsdóttir
Ásmundur Hrafn Sturluson
Ásmundur Þórðarson
Bára Grímsdóttir
Birna Geirfinnsdóttir
Bjarni Reynarsson
Bjarni Þórisson
Björg Guðmundsdóttir
Björg Stefánsdóttir
Björn Guðbrandsson
Björn Marteinsson
Björn Þorsteinsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Brynhildur Pálsdóttir
Brynjar Sigurðarson
Christopher John Foster
Daníel Karl Björnsson
Deepa Radhakrishna Iyengar
Egill Sveinbjörn Egilsson
Einar Sveinbjörnsson
Eldar Ástþórsson
Elísabet V. Ingvarsdóttir
Eva Huld Friðriksdóttir
Eva María Árnadóttir
Fiona Mary Cribben
Frosti Örn Gnarr Gunnarsson
Garðar Eyjólfsson
Garðar Snæbjörnsson
Gísli Baldvin Björnsson
Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir
Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir
Gunnar Andreas Kristinsson
Gunnar Hersveinn Sigursteinsson
Gunnar Jóhannes Árnason
Gunnar Þór Vilhjálmsson
Gyða Margrét Pétursdóttir
Hafsteinn Júlíusson
Halla Helgadóttir
Halla Kristín Einarsdóttir
Halldór Eiríksson
Halldór Gíslason

Hallgerður G. Hallgrímsdóttir
Hanna Guðrún Styrmisdóttir
Hannes Högni Vilhjálmsson
Hans Olav Andersen
Haukur Ingi Jónasson
Helga Aðalheiður Jónsdóttir
Helga Bragadóttir
Hildigunnur H Gunnarsdóttir
Hildigunnur Sverrisdóttir
Hildur Björk Yeoman
Hildur Steinþórsdóttir
Hilmar Gunnarsson
Hlín Helga Guðlaugsdóttir
Hlynur Helgason
Högni Egilsson
Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir
Hörður Lárusson
Hrefna Björg Þorsteinsdóttir
Hrund Gunnsteinsdóttir
Ian Watson
Ingibjörg Björnsdóttir
Ingibjörg Sigurjónsdóttir
Ingjaldur Hannibalsson
Jette Corrine Jonkers
Jon Ivar Nordsteien
Jón Snorri Snorrason
Jón Sverrir Proppé
Jón Þór Pétursson
Jonatan Habib Engqvist
Kári Jóhann Sævarsson
Kristín Arna Sigurðardóttir
Kristín Gunnarsdóttir
Kristín Ragna Gunnarsdóttir
Kristín Þorleifsdóttir
Kristján Eggertsson
Kristján Örn Kjartansson
Kristrún Thors
Lóa Auðunsdóttir
Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir
Magnús Leifsson
Magnús Óskar Helgason
Magnús Þór Þorbergsson
Margrét Oddný Leópoldsdóttir
Margrét Sigrún Sigurðardóttir
Massimo Santanicchia
Ólafur Gíslason
Ólafur Ómarsson
Ólafur Óskar Axelsson
Ólafur Tryggvi Mathiesen
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir
Ósk Gunnlaugsdóttir
Páll Hjalti Hjaltason
Pálmi Einarsson
Pétur Hrafn Ármannsson
Pétur Thomsen
Ragnar Freyr Pálsson
Ragnar Jónsson
Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir
Ragnhildur Stefánsdóttir
Ríkharður H. Friðriksson
Rósa Hrund Kristjánsdóttir
Salvör Jónsdóttir
Sara Stef. Hildardóttir
Sari Inkeri Peltonen
Sesselja Guðmunda Magnúsdóttir
Sigríður Helga Hauksdóttir
Sigríður M. Sigurjónsdóttir
Sigríður S. Sigþórsdóttir
Sigríður Þóra Árdal
Sigurður Ármannsson
Sigurður Einar Gylfason
Sigurður Halldórsson
Sigurður Harðarson
Smári Páll McCarthy
Snæfríð Jóhanna Þorsteins
Soffía Dröfn Marteinsdóttir
Sóley Benna Stefánsdóttir
Sólveig Berg Emilsdóttir
Sólveig Ólafsdóttir
Steinar Ingi Farestveit
Steindór Guðmundsson
Steinunn Ketilsdóttir
Sæunn Huld Þórðardóttir
Torfi Frans Ólafsson
Úlfhildur Dagsdóttir
Valdimar Tryggvi Hafstein
Þórdís Rós Harðardóttir
Þórey Hannesdóttir
Þorsteinn J Vilhjálmsson
Þorvaldur Óttar Guðlaugsson
Þorvaldur Sverrisson
Þorvarður Árnason
Ævar Harðarson

## Leiðbeinendur lokaritgerða

Leiðbeinendur sem komu að leiðsögn um skrif lokaritgerða til BA prófs voru 21 talsins:

Aðalsteinn Ingólfsson
Ágústa Kristófersdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Elísabet V. Ingvarsdóttir
Gunnar Hersveinn
Halldór Eiríksson
Hildigunnur Sverrisdóttir
Hlynur Helgason
Hrund Gunnsteinsdóttir
Ian Watson
Jón Þór Pétursson
Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Kristín Þorleifsdóttir
Margrét Sigrún Sigurðardóttir:
Ólafur Tryggvi Mathiesen
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir
Pétur H. Ármannsson
Sesselja G. Magnúsdóttir
Sólveig Ólafsdóttir
Tinna Gunnarsdóttir
Úlfhildur Dagsdóttir

### GESTAKENNARAR

Í öllu starfi deildar er leitað til fjölbreytts hóps einstaklinga til að sinna kennslu í deildinni. Árlega koma gestakennarar erlendis frá sem búa yfir einstakri sérhæfingu og reynslu sem miðlað er til nemenda. Í ár komu gestakennarar frá Noregi, Tyrklandi, Ítalíu, Ungverjalandi, Bandaríkjunum, Hollandi og Englandi:

Arna Sigríður Mathiesen, arkitekt
Emel Kurhan, fatahönnuður,
Geraldo da Conceicao , fatahönnuður
Giambattista Zaccariotto, arkitekt
Lajos Major, grafískur hönnuður
Laurine Boym, vöruhönnuður
Laurie Rosenwald, grafískur hönnuður
Mareike Gast, Vöruhönnuður
Maureen Thomas, handritshöfundur/ kvikmyndagerðamaður
Sophie Germaine Jeanne Krier, vöruhönnuður

### PRÓFDÓMARAR

Öll útskriftarverkefni voru dæmd af prófdómurum sem komu erlendis frá eins og undanfarin ár. Prófdómarar fyrir útskriftarverkefni voru:

#### Arkitektúr

Dagur Eggertsson, Rintala Eggertsson Architects, Osló.

#### Fatahönnun

Cedric Rivrain, illustrator og hönnuður, Hermes, París.

#### Grafísk hönnun

Carl Anders Skoglund, sjálfstætt starfandi,ritstjórnarlegur hönnuður, Svíþjóð.
Ragnar Helgi Ólafsson sjálfstætt starfandi grafískur hönnuður, Reykjavík.

#### Vöruhönnun

Thomas Pausz, sjálfstætt starfandi vöruhönnuður, London
.

## SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

Margar sýningar og viðburðir fóru fram á skólaárinu, innan skólans sem utan.

### OPNI LISTAHÁSKÓLINN

10 fyrirlestrar voru haldnir í Opna Listaháskólanum á vegum hönnunar- og arkitektúrdeildar. Fyrirlestrar voru haldnir í hádeginu og auglýstir fyrir fagaðila jafnt sem almenning. Fyrirlestrunum er ætlað að kynna áhugaverð verkefni og viðfangsefni og að skapa vettvang til umræðu um hönnun og arkitektúr samtímans. Fyrirlestrarnir eru afar mikilvægur snertiflötur hins akademíska vettvangs og starfsvettvangs hönnuða. Fyrirlestrar eru einingabærir og voru nemendur hvattir til að sækja þá. Fyrirlestrarnir voru fjölbreyttir og vel sóttir, fluttir af innlendum sem erlendum gestum skólans..

### ÚTSKRIFTARSÝNING

Útskriftarsýning hönnunar- og arkitektúrdeildar ásamt myndlistardeild var haldin í Listasafni Reykjavíkur. Opnunin var 21. apríl og sýningu lauk tveimur vikum síðar, 29 apríl. Útskriftarsýning

Listaháskólans er fjölsóttasta sýning Listasafns Reykjavíkur, en allt að 18,000 gestir sækja sýninguna árlega. Fatahönnuðir héldu veglega útskriftarsýningu kvöldið fyrir opnun sem var sótt af fjölmörgum gestum, innlendum sem erlendum. Í góðu samstarfi við Myndlistardeild var ráðinn einn sýningarstjóri fyrir útskriftarsýningu fyrir bæði myndlistarnemendur og hönnunar- og arkitetkúrnemendur. Sýningarstjórnun var í höndum Daníels Karls Björnssonar með aðstoð Ingibjargar Sigurjónsdóttur. Í tengslum við sýninguna var gefinn út sýningarskrá þeirra nemenda sem áttu verk á sýningunni eins og öll undangengin ár Ármann Agnarsson grafískur hönnuður annaðist allt útlit sýningarskrárinnar með prýði. Björg Stefánsdóttir þjónustufulltrúi gengdi starfi framkvæmdastjóra sýningarinnar og leysti þá vinnu af hendi með stakri prýði, eins og undangengin þrjú ár.

## Tískusýning 2. árs fatahönnunarnema

Annars árs nemendur í fatahönnun héldu tískusýningu í Brim –húsinu fyrsta dag Reykjavik Fashion Festival sem var vel sótt.

## (I)ndependent people

Arkitektúrbraut LHÍ tók þátt í tveimur verkefnum á sýningunni "Sjálfstætt fólk" eða (I)ndependent People á Listahátíð í Reykjavík 2012. Annars vegar með gjörningum og borgarinnsetningum á hafnarsvæðinu og hins vegar innsetningu að prjónaðri íbúð, Knitting House, sem staðsett var í Hafnarhúsinu.

## Skýli í Öskjuhlíðinni

Arkitektúrnemendur á fyrsta ári unnu að hönnun og smíði innsetninga og skýla í Öskjuhlíðinni undir handleiðslu Björns Guðbrandssonar arkitekts og Hildigunnar Sverrisdóttur og voru verkin til sýningar á vettvangi í maí. Verkefnið byggir á reynslu af samstarfi nemenda í byggingartæknifræði við HR og arkitektanemenda við LHÍ.

## Fyrirlestraröð

Mánaðarlegir fyrirlestrar voru fluttir á Listasafni Reykavíkur en hönnunar- og arkitektúrdeild stóð fyrir fyrirlestrunum í samstarfi við Hönnunarmiðstöð og Listasafn Reykjavíkur.

## Hönnunarmars

Nemendur og kennarar tóku þátt í að skipuleggja Hönnunarmars, ásamt því að taka þátt í fjölda viðburða með fyrirlestrum, umræðum og sýningum á verkum. Hönnunarmars er helsti viðburður sýninga og birtingar hönnunar í samfélaginu í dag og mikilvægur vettvangur til kynningar á faginu.

## Námsferð

Að þessu sinni var námsferð farin innanlands þar sem ekki reyndist næg þátttaka til að fara erlendis. Allir nemendur deildarinnar á þriðja ári fóru í viku langa námsferð til Hafnar í Hornafirði í september 2011 til að vinna að verkefni um þróun staðbundinna matvæla. Leiðbeinendur í ferðinni voru Halldór Gíslason prófessor í strategískri hönnun við KHiO skólann í Osló, Daníel Karl Björnsson myndlistarmaður og Katrín Káradóttir aðjúnkt í fatahönnun. Nemendur fengu frábærar móttökur í Hornafirðiog og nutu veglegs stuðnings Skinney Þinganess hf sem lagði til hráefni til matargerðar fyrir allan hópinn á meðan á dvölinni stóð. Óhætt er að segja að ferðin hafi tekist vel.

## SAMSTARF

Hönnun felur ávalt í sér samráð og samvinnu. Stór hluti náms við hönnunar- og arkitektúrdeild felur í sér að þróa og efla samtal og samstarf við fjölbreyttan hóp fagaðila og leikmanna. Námsbrautarskipulag er byggt upp á samstarfi fjögurra líkra og ólíkra faggreina, og frá fyrsta námskeiði á fyrsta ári er nemendum teflt saman í námskeiðum. Tæplega helmingur allra fræðanámskeiða (samtals eru 54 einingar í fræðinámi) eru sameiginleg öllum námsbrautum. Nokkur vinnustofunámskeið eru sameiginleg s.s. Markaður og Form og Samtal (sem er sameiginlegt námskeið fjögurra deilda LHÍ).

Kennarar, nemendur og starfsmenn deildar hafa fengið til liðs við sig einkaaðila, samtök, stofnanir og fyrirtæki fyrir námskeiðsþóun og jafnframt fyrir sjálfstæðari rannsóknar- og þróunarverkefni. Samstarfslíkön eru margvísleg og í sífelldri þróun og mótun, geta verið einstaklingsbundin, eða byggð á teymisvinnu, sértæk fyrir faggrein, eða fjölþættar og þverfagleg allt eftir eðli og þróun verkefna.

## VERKEFNI OG SAMSTARF UM NÁMSKEIÐ

Nokkur helstu samstarfsverkefni hönnunar- og arkitektúrdeildarinnar eru:

### SAMTAL

Námskeiðið Samtal, sameiginlegt námskeið fyrir alla 2. árs nemendur allra deilda við Listaháskólann, var endurtekið í janúar s.l. Nemendur unnu hópverkefni undir leiðsögn starfandi listamanna. Námskeiðið hefur að markmið að efla enn frekar samstarf deildanna og tengja nemendur allra deilda innan skólans betur saman . Umsjón námskeiðs var í höndum Halldórs Gíslasonar arkitekts og prófessors við hönnunardeild KHiO listaháskólans í Osló.

### MARKAÐUR OG FORM

Deildin hélt eins og undanfarin ár markaðsnámskeið undir vinnuheitinu Markaður og Form. Allir nemendur á öðru ári vinna að hugmyndavinnu, hönnun og markaðsetningu nýrrar vöru. Fjárfestar úr atvinnulífinu eru fengnir til samtals og til að veita faglega innsýn í viðfangsefnin. Margrét Sigrún Sigurðardóttir lektor við Viðskiptadeild HÍ var tengiliður HÍ vegna verkefnisins, en jafnframt komu nokkrir akademískir kennarar frá HÍ að leiðsögn og fyrirlestrahaldi. Samstarfsaðili/ar: Háskóli Íslands, Viðskiptadeild.

### UPPLIFUNARHÖNNUN

Nemendur í vöruhönnun unnu tillögur fyrir húsnæði Kvennadeildar Landspítalans í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á húsnæði deildarinnar. Verkefnin verða þróuð áfram. Samstarfsaðili/ar: Landspítalinn, Kvennadeild.

### VISTVÆN NÝSKÖPUN MATVÆLA FRÁ HUGMYND AÐ MARKAÐI

Þverfagleg verkefni þar um þróun nýrra vöruhugmynda í samstarfi við atvinnulífið, rannsóknargeirann og nemendur frá öðrum sérsviðum og skólum.

Samstarfsaðili/ar: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskólinn, Matís og Nýsköpunarmiðstöðin.

### SCIBE

Viðfangsefnið er að rannsaka hörgul og sköpun í hinu byggða umhverfi. Hálfbyggðar jaðarbyggðir höfuðborgarsvæðis eru rannsakaðar og framtíðarsýn telft fram í takti við skapandi lausnir um

aukna kröfu um sjálfbæra uppbyggingu í sátt við náttúru og samfélag. Verkefnið er hluti af rannsóknarverkefni, SCIBE, www.scibe.eu og styrkt af HERA evrópskri rannsóknaráætlun.

Samstarfsaðili/ar: April Arkitekter, SCIBE.

### SNERTIFLETIR

Hinir ýmsu snertifletir hönnunar skoðaðir í þeim tilgangi að sjá möguleika hönnunarstarfsins á nýjum, síbreytilegum og oft óhefðbundnum vettvangi. Fjallað er um áhrif tækni á starf hönnuða, tilraunamennsku, möguleika í framleiðslu og samstarf við fagaðila úr tæknigreinum.

Samstarfsaðili/aðilar frá: Háskólanum Reykjavík, CCP, Stafrænu Frelsi.

## RANNSÓKNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI

### STEFNUMÓT HÖNNUÐA OG BÆNDA

Stefnumót hönnuða og bænda er nýsköpunarverkefni Listaháskóla Íslands með það að markmiði að þróa matarafurðir í hæsta gæðaflokki þar sem hönnun og rekjanleiki eru höfð að leiðarljósi. Nýnæmi verkefnisins felst í því að tefla saman einni elstu starfsstétt landsins, bændum, og einni yngstu starfstétt landsins, vöruhönnuðum.

Rannsóknarverkefnið er byggt á námskeiðum fyrir vöruhönnunarnemendur sem unnu að þróun matvöru í samstarfi við bændur. Í rannsóknarhluta verkefnisins var ein vara úr hverju námskeiði valin til að fullvinna og þróa fyrir markað. Rannsóknarverkefnið; að fullvinna vöruna var þriggja mánaða ferli sem endurtekið var þrisvar sinnum á tímabilinu 2008–2011. Rannsóknarverkefnið byggðist á þverfaglegri samvinnu nemenda, hönnuða, leiðbeinenda og sérfræðingar og ráðgjafa í matvælaframleiðslu. 30 manns hafa tekið þátt í rannsóknarverkefninu og 57 nemendur hafa tekið þátt í námskeiðunum. Afurðir sem hægt að nálgast á markaðnum eru; rabbarbarakaramella, skyrkonfekt, rúbrauðsrúlluterta og sláturterta. Sigríður Sigurjónsdóttir leiddi verkefnið, Guðfinna Mjöll Pétursdóttir og Brynhildur Pálsdóttir voru hönnunarstjórar. Kostnaður við verkefnið voru tæp 31.000.000 kr. Verkefninu lauk með opnun vefsíðu með upplýsingum um verkefnið, sjá www.designersandfarmers.com, og sýningar í Spark gallerii.

Samstarfsaðili/ar: Matís og fjölmargir sérfræðingar og ráðgjafar í matvælaframleiðslu, styrkt af Tækniþróunarsjóði og Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

### NORDIC VIRTUAL WORLDS

Námsbraut í fatahönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ er þáttakandi í Norrænu rannsóknarverkefni með það að markmiði að rannsaka hvernig lítil og meðalstór fyrirtæki geta nýtt sér sýndarveruleika í starfsemi sinni.

Samstarfsaðili/ar: Stockholm School of Economics og er styrkt af NICE (Nordic Innovation Fund).

### REYKJAVÍKURGÖTUR

Reykjavíkurgötur er samstarfsverkefni um greiningu og rannsókn almenningsrýma og götu-umhverfis í Reykjavík unnin í námskeiði fyrir fyrsta árs nemendur í arkitektúr.

Samstarfsaðili/ar: Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur.

## Mæna

Mæna er ársrit um grafíska hönnun á Íslandi sem námsbraut í grafískri hönnun, hönnunar-og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands gefur út. Mæna er samstarfsverkefni nemenda og kennara og fjölmargra þeirra sem taka þátt í birtingu rannsókna.

Samstarfsaðili/ar: Prenstmiðjan Oddi, Fít

## Dos

Samstarfsverkefni sem felst í að þróa námsefni í tengslum við sjábæran arkitektúr og skipulag. Verkefnið, sem ber heitið DOS (Dawn of Sustainabiltiy in Architecture and Planning) er einnig ætlað sem endurmenntun fyrir nemendur í byggingartengdum iðngreinum en einnig endurmenntun hönnuða og fólks í byggingargeiranum. Verkefnisstjóri er Kristín Þorleifsdóttir, og Halldór Eiríksson arkitekt og stundakennari er tilnefndur af Listaháskólanum í stýrihóp. Verkefnið er hýst í Listaháskóla Íslands.

Samstarfsaðili/ar: Iðan fræðslusetur, Tækniskólinn, danska aritektafélagið, rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins í Danmörku (SBI) og breskt umhverfsigæðastýringarfyrirtæki Genex.

## RANNSÓKNAVERKEFNI NEMENDA STYRKT AF NÝSKÖPUNARSJÓÐI NÁMSMANNA

Alls hlutu 22 nemendur úr hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskólans styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að vinna að verkefnum sínum sumarið 2011. Gífurleg aðsókn var í sjóðinn.

Árlega velur stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna um 20 verkefni sem unnin eru á árinu sem úrvalsverkefni. Af þeim eru svo 5-6 verkefni valin sem öndvegisverkefni og hljóta þau tilnefningu til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Tvö verkefni úr hönnunar- og arkitektúrdeild voru tilnefnd til Nýsköpunarverðlauna Forseta íslands, en það voru verkefnin Eyðibýli á Íslandi og verkefnið Greining prentgripa fyrir safneignir – bókarkápur, plötuumslög og veggspjöld.

## Rannsóknaverkefni 2011

### Borgarstiklur

Nemendur: Alba Solís, Arnar Freyr Guðmundsson, Auður Hreiðarsdóttir, Gunnhildur Melsteð, Helga Hrönn Þorsteinsdóttir og Herborg Árnadóttir.

Leiðbeinendur: Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárason.

### Eyðibýli á Íslandi. Menningarlegt vægi, varðveisla og nýting.

Nemendur: Birkir Ingibjartsson, Yngvi Karl Sigurjónsson, Arnþór Tryggvason og Steinunn Eik Egilsdóttir.

Leiðbeinendur: Gísli Sverrir Árnason sagnfræðingur og ráðgjafi hjá R3 ráðgjöf ehf og Sigbjörn Kjartansson arkitekt hjá Glámu Kími arkitektum.

### Lífvirk fjölfenól úr bóluþangi í húðvörur og hönnun

Nemendur: Aline Grippi og Ásta María Einarsdóttir.

Leiðbeinendur: Dóra Ísleifsdóttir, Hörður G. Kristinsson og Rósa Jónsdóttir.

### Greining prentgripa fyrir safneignir – bókarkápur, plötuumslög og veggspjöld

Nemandi: Arna Rún Gústafsdóttir (tekur við af verkefninu af Bergþóru Jónsdóttur).

Leiðbeinendur: Harpa Þórsdóttir og Guðmundur Oddur Magnússon.

### Sauðskinnsskór í nútímabúning

Nemandi: Gígja Ísis Guðjónsdóttir.

Leiðbeinandi: Linda Björg Árnadóttir.

### Þróun og útfærsla framleiðslu á stólnum „ÞAÐ".

Nemandi: Gísli Hilmarsson.

Leiðbeinandi: (vantar upplýsingar)

### Hafnarfjörður - fyrirmyndabær?

Nemendur: Heiðdís Helgadóttir, Gísli Arnarson og Kristinn Þór Garðarson.

Leiðbeinendur: Ólafur Mathiesen, Hildigunnur Sverrisdóttir, Sigrún Birgisdóttir.

### Flæði

Nemendur: Hlynur Axelsson og Jón Valur Jónsson.

Leiðbeinendur: Jóhannes Þórðarson, Birkir Þór Guðmundsson, Friðrik Rafn Larsen og Sveinbjörn Jónsson.

### Flakkari

Nemendur: Inga Dóra Jóhannsdóttir og Sigríður Þóra Árdal

Leiðbeinandi: Sigríður Sigurjónsdóttir og Mareike Gast.

### Flothetta

Nemandi: Unnur Valdís Kristjánsdóttir.

Leiðbeinendur: Tinna Gunnarsdóttir og Örn D. Jónsson.

Vorið 2012 bárust 388 umsóknir í sjóð Nýsköpunarsjóð Námsmanna og voru 101 verkefni styrkt. 4 verkefni frá hönnunar- og arkitektúrdeild hlutu styrk frá sjóðnum.

## Rannsóknaverkefni sumar / haust 2012

### Eyðibýli á Íslandi: Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Austur-Skaftafellssýslu, Vestur- Skaptafellssýslu og Rangárvallasýslu.

Nemendur: Birkir Ingibjartsson, Yngvi Karl Sigurjónsson, Arnþór Tryggvason og Steinunn Eik Egilsdóttir.

Leiðbeinandi: Gísli Sverrir Árnason sagnfræðingur og ráðgjafi hjá R3 ráðgjöf ehf og Sigbjörn Kjartansson arkitekt hjá Glámu Kími arkitektum.

### Íslenskuþorpið. Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku.

Nemendur: Margrét Guðmundsdóttir og Viktoriia Buzukina.

Leiðbeinendur: Guðrún Theodórsdóttir og Dóra Ísleifsdóttir.

**Náttúruleg leðursútun með jurtum úr íslenskri náttúru.**
Nemandi: Elísabet Karlsdóttir

Leiðbeinandi: Linda Björg Árnadóttir.

**Endurnýting textíls og endursköpun efna með umhverfisvænum hætti.**
Nemandi: Tanja Huld Leví Guðmundsdóttir

Leiðbeinendur: Linda Björg Árnadóttir og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir

## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

### EAAE

LHÍ er aðili að samstarfsneti Evrópskra arkitektaskóla, European Association of Architectural Education (EAAE). Deildarforseti sótti ársfund samtakanna sem var haldinn í september 2011 í Hania á Krít í Grikklandi og stóð yfir í 3 daga, 3. til 6. september 2011. Yfirskrift fundarins var "Doing more with less: Architectural Education in challenging times" og sóttu fulltrúar rúmlega 100 skóla fundinn frá flest öllum löndum Evrópu, ásamt fulltrúa samtaka bandarískra arkitektaskóla. Deildarforseti var með framsögu á fundinum á síðasta degi og tók þátt í pallborði þar sem yfirskriftin var " Doing more with less teaching". Fjörugar umræður voru um fjárhag námsbrauta í Evrópu og ljóst að kreppan er djúp.

### NORDARK – NORDISK ARKITEKTURAKADEMI

Nordark er net 16 arkitektaháskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum. Deildarforseti sótti fund samtakanna sem haldinn var 19. – 21. október 2011 í Lundi í Svíþjóð. Helsta umræðuefnið var þróun sameiginlegs norræns vottunarferlis á námsbrautum í arkitektúr. Deildarforseti hefur tekið virkan þátt í uppbyggingu og undirbúningi ferlisins sem er langt komið. Annar fundur var haldinn í Þrándheimi í Noregi 28 og 29. mars 2012 en ekki var hægt að sækja fundinn sökum fjárskorts. Rétt er að árétta að NordArk netið hefur reynst sterkur stuðningsaðili við uppbyggingu námsbrautar í arkitektúr á háskólastigi á Íslandi og hafa samtökin fylgst vel með þróun námsbrautarinnar ásamt því að hafa hvatt til þess að sett verði upp námsbraut á meistarastigi við LHÍ í arkitektúr, m.a. með bréfi til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

### CIRRUS – SAMTÖK HÖNNUNARHÁSKÓLA Á NORÐURLÖNDUNUM OG EYSTRASALTSLÖNDUNUM.

Deildarforseti sótti fund samtakanna í Osló 12. – 14. október ásamt alþjóðafulltrúa LHÍ þar sem rætt var starf samstarfsnetsins, námskeiðahald, nemenda- og kennaraskipti ásamt því að fjalla um kennslu í hönnun á breiðum grunni. Við sama tækifæri voru ný húsakynni KHiO listaháskólans í Osló skoðuð, en þau eru hin glæsilegustu og öll aðstaða nemenda og kennara til fyrirmyndar.

Árlegur fundur kennara á MA stigi var haldinn í Kaupmannahöfn 16. og 17. febrúar 2012. LHÍ átti ekki fulltrúa á þeim fundi.

LHÍ bauð öllum hönnunarháskólum innan Cirrus netsins að sækja um þátttöku nemenda í Samtalinu – námskeiðinu sem haldið er þvert á deildir innan LHÍ og skemmst frá því að segja að fjöldi nemenda sem sótti um að fá að vera með var langt umfram þann sem hægt var að bjóða. Alls mættu 2 nemendur í Samtalið í janúar 2012. Þetta samstarf þótti takast afar vel og verður vonandi framhald á því.

LHÍ sótti í samstarfi við HDK hönnunarháskólann í Gautaborg og KHiO í Osló um að halda tvö vinnustofunámskeið á Íslandi. Sótt var um styrk til NordPlus netsins og fékkst styrkur til að halda námskeiðin á tímabilinu 1. – 9. Júní.

Námskeiðin voru:

### Local holistic sustainability in the progress of global reality?

Júní 2012. 10 daga námskeið á Höfn í Hornafirði, 2 einingar

### Reach!

Júní 2012. 5 daga námskeið í Reykjavík, 1 eining

Alls komu nemendur frá 8 löndum og 7 skólum til að taka þátt í námskeiðunum. Halldór Gíslason prófessor við KHiO skólann í Osló stýrði báðum námskeiðunum, en Jóhannes Þórðarson deildarforseti við LHÍ og Lotta Kvist stjórnandi meistaranáms við HDK hönnunarháskólann voru leiðbeinendur. Á fyrra námskeiðinu voru tveir nemendur frá LHÍ, nýútskrifaðir en allir aðrir nemendur voru á MA-stigi. Niðurstöðurnar er hægt að sjá á vefslóðinni : http://cirrusnetwork.net/archives/628

### Cumulus

LHÍ er meðlimur og þáttakandi í alheimsnetinu Cumulus - samstarfsneti yfir 190 hönnunarháskóla um allan heim. Guðmundur Oddur Magnússon prófessor í grafískri hönnun sótti ársfund og ráðstefnu samtakanna í Helsinki dagana 24.-26 maí s.l. en fundarstaðurinn var valinn vegna þess að Helsinki er World Design Capital of the World árið 2012. Yfirskrift fundarins var “The Northern World Mandate”. Gestgjafinn var Aalto Háskólinn – Hönnunar- og arkitektúrdeildin og sóttu fundinn rúmlega 500 fulltrúar allsstaðar að úr heiminu. M.a. voru á fundinum fulltrúar BEDA Bureau of European Design Associations, ICOGRADA, EIDD Design for All Europe o.s.frv..

### Annað

Fráfarandi deildarforseti hefur frá því vorið 2011 setið í stefnumótunarráði Konunglega Arkitektaháskólans í Stokkhólmi (KTH) og sótti þrjá fundi í ráðinu veturinn 2011 - 2012. Ráðið er samsett af 16 aðilum – kennurum, stjórnendum, nemendum á öllum námsstigum, starfandi arkitektum og einum erlendum arkitekt. Starfið er afar mikilvægt enda eru þar rædd þróun arkitektamenntunar eins stærsta arkitektaháskóla á Norðurlöndunum, skóla með mikla sögu og arf. Vinnan er áhugaverð fyrir LHÍ einkum m.t.t. fyrirhugaðrar uppbyggingar á Meistaranámi í arkitektúr, en KTH skólinn er með 11 vinnustofur á meistarastigi. Allur ferða- og uppihaldskostnaður vegna setu í ráðinu er greiddur af KTH skólanum í Stokkhólmi.

## SKIPTINÁM

### Nemendur fara utan

Átta nemendur fóru í skiptinám að hausti: 1 nemandi í arkitektúr, 4 nemendur í fatahönnun, 2 nemendur í grafískri hönnun og 1 í vöruhönnun.

Fjórir nemendur fóru í skiptinám að vori: 2 nemendur í grafískri hönnun, 1 nemandi í fatahönnun og 1 nemendi í vöruhönnun.

Nemendur fóru í skiptinám til Þýskalands, Austurríkis, Frakklands, Tékklands , Bandaríkjanna, Slóveníu, Svíþjóðar og Sviss.

Einn nemandi í fatahönnun fór í starfsnám til Vivenne Westwood í London með styrk frá Erasmus.

Tveir nemendur, einn í fatahönnun og einn í vöruhönnun, voru Leonardo styrkþegar og fóru í starfsþjálfun til Sviss og London.

Tveir nemendahópar fóru utan sem hluta af námskeiðum við hönnunar- og arkitetkúrdeildina, einn hópur frá öðru árinu í arkitektúr fór til Osló og annar hópur frá fyrsta ári í fatahönnun fór til Parísar.

#### Osló, vinnusmiðja

Allir 2.árs nemendur í arkitektúr voru boðnir til Oslóar á vegum Dags Eggertssonar arkitekts til að taka þátt í vinnusmiðju með nemendum frá hinum Norðurlöndunum til að byggja innsetningar og aðstöðu fyrir ARKITEKTURFESTIVALEN, hátíð norsku arkitektasamtakanna. Verkefnið var styrkt af Norræna menningarsjóðnum sem greiddi fyrir ferð og dvöl nemenda í Osló.

#### Parísarferð

Árlega fara allir 1. árs nemendur í fatahönnun í 5 vikur erlendis sem hluta af námskeiðinu Parísarferð og fá starfskynningu og starfsþjálfun í helstu tískuhúsum Parísar við að undirbúa tískuvikuna. Nemendur skrifa undir samning við viðkomandi tískuhús og Listaháskólann. Helstu tískuhúsin sem nemendur fara í starfsþjálfun til eru: Martine Sitbon, Chloé, Girault Totem, Sharon Wauchob, Rue du Mail, Gaspard Yurkewich, Givenchy, Sonia Rykiel, Yaz Bukey.

### NEMENDUR KOMA AÐ UTAN

Átta nemendur komu í skiptinám á skólaárinu í gegnum Erasmus og Nordplus samstarfsnet.

## STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Þau langtíma markmið hönnunar- og arkitektúrdeildar um að stofna til meistaranáms og að koma starfsemi deildar í viðunandi umhverfi var náð á starfsárinu.

Með stofnun meistarnáms í hönnun er brotið blað í sögu hönnunarmenntunar á Íslandi. Átta nemendur innrituðust í meistaranám haust 2012. Með stofnun meistaranáms er enn frekar fylgt eftir þeim markmiðum deildar að efla gagnrýnið faglegt umhverfi hönnunar á Íslandi ásamt því styðja við fjölþætt innlent og erlend samstarf við háskóla og aðrar stofnanir. Með meistarnáminu er skapað umhverfi til að dýpka þekkingu á fagsviðinu og jafnframt er stuðlað að því að takast á við fjölþætt hönnunarverkefni í lifandi samstarfi við stofnanir og fyrirtæki í samfélaginu.

Mikilvægt er að hlúa að bættu rannsóknarumhverfi við deildina og að styrkja rannóknir og þróun meðal starfsmanna og nemenda. Markmið á starfsárinu 2012-2013 er að efla rannsóknarvettvang deildarinnar með þróun rannsóknarstofa í myndmálsrýni, leturrýni og rýmisrýni. Þessar rannsóknarstofur hafa að markmiði að tengja rannsóknarverkefni kennara við kennslu og styðja þannig við menntun nemenda. Markmiðið er að fyrirhuguð Rannsóknarmiðstöð Listhaháskólans skapi umgjörð og stuðning fyrir rannsóknarverkefni í rannsóknarstofum. Eitt brýnasta verkefni deildarinnar er að halda til haga, svo aðgengilegt sé fyrir starfsmenn og nemendur, þeim fjölmörgu verkefnum sem verða til í rannsóknar- og samstarfsverkefnum, nemenda og starfsmanna. Nauðsynlegt er að að byggja upp þennan gagna- og miðlunarbanka og má gera það með ýmis konar miðlun, útgáfu eða vefsíðugerð sem ætti að tengjast vefsíðu Listaháskóla Íslands.

Með eflingu rannsóknartengds náms á meistarastigi og aukinni rannsóknarvirkni kennara og nemenda þarf sérstaklega að hlúa að því hvernig aukin þekking og reynsla tengist kennslu og þróun námsbrauta á BA stigi.

Stofnun meistarnáms kallar óhjákvæmilega á endurskoðun uppbyggingar námsbrauta á BA stigi. Skerpa þarf á áherslum námsbrauta og jafnframt endurskoða allt skipulag. Úttekt og sjálfsmat deildar fer fram á vormánuðum 2013 og mun það ferli styðja við allt samtal innan deildar og stuðla að þessari tímamótaendurskoðun og símati á starfsemi deildar.

100 nemendur hafa útskrifast með BA gráðu í arkitektúr frá stofnun námsbrautar árið 2002. Skilyrði fyrir því að öðlast löggildingu sem arkitekt, (sem er undanfari að því að geta tekið próf sem veitir réttindi til að fá samþykkta uppdrætti að mannvirkjahönnun), er að hafa lokið meistaranámi í arkitektúr. Starfsárið 2009 -2010 var mikil vinna lögð í að skrifa tillögu að meistaranámi í arkitketúr. Mikilvægt er að koma á meistaranámi svo að fullnaðarnám í arkitektúr sé í boði á Íslandi. Nám í arkitektúr við Listaháskóla Íslands nýtur þeirrar virðingar að nemendur hafa komist að í meistaranámi í arkitektúr í öllum helstu arkitektaskólum í þeim löndum sem skólinn ber sig saman við, en á sama tíma er fjöldi útskrifaðra nemenda sem eru ekki í aðstæðum til að fara erlendis í nám og ljúka því ekki fullnaðarnámi í arkitektúr. Samlegðaráhrif með meistaranámi í hönnun myndi bjóða upp á einstaka námsmöguleika í bæði hönnun og arkitektúr.

# LEIKLISTAR- OG DANSDEILD

## STARFSEMI Á SKÓLAÁRINU

Við deildina var kennt á þremur námsbrautum til bakkalárgráðu. Brautirnar eru dansbraut, fræði & framkvæmd og leikarabraut. Fjórða námsár leikaranema var starfrækt í Nemendaleikhúsi Listaháskólans í síðasta sinn en nýstofnuð leikarabraut mun í framtíðinni útskrifa leikara eftir 3ja ára bakkalárnám.

## NEMENDUR

42 nemendur stunduðu nám við deildina á skólaárinu. Venjan er að taka inn nemendur annað hvort ár við deildina. Ekki voru teknir inn nýjir nemendur á skólaárinu og voru því aðeins nemendur á öðru námsári allra brauta auk fjórða árs nema leikaranáms við nám í deildinni á skólaárinu.




**MYND 7 - NEMENDUR**

Á öðru ári leikarabrautar voru 11 nemendur, 6 konur og 5 karlar. Á fjórða ári leikarabrautar voru 10 nemendur 5 konur og 5 fimm karlar. Tíu nemendur stunduðu nám í samtímadansi, allt konur og ellefu nemenndur stunduðu nám í fræðum & framkvæmd, 7 karlar og 4 konur.

Aldursdreifing nemenda er frá 19 - 35 ára en nemendur í fræðum & framkvæmd eru heldur eldri en samnemendur á öðrum brautum deildarinnar.




**MYND 8 - KYNJAHLUTFÖLL**




**MYND 9 - ALDURSDREIFING**

## STARFSFÓLK

Við deildina störfuðu 10 manns á skólaárinu. Auk deildarforseta voru það einn prófessor og tveir lektorar, sem jafnframt fara með fagstjórn yfir námsbrautum deildarinnar, aðjúnktar voru fjórir og einn tæknistjóri. Stundakennarar voru 53, þar af voru 6 gestir sem komu erlendis frá.

Nokkrar breytingar voru á starfsmannahaldi deildarinnar. Una Þorleifsdóttir, aðjúnkt í leiklist ,var í fæðingarorlofi fram að áramótum en hóf störf að nýju í janúar. Ólöf Ingólfsdóttir, aðjúnkt í líkamsþjálfun, og Tony Vezich, aðjúnkt í samtímadansi, voru í launalausu leyfi allt skólaárið og




**MYND 10 – AKADEMÍSK STÖÐUGILDI**




**MYND 11 – SKIPTING STARFSÞÁTTA**

Karen María Jónsdóttir, aðjúnkt í samtímadansi og fagstjóri dansbrautar, hætti störfum í ágúst 2011. Steinunn Ketilsdóttir var ráðin í hlutastarf sem aðjúnkt við dansbrautina í janúar. Deildarforsetaskipti urðu á milli skólaára en Steinunn Knútsdóttir tók formlega við stjórn deildarinnar af Ragnheiði Skúladóttur í ágúst 2011.

Esther Judith Steinsson, deildarfulltrúi hætti störfum í ágúst 2012 þegar störf deildarfulltrúa við Sölvhólsgötu voru sameinuð. Deildarfulltrúar eru starfsmenn háskólaskrifstofu.

Á skólaárinu var stofnuð akademísk staða í samtímadansi og eftir hæfnismat og ráðningarferli var skipað í stöðuna 2011. Marija Scekic, dansari og danshöfundur frá Króatíu var ráðin sem lektor í samtímadansi en lét af störfum í lok árs 2011. Í janúar 2012 var Sveinbjörg Þórhallsdóttir ráðin fagstjóri dansbrautarinnar og skipuð í stöðu lektors.

## FASTRÁÐNIR STARFSMENN

Starfsmenn deildarinnar voru 10 á skólaárinu í 7,6 stöðugildum:

Egill Ingibergsson, tæknistjóri
Magnús Þór Þorbergsson, lektor og fagstjóri í fræðum & framkvæmd
Marija Scecik, lektor í samtímadansi
Marta Hrafnsdótir, aðjúnkt í söng
Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, aðjúnkt í rödd
Stefán Jónsson, prófessor og fagstjóri leikarabrautar
Steinunn Ketilsdóttir, aðjúnkt í samtímadansi
Steinunn Knútsdóttir, deildarforseti
Sveinbjörg Þórhallsdóttir, lektor og fagstjóri dansbrautar
Una þorleifsdóttir, aðjúnkt í leiklist

## STUNDAKENNARAR OG GESTIR Á NÁMSKEIÐUM

Stundakennar og gestir voru alls 53 á skólaárinu í 2,1 stöðugildi.

Andreas Camilo Ramon Rubiano
Arnoddur Magnús Danks
Auður Daníelsdóttir
Ágústa Skúladóttir
Áki Ásgeirsson
Árni Ólafur Ásgeirsson
Bjarni Jónsson
Björn Hlynur Haraldsson
Brian Douglas Gerke
Eiríkur Smári Sigurðarson

Eva Björk Kaaber
Eva Rún Snorradóttir
Eva Rún Þorgeirsdóttir
Gréta María Bergsdóttir
Hálfdán Theódórsson
Helena Jónsdóttir
Hildigunnur Sverrisdóttir
Hlynur Páll Pálsson
Huginn Þór Arason
Inga Maren Rúnarsdóttir

Ingibjörg Björnsdóttir
Jóhannes Níels Sigurðsson
Jón Atli Jónasson
Jón Páll Eyjólfsson
Jórunn Th. Sigurðardóttir
Katla Þórarinsdóttir
Kjartan Ólafsson
Kolbrún Halldórsdóttir
Laufey Sigrún Haraldsdóttir
Lára Stefánsdóttir
Lucia Marie Martin
Magnús Geir Þórðarson
Margrét Bjarnadóttir
Melkorka Sigríður Magnúsdóttir
Nína Dögg Filippusdóttir
Ólöf Ingólfsdóttir
Ragnheiður Skúladóttir
Saga Sigurðardóttir
Sesselja Guðmunda Magnúsdóttir
Sólveig Arnarsdóttir
Stefanía Thors
Tony Vezich
Unnur Elísabet Gunnarsdóttir
Valgerður Rúnarsdóttir
Víkingur Kristjánsson
Þórður Steingrímsson
Þórhildur Örvarsdóttir

### ERLENDIR GESTAKENNARAR OG FYRIRLESARAR

Claudio De Maglio
Eva Grainger
Gerd Zoe Christiansen
Klaus Kruse
Markku Uimonon
Robert Oliva

## SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

Nemendaleikhús Listaháskólans var starfrækt á árinu og stóð fyrir þremur leiksýningum undir stjórn atvinnuleikstjóra. Löng hefð er fyrir rekstri nemendaleikhúss í leikararmenntun á Íslandi en leikhúsið hefur verið starfsþjálfunarvettvangur fyrir nema á fjórða ári leikaranáms. Sýningarnar eru unnar eins og atvinnusýningar og leikhúsið rekið eins og atvinnuleikhús með miðasölu, framleiðslu kynningarefnis og aðkomu atvinnufólks við öll svið framleiðslunnar.

### Á BOTNINUM, EFTIR MAXÍM GORKÍ

Í leikgerð Megasar og leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar, var fyrsta verk Nemendaleikhússins.

Tónlist og hljóðmynd var í höndum Björns Halldórs Helgasonar, leikmyndar- og búningahönnuður var Eva Signý Berger, og lýsingu og tæknistjórn annaðist Egill Ingibergsson.

### JARÐSKJÁLFTAR Í LONDON, EFTIR MIKE BARTLETT

Í þýðingu Heiðars Sumarliðasonar og í leikstjórn Halldórs E. Laxness, var annað verk nemendaleikhússins. Leikmynd og búningar voru hönnun Tinnu Ottesen og myndbönd voru unnin af Brynju Björnsdóttur. Hljóðmynd var í höndum Georgs Kára Hilmarssonar, lýsingu annaðist Jóhann Friðrik Ágústsson og danshöfundur var Brogan Davison.

### ÓRALAND

Í listrænni stjórn Jóns Atla Jónassonar og Unu Þorleifsdóttur var lokaverkefni Nemendaleikhússins. Egill Ingibergsson sá um útlit sýningarinnar.

## SAMSTARF

Leiklistar- og dansdeild á frjósamt samstarf við innlendar sviðslistastofnanir og sviðslistahátíðir. Samstarfið er með ýmsum hætti s.s. kynningar á starfi skólans, kynning á starfsemi stofnana innan skólans, sýningarhald, lán á aðstöðu og þátttaka nemenda í verkefnum ,svo eitthvað sé

nefnt. Þar sem starf deildarinnar er ólíkt á milli ára, en inntaka fer fram annað hvert ár, markast samstarfið af því hvar nemendur deildarinnar eru staddir hverju sinni.

Samstarf innan Listaháskólans er töluvert á milli deilda. Fræðanámskeið og önnur námskeið eru opin nemendum þvert á skólann. Eins eru fjölmörg námskeið og samstarfsverkefni í boði fyrir nemendur milli deilda. Mest var samstarfið við tónlistardeild nú sem fyrr, en nemendur tónlistardeildar tóku þátt í lokaverkefnum deildarinnar með því að semja, gera hljóðmynd og/eða spila í sýningunum.

Annars árs nemar dansbrautar og fræða & framkvæmdar tóku þátt í Samtali, sameiginlegu námskeiði allra deilda Listaháskólans.

### Danslistaskólar á framahaldsstigi

Samstarf var haldið áfram við þá danslistaskóla á framhaldsstigi sem kenna eftir námsskrá. Samstarfið fólst í að bjóða nemendum reglulega að koma og horfa á verkefni dansbrautarinnar auk þess að veita ráðgjöf við skólanámsskrá og uppbyggingu námsbrauta innan skólanna.

### Leiklistar- og danshátíðir

Nemendur deildarinnar tóku með ýmsu móti þátt í alþjóðlegu leiklistarhátíðinni Lókal og Reykjavík Dance Festival sem fram fóru í ágúst 2011.

Listamenn hátíðanna héldu kynningar á sýningum og vinnuaðferðum sínum og héldu örnámskeið fyrir nemendur deildarinnar.

## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Leiklistar- og dansdeild er virkur þátttakandi í NORTEAS samstarfsneti norrænna og baltískra leiklistarskóla og leiklistardeilda.

Dansbrautin er einnig hluti af norrænu samstarfsnetunum DAMA og EMD, sem eru virk net sem sérhæfa sig í tengslum dansins við aðrar listgreinar.

### Norðurlandayfirreið deildarforseta

Á skólaárinu fór deildarforseti í Norðurlandayfirreið þar sem hún heimsótti samstarfsskóla í Kaupmannahöfn, Malmö, Stokkhólmi, Helsinki, Tallinn, Osló og Frederikstad. Einnig sótti deildarforseti fund norræna samstarfsnetsins Norteas í Odense sem haldinn var í janúar 2012 en stærsta verkefni netsins er skipulagning sameiginlegra námskeiða undir heitinu Nordic Common Studies.

### Norræn samstarfverkefni með þátttöku nemenda

Norteas netið stendur fyrir námskeiðum á milli samstarfsskólanna undir heitinu Nordic common studies. Leiklistar- og dansdeild tók við 7 erlendum nemendum í upphafi skólaársins. Námskeiðið sem var námskeið þvert á námsbrautir deildarinnar þar sem lögð var áhersla á samsetningaraðferðir, mæltist mjög vel fyrir og veitti það nemendum mikinn innblástur að byrja skólaárið með þessum hætti.

Nemendur í fræðum & framkvæmd tóku þátt í sameiginlegu námskeiði þriggja skóla, Listaháskólans, Norsku leiklistarakademíunnar í Fredrikstad og TEAK í Helsinki, sem hverfðist um samsetningaraðferðir.

Námskeiðið var haldið í húsakynnum deildarinnar. Leiðbeinendur voru Magnús Þór Þorbergsson og Markku Uimonen frá TEAK, ásamt gestum. Verkefnið var styrkt af Norteas.

Tveir nemendur af dansbraut á skólaárinu tóku þátt í verkefnum EMD í Kaupmannahöfn undir yfirskriftinni “Post-Modern Relationship betw. Dance and Music” og einn dansnemi tók þátt verkefni EMD Í RIGA undir yfirskriftinni “Physical Cinema.”

Nemandi úr fræðum & framkvæmd tók þátt í norrænu námskeiði fyrir leikstjórnarnema undir yfirskriftinni “Nordic Meeting for students in Theatre Directing”, í Kaupmannahöfn.

## SKIPTINÁM

Leiklistar- og dansdeild er með skiptinám sem skyldu á þriðja námsári dansbrautar og á námsbrautinni. Þetta þýðir að deildin sendir út u.þ.b. 20 nemendur til samstarfsháskóla um alla Evrópu annað hvert ár. Deildin hefur því ríka skyldu til að taka við þeim nemendum sem sækja um að komast að við deildina og eru fyrirspurnir margar. Jafnvel þó að yfirleitt sé það mjög gjöfult og ánægjulegt að taka á móti erlendum skiptinemum getur það verið þungt fyrir fámenna nemendahópa að fá marga skiptinema í einu. Tungumál kennslunnar verður enska og getur það rýrt gæði kennslu í sumum tilfellum. Það er augljóst að á meðan deildin sendir út svo marga nemendur til skiptináms að deildin verður að vera tilbúin að taka við jafn mörgum erlendum nemendum á móti.

### NEMENDUR FARA UTAN

Engir nemendur fóru utan í skiptinám á skólaárinu.

### NEMENDUR KOMA AÐ UTAN

Skiptinemar í deildina voru 9 frá 4 löndum; Eistlandi, Finnlandi, Þýskalandi og Bretlandi, 3 nemendur komu á dansbraut en 6 í fræðum & framkvæmd.

Á vorönn komu 4 erlendir skiptinemar í fræðum & framkvæmd þar sem fyrir eru 10 nemendur.

## KENNARASKIPTI

Tvenn formleg kennarskipti fóru fram á árinu.

Klaus Kruse kom frá University College Falmouth og kenndi stórt námskeið í fræðum & framkvæmd og Sveinbjörg Þórhallsdóttir sótti Teak heim.

Á skólaárinu sótti deildin fjóra öfluga kennara til útlanda og sendi fimm kennara, auk deildarforseta, til endurmenntunar erlendis.

### KENNARAR FRÁ DEILDINNI

Sveinbjörg Þórhallsdóttir, fagstjóri dansbrautar, heimsótti dansdeild TEAK í Helsinki þar sem hún kenndi bakkalárnemendum og kynnti starf dansbrautarinnar.

### ENDURMENNTUN

Fjórir kennarar og deildarforseti fóru til Noregs á ráðstefnu ENCEPA (European Network for Continuing Education in the Performing Arts), þar sem þeir tóku þátt í fjölbreyttum vinnusmiðjum. ENCEPA er þróunarverkefni styrkt af Leónardóáætlun Evrópusambandsins sem listkennsludeild Listaháskólans hefur tekið þátt í síðustu tvö árin. Dvölin var mjög gagnleg fyrir deildina, enda í boði metnaðarfull námskeið og erindi fyrir fagfólk og tækifæri veittust til að efla tengslamyndun. Stefnt er að því að leiklistar- og dansdeild verði virkari þátttakandi í ENCEPA til lengri tíma litið

Deildarforseti og fagstjórar náðu samningum við efnilega alþjóðlega kennara um kennslu við deildina og sprotar mynduðust að samstarfsverkefnum norrænna leiklistardeilda. Stefán Jónsson og Steinunn Knútdsóttir sóttu að auki leiktúlkunarhátíð á vegum KHIO sem var haldið samhliða endurmenntunarþinginu.

Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, raddkennari leikarabrautar, sótti sér endurmenntun á árinu til Danmerkur í aðferð sem kölluð er soulvoice.

Mjög mikilvægt er að kennarar hafi tök á að sækja sér endurmenntun og leiti í samtal við kennara og samstarfsskóla okkar erlendis, fylgist með straumum og stefnum og nái tengslum við fagfólk og stofnanir erlendis. Ferðalög þessi voru vítamínsprauta inn í undirbúining nýs skólaárs.

### Erlendir gesta- og skiptikennarar

Klaus Kruse, nýráðinn lektor við University College Falmouth, kenndi í fimm vikur við námsbrautina fræði & framkvæmd.

Eleonore Valerie frá Frakklandi og Roberto Olivan frá Spáni kenndu við samtímadansbraut, bæði tvö virtir og vinsælir dansarar, danshöfundar og danskennarar.

Claudio de Maglio, meistari í Commedia del arte frá Ítalíu kenndi við leikarabraut.

Markku Uimonen, prófessor í ljósahönnun við TEAK í Helsinki, kenndi á sameiginlegu námskeiði Listaháskólans, TEAK og Norsku leiklistarakademíunar í Fredrikstad.

## STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Helstu stefnumál deildarinnar eru meistaranám, inntaka í BA nám og húsnæðismál.

Á síðasta skólaári voru hugmyndir fullmótaðar um meistaranám við deildina, annars vegar MA nám í leiktúlkun, 90 eininga starfsþjálfunarnám fyrir útskrifaða leikara, og hins vegar MA í sviðslistum, 90 eininga meistaranám fyrir umsækjendur með BA í sviðslistum og öðrum skyldum fögum. Vonir standa til að hefja meistarnámið haustið 2013.

Einhugur er hjá kennurum og stjórnendum deildarinnar um að hentugra væri að fjölga inntökum í deildina, að inntaka færi fram í tvö ár og hlé yrði gert þriðja árið. Þetta væri gert til þess að skapa flæði og kraft í námið og jafnvægi í skólastarfið á milli ára. Miðað við þessar hugmyndir væru að jafnaði tveir árgangar við nám á BA stigi á hverjum tíma en ásetningurinn er að auka gæði námsins og skapa jafnvægi í starfi deildarinnar.

Eins og málin standa í dag er hvorki hægt að hefja MA nám við deildina né fjölga inntökum. Húsnæði deildarinnar rúmar ekki starfsemina miðað við núverandi aðstæður og leyfa því ekki neinar breytingar í átt að vexti deildarinnar.

Ófremdarástand hefur verið í húsnæðismálum deildarinnar frá 2005. Húsnæðið hentar ekki starfseminni; ekki er aðstaða til þess að rúma bæði kynin á dansbraut, nemendur fræða & framkvæmdar hafa ekki aðgang að heimasvæði eins og aðrir nemendur í höfundanámi við Listaháskólann. Á yfirstandandi skólaári vantar dansstúdíó til þess að rúma kennslu þriðja árs dansbrautar og kennslurými vantar fyrir þriðja ár fræði & framkvæmda. Dansbrautin hefur ekki aðgang að rými til sýninga á dansi en dansstúdíó rúmar enga áhorfendur.

Stefnumót við áhorfendur er það sem kjarnar námið í sviðslistanámi en í dag þarf deildin að leigja sýningarrými á almennum markaði til hverskonar sýningarhalds á dansverkum nemenda.

Engin lyfta er í húsinu sem leyfir hvorki nemendur né kennara með hreyfihömlun. Ófullnægjandi hljóðeinangrun er í húsinu og verður því annars ánægjulegt návígið við tónlistardeildina ólíðandi fyrir allt starf í húsinu.

# LISTKENNSLUDEILD

## STARFSEMIN Á ÁRINU

Starfsemin á árinu var með hefðbundnu sniði. Árið var það fyrsta eftir að ný lög tóku gildi sem krefjast meistaragráðu til kennsluréttinda og því langflestir nemendur í tveggja ári námi. Er það nokkuð einfaldara í skipulagi en árið áður. Nokkrir kennarar með eins árs kennsluréttindi komu þó til að bæta við sig meistaragráðu. Ljóst er að aukning verður í slíkt nám á næstu árum og æskilegt að hægt verði að bregðast við því með auknum nemenda ígildum.

Aukin áhersla er lögð á að nemendur fái margvíslega reynslu og tengingu við miðlun og kennslu í listgreinum utan grunn- og framhaldsskóla, m.a. í tengslum við listastofnanir og hátíðir á vegum borgarinnar (sjá samstarfsverkefni). Nemendur eru einnig hvattir til að tengja meistaraverkefni sín vettvangi og voru fjölmörg verkefni þannig unnin að hluta sem námskeið inn á ólíkum stofnunum. Má þar nefna listasmiðju fyrir unglinga í Tasillaq á Grænlandi, tónlistarnámskeið með fötluðum börnum í frístunda starfi fyrir fatlaða, valdeflandi náttúrusmiðjur í Hlutverkasetri, samþættingu námsgreina og skapandi vinnuaðferðir í iðnnámi sem unnið var í samstarfi við Tækniskólann o.fl.

Öll námskeið listkennsludeildar, utan kennslufræði hverrar listgreinar, eru opin öllum nemendum deildarinnar og geta nemendur sem hafa bakgrunn í sjónlistum þannig víkkað sjóndeildarhringinn og tekið námskeið tengt tónlist, leiklist og dansi og öfugt. Það hefur gefið góða raun og má segja að raunverulegt lifandi samtal milli listgreinanna,og sá frjói jarðvegur sem verðandi listgreinakennarar starfa í, sé stór hluti af námi þeirra.

## NEMENDUR

Nemendur við listkennsludeild voru 44 á skólaárinu 2011-2012. Þar af 2 í diplómanámi og 1 í meistaranámi til kennsluréttinda MA. Aðrir voru í meistaranámi til kennsluréttinda M.Art.Ed.




**MYND 12 - KYNJAHLUTFÖLL**




**MYND 13 - ALDURSDREIFING**

Listrænn bakgrunnur kennaranemanna var margbreytilegur að vanda. Fjölmennasti hópurinn var sem endranær sjónlistamenn en fæstir dansarar og enginn arkitekt. Hópurinn samanstóð af níu tónlistarmönnum, fjórum leikurum, tveim dönsurum, kvikmyndagerðmanni, fimm hönnuðum og tuttugu og þrem myndlistarmönnum af ólíkum sérsviðum. 13 nemendur útskrifuðust frá listkennsludeild á skólaárinu. Flestir nemendur deildarinnar eru á aldursbilinu 31 – 50 ára.

## STARFSFÓLK

Skólaárið 2011-12 voru tveir akademískir starfsmenn í fastri stöðu við deildina auk deildarforseta. Stundakennarar og gestir á námskeiðum voru alls 16.

Umsjónakennarar námskeiða á skólaárinu 2011-12 voru 21 sem er sami fjöldi og árið áður. Ásamt þeim komu 16 gestafyrirlesarar til viðbótar inn á sínu sérsviði í þeim 43 námskeiðum sem í boði voru utan vettvangsnáms. Viðtökukennarar nemenda í vettvangsnámi voru 24 alls. Leiðbeinendur meistaraverkefna voru 17.




**MYND 14 - SKIPTING STARFSÞÁTTA**




**MYND 15 – AKADEMÍSK STÖÐUGILDI**

### FASTRÁÐNIR STARFSMENN

Starfsmenn deildarinnar voru 3 á skólaárinu í 2,45 stöðugildum.

Ásthildur B. Jónsdóttir, lektor og fagstjóri sjónlista og meistaraverkefna.
Kristín Valsdóttir, deildarforseti.
Vigdís Jakobsdóttir, aðjúnkt og fagstjóri sviðslista og umsjónarmaður opinna símenntunarnámskeiða.

### UMSJÓNAKENNARAR NÁMSKEIÐA

Aileen Wilson
Alma Dís Kristinsdóttir
Ása Helga Ragnarsdóttir
Ásthildur Björg Jónsdóttir
Elísabet V. Ingvarsdóttir
Guðbjörg Daníelsdóttir
Karen María Jónsdóttir
Kristín Helga Gunnarsdóttir
Kristín Valsdóttir
María Rut Reynisdóttir
Ólafur Schram
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir
Rósa Gunnarsdóttir
Sigfríður Björnsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Sigrún Jóhannesdóttir
Sigurborg Stefánsdóttir
Stefán Þorleifsson
Valur Brynjar Antonsson
Vigdís Jakobsdóttir
Þórey Sigþórsdóttir

### STUNDAKENNARAR

Andrés Jónsson
Elín Anna Ísaksdóttir
Guðrún Eva Mínervudóttir
Guðrún Geirsdóttir
Hafþór Guðjónsson
Haukur Ingi Jónasson
Ingibjörg Kristinsdóttir
Karen Rut Gísladóttir
Kristján Gunnarsson
Mari Mäkiranta
Meyvant Þórólfsson
Nanna Hlíf Ingvadóttir
Njörður Sigurjónsson
Outi Ylitapio-Mäntylä
Sigurður Guðjónsson
Svanborg Mattíasdóttir

## Vettvangskennarar

Anna Snædís Sigmarsdóttir
Elfa Lilja Gísladóttir
Elísabet Stefánsdóttir
Elísabet V. Ingvarsdóttir
Fríða S. Kristinsdóttir
Guðlaugur Viktorsson
Guðný Jónsdóttir
Guðrún Gísladóttir
Guðrún Lára Halldórsdóttir
Guðrún Ragnarsdóttir
Gunnhildur Ólafsdóttir
Hákon Már Oddsson
Hilmar Þórðarson
Ingibjörg Sveinsdóttir
Jónína Margrét Sævarsdóttir
Kristín Reynisdóttir
Nanna Hlíf Ingvadóttir
River Carmalt
Sigfríður Björnsdóttir
Sigríður Valdimarsdóttir
Sigurlína Margrét Osuala
Þórunn Björnsdóttir
Þuríður Elfa Jónsdótti

## Leiðbeinendur meistaraverkefna

Aðalheiður Guðmundsdóttir
Aldís Yngvadóttir
Auðna Ágústsdóttir
Elísabet V. Ingvarsdóttir
Hlynur Helgason
Jón Hrólfur Sigurjónsson
Karen María Jónsdóttir
Karen Rut Gísladóttir
Kristín Valsdóttir
Ólafur Páll Jónsson
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir
Rakel Pétursdóttir
Rósa Gunnarsdóttir
Sigrún Lilja Einarsdóttir
Sigrún Jóhannesdóttir
Valgerður Jónsdóttir
Vigdís Jakobsdóttir

## VIÐBURÐIR

Meistaranemar kynntu lokaverkefni sín í málstofum á starfsárinu. Margt bar þar á góma enda verkefnin ólík að inntaki og nálgun. Málstofurnar eru opnar almenningi og fagstéttum sem fá sendar tilkynningar um viðburðinn. Málstofurnar hafa verið vel sóttar og fengið góðan hljómgrunn meðal listkennara sem sjá í þeim kærkomið tækifæri til að fylgjast með nýjustu hugmyndum, rannsóknum og þróun á sínu sviði.

## INNLENT SAMSTARF

Frá upphafi hefur deildin átt gott samstarf við marga grunn- og framhaldsskóla í gegnum vettvangsnám nemenda, þó aðallega á stór- Reykjavíkusvæðinu. Það samstarf er forsenda þess að nemendur fái góða þjálfun í kennslu.

Sérstakt samstarf hefur þróast milli listkennsludeildar og skólasels Laugarnesskóla þar sem nemendur sækja listnámskeið á haustönn sem nemendur deiladrinnar sjá um undir leiðsögn kennara.

Nemendur listkennsludeildar unnu einnig í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur að leiðsögn um útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands undir stjórn Ölmu Dísar Kristinsdóttur.

## Samstarfssamningur við Menntavísindasvið HÍ

Á árinu var undirritaður samstarfssamningur milli listkennsludeildar Listaháskóla Íslands og Menntavísindasviðs HÍ. Samningurinn gerir nemendum beggja deilda/sviða kleift að sækja

námskeið sér að kostanaðarlausu milli skóla og fá það metið inn í sitt nám. Samningurinn er til eins árs og verður endurskoðaður að þeim tíma loknum.

## Samstarf við Listasafn Íslands

Á árinu leiddi Ásthildur Jónsdóttir, lektor, samstarf deildarinnar við Listasafn Íslands í tengslum við sýningu Rúríar. Samstarfið fólst í málþingi um listir og menntun til sjálfbærni, og var haldið 10. mars þar sem Ásthildur var með fyrirlestur í tengslum við sýninguna og listkennslu til sjálfbærni. Einnig leiddu nemendur vinnusmiðjur í Listasafninu tengdar sýningu Rúríar, þar sem starfræktar voru fjölbreyttar listasmiðjur í umsjón nemenda listkennsludeildar Listaháskóla Íslands.

## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Unnið er að því að finna leiðir til styttri námskeiða sem nemendur geta sótt milli landa. Eitt slíkt var samstarfsverkefni milli listkennsludeildar og háskólans í Rovaniemi. Sex nemendur fóru til Rovaniemi og settu upp sýningu þar að lokinni viku vinnu með nemendum á staðnum (sýningin stóð í einn mánuð). Nemendurnir voru: Anna Henriksdóttir, Alda Cartwright, Þórunn Björnsdóttir, Þóranna Björnsdóttir, Guðbjörg Leaman og Ásta Þórisdóttir

## Evrópusamstarf um símenntun listamanna

Listkennsludeild tók þátt í tveggja ára þróunarverkefni í mótun á alþjóðlegu tengslaneti menntastofnana sem sinna símenntun í sviðslistum. Verkefnið er styrkt af Leónardóáætlun Evrópubandalagsins og hefur hlotið titilinn ENCEPA (European Network for Continuing Education in the Performing Arts). Markmið verkefnisins var til að byrja með að safna saman á einn stað upplýsingum um þær sviðslistastofnanir í Evrópu sem sinna símenntun í sviðslistum og tengja þær saman. Til lengri tíma litið er hugmyndin að tengslanetið geti haft frumkvæði að alþjóðlegum námskeiðum og viðburðum á sviði símenntunar fyrir dansara og leikhúslistafólk.

Í byrjun júní 2012 stóð ENCEPA fyrir ráðstefnu í Osló fyrir sviðslistafólk þar sem boðið var upp á erindi og vinnusmiðjur. Fulltrúi og tengiliður Listaháskólans í verkefninu er Vigdís Jakobsdóttir, aðjúnkt í leiklistarkennslu. Á vegum Listaháskólans fóru fimm listamenn úr leiklistar- og dansdeild þau; Steinunn Knústsdóttir, Stefán Jónsson, Una Þorleifsdóttir, Sveinbjörg Þóhallsdóttir og Magnús Þór Þorbergsson. Einnig tók Margrét Kaaber leikkona þátt í ráðstefnunni með styrk frá ENCEPA.

Stefnt er að framhaldssamstarfi á þessum vettvangi til eflingar símenntunar sviðslistafólks á Íslandi, í samstarfi við leiklistardeildina.

## Lifelong learning in Music & The Arts

Frá því í maí 2011 er deildarforseti, sem fulltrúi listkennsludeildar, meðlimur í rannsóknarhópnum Lifelong Learning in Music & the Arts. Rannsóknarhópurinn sem hefur aðsetur í Hollandi er rekinn af Hanze University of Applied Sciences Groningen (Prince Claus Conservatoire) and the University of the Arts, The Hague (Royal Conservatoire). Hlutverk hans er að skoða, stuðla að og efla rannsóknir á meðal listamanna. Innan hópsins eru fjögur megin rannsóknarverkefni í gangi.

Þau eru:

1. Transformative learning in music and the arts,
2. Cross-arts and cross-sector practice,
3. The conservatoire as partner in professional practice,
4. Healthy ageing through music and the arts

Samstarf við þennan hóp gefur möguleika á þróun rannsóknarverkefna milli háskólanna bæði fyrir nemendur og kennara.

## The Thematic Network (TN) Arctic Sustainable Arts & Design (ASAD)

Listkennsludeild er einnig formlegur aðili að norræna netinu: The Thematic Network (TN) Arctic Sustainable Arts & Design (ASAD). Í netinu er leitast við að:

- Efla samvinnu og samstarf milli háskóla, stofnana og samfélög með áherslu á norðrið; Málefni norðurslóða á sviði lista, hönnunar- og sjónmenningar eru höfð að leiðarljósi.
- Bæta menntun á sviði lista, hönnunar og sjónmenningar meðal fulltrúa í University of the Arctic (UArctic).
- Bera kennsl á og deila samtíma- og nýstárlegum aðferðum í kennslu, námi, rannsóknum og þekkingu á sviði lista, hönnunar og sjónmenningar.

Í gegnum þetta samstarf hefur orðið til gott tengslanet við háskólann í Rovaninemi í Lapplandi.

## SKIPTINÁM

Þar sem meistaranámið er tveggja ára stíft nám eru möguleikar á skiptinámi erlendis minni en í lengra námi. Einn nemandi fór erlendis á þriggja mánaða Erasmus starfsþjálfunarstyrk. Það var Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir, sem fór til Slon Popolaire í Berlín.

## KENNARASKIPTI

Engin kennaraskipti voru frá deildinni á árinu en nokkrir erlendir skiptikennarar kenndu í deildinni til skemmri eða lengri tíma.

Erlendir skiptikennarar voru nokkrir. Sumir sáu um heil námskeið og aðrir komu í skemmri tíma. Þeir voru; Aileen Wilson frá Pratt Institut NY, Seija Ulkuniemi, Emilia Haukka, Timo Jokela, Outi Ylitapio-Mäntylä og Glen Coutts frá háskólanum í Roveniemi í Lapplandi.

## STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Markmið listkennsludeildar er og verður fyrst og fremst að mennta hæfa kennara með mikla fagþekkingu í sinni listgrein og á sviði kennslu og miðlunar.

Mikill hugur er í kennurum deildarinnar að byggja upp samfélag listgreinakennara og vettvang fyrir símenntun listkennara og listamanna við deildina. Með tilkomu meistarnáms og meistaraverkefna nemenda er að byggjast upp afburðaþekking á listkennslu og listmiðlun. Er það stefna deildarinnar að nýta þá þekkingu til að taka forustu á því sviði m.a. með uppbyggingu nýrra námsleiða, símenntunar og þróunarverkefna fyrir starfandi listkennara á öllum skólastigum. Slíkt samfélag ásamt sterku rannsóknarumhverfi við deildina, getur orðið leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði listkennslu og miðlun listgreina.

Námið er fyrst og fremst starfstengt en þó hafa nokkrir nemendur lokið rannsóknartengdri meistaragráðu. Mikilvægt er að hlúa að þeirri hlið námsins þar sem rannsóknir kennara og nemenda styrkja og efla allt nám og uppbyggingu á sviðinu.

Fram til haustsins 2012 voru inntökukröfur í listkennsludeild, bakkalárnám í listum eða sambærilegt nám. Í tengslum við breytingar á lögum um menntun kennara og skólastjórnenda frá 2011 hefur verið ákveðið að þróa námslínur fyrir kennara með BA gráðu frá Menntavísindasviði HÍ með áherslu á listir. Viðkomandi nemendur geta þá tekið sérhæfingu sína á meistarastigi við

listkennnsludeild LHÍ. Einn nemandi með BA í leiklistarkennslu frá Menntavísindasviði var í hópi þeirra sem teknir voru inn í námið í vor.

Verið er að vinna drög að diplómanámi fyrir starfandi listkennara sem vilja bæta við þekkingu sína í listnámi. Einnig eru í þróun hugmyndir um grunnnám í sviðslistum (leiklist og dans) og tónlist í samvinnu við deildir skólans. Vísir að slíku grunnnámi fyrir kennara er í tónlistardeild þar sem nemendur sem vilja fá kennsluréttindi taka meistarnám í listkennsludeild. Hefur það gefið góða raun. Töluverður skortur er á menntuðum kennurum í leiklist og dansi í grunn- og framhaldsskólum og er það mat okkar að slíkt nám sé mikilvæg viðbót, sérstaklega þegar litið er til útgáfu nýrrar námskrár þar sem leiklist og dans hafa í fyrsta sinn sama vægi og aðrar listgreinar. Símenntun listkennara hefur verið í þróun og tóku á annan tug starfandi kennarar þátt í opnum námskeiðum sem boðið var upp á. Það má segja að tilraunin hafi gengið mjög vel því ekki var farið formlega í auglýsingar. Þróun slíkra námskeiða er eitt af meginstefum í þróun símenntunar við deildina fyrir starfandi listkennara á öllum skólastigum.

# MYNDLISTARDEILD

Í myndlistardeild er megináhersla lögð á að þroska myndræna hugsun og þróa aðferðir við útfærslu hugmynda og framsetningu verka.

Námið miðar að því að nemendur tileinki sér sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð í listsköpun, auki þekkingu sína og skilning á myndlist og verði hæfari til að takast á við hlutverk sitt og stöðu í samfélaginu sem listamenn.

Hlutverk myndlistardeildar er að vera leiðandi afl í myndlistarkennslu á háskólastigi og opinn vettvangur fyrir rannsóknir og almenna umræðu á fagsviðinu. Til þess er ætlast að nemendur og kennarar taki virkan þátt í menningarlífinu og rækti markvisst tengsl við listheiminn.

Leitað er eftir samvinnu við starfandi listamenn, stofnanir og fyrirtæki um kennslu og þátttöku í sérhæfðum verkefnum.

Dagleg kennsla fer fram á tímabilinu kl. 8.30–12.20 og frá kl.13.00–16.40. Kennslu er skipt niður í mislöng námskeið allt frá einni viku til fimmtán vikna. Í náminu er aðaláhersla lögð á vinnu á vinnustofu, fyrirlestra um listfræði, verkstæðiskennslu, þátttöku í sérverkefnum og sjálfstætt nám.

Á 1. ári er áhersla lögð á að þróa myndmál og auka hugmyndaforða nemenda og kynna þeim liststefnur, aðferðir og tækni ólíkra miðla. Nemendur læra samtíma sjónmenningu og alþjóðlega listasögu frá upphaf nútímalistar til dagsins í dag, auk þess að sækja margs konar námskeið á verkstæðum skólans, s.s. í ljósmyndun, tölvuvinnslu, vídeó, tré- og járnsmíði, mótun, málun, prentun o.fl.

Á 2. ári er gefinn kostur á fjölbreyttu námi í vinnustofum með ýmsum listamönnum. Listsköpunarþáttur námsins er í fyrirrúmi með áherslu á sjálfstæða vinnu. Nemendur sækja ráðgjöf til kennara deildarinnar og utanaðkomandi lista- og fræðimanna. Í listfræði er lögð áhersla á sérhæfðnámskeið á sviði íslenskrar listasögu og mismunandi valnámskeið um samtímamyndlist og hugmyndafræði lista.

Á 3. ári stunda nemendur sjálfstætt nám sem lýkur með lokaverki og ritgerð. Lokaverkið er sýnt á útskriftarsýningu. Að loknu námi og tilskildum verkefnum og prófum í deild hlýtur nemandi BA gráðu í myndlist.

## NEMENDUR

Alls stunduðu 79 nemendur nám við myndlistardeild veturinn 2011-12, 44 konur og 29 karlmenn, fjórir hættu námi við lok skólaárs.




**MYND 16 - ALDURSDREIFING NEMENDA**




**MYND 17 - KYNJAHLUTFÖLL NEMENDA**

Fyrir skólaárið bárust 110 gildar umsóknir um nám við deildina og 28 nemendur fengu inngöngu. Inntökuhlutfallið í deildina er 25% sem er svipað og verið hefur síðustu ár.

Vorið 2012 útskrifaði myndlistardeild 18 nemendur, tíu konur og átta karlmenn. Haldin voru 61 námskeið 61 námskeið á skólaárinu á vegum deildarinnar, 22 fræðileg námskeið og 39 námskeið á sviði listsköpunnar.

## STARFSFÓLK

Við deildina störfuðu 12 manns á skólaárinu, þ.m.t. þeir sem hættu og byrjuðu á árinu. Ásamt deildarforseta störfuðu tveir prófessorar, einn gestaprófesor við afleysingar, sex aðjúnktar, einn aðstoðarmaður á verkstæði. 86 stundakennarar og gestir komu að kennslu og verkefnum af ýmsum toga.

Hekla Dögg Jónsdóttir var ráðin tímabundið í stað Katrínar Sigurðardóttir sem lét af störfum sem prófessor vorið 2011. Kristján Steingrímur fór í rannsóknarleyfi á vormisseri. Hulda Stefánsdóttir gengdi stöðu deildarforseta á vormisseri og Einar Garibaldi Eiríksson var ráðin gestaprófessor í stað Huldu á vormisseri.




**MYND 18 - AKADEMÍSK STÖÐUGILDI**




**MYND 19 - SKIPTING STARFSÞÁTTA AKADEMÍSKRA STARFSMANNA**

Sigrún Harðardóttir aðjúnkt á vídeóverkstæði lét af störfum um áramót, við starfinu tók Sigurður Guðjónsson.

## FASTRÁÐNIR STARFSMENN

Starfsmenn deildarinnar Voru 12 Á Skólaárinu Í 8,05 Stöðugildum

Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, aðjúnkt og fagstjóri fræðigreina
Einar Garibaldi Eiríksson, gestaprófessor
Eric Wolf, aðjúnkt,starfsmaður ljósmyndavers
Gulleik Lövskar, aðjúnkt, starfsmaður á smíða- og mótunarverkstæði
Hekla Dögg Jónsdóttir, aðjúnkt
Hulda Stefánsdóttir, prófessor (gengdi stöðu deildarforseta á vormisseri)
Jóhann Torfason, aðjúnkt, starfsmaður á prentverkstæði
Kristján Steingrímur Jónsson, deildarforseti (í rannóknaleyfi á vormisseri)
Ólafur Gísalson, prófessor
Sigrún Harðardóttir aðjúnkt, starfsmaður vídeóvers (lét af störfum um áramót)
Sigurður Guðjónsson, aðjúnkt, starfsmaður vídeóvers (hóf störf um áramót)

## STUNDAKENNARAR OG GESTIR Á NÁMSKEIÐUM

Stundakennarar og gestir voru alls 85 á skólaárinu eða sem samsvarar 3,3 stöðugildum.

Aðalsteinn Ingólfsson
Anna Jóhannsdóttir
Ármann Agnarsson
Ásdís Sif Gunnarsdóttir

Ásmundur G Vilhjálmsson
Bertrand Mandico
Birgir Snæbjörn Birgisson
Bjarki Bragason
Björn Roth
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Christian Hasucha
Claire Bishop
Daníel Karl Björnsson
Eleanore Heartley
Einar Falur Ingólfsson
Einar Garibaldi Eiríksson
Eirún Sigurðardóttir
Erling Klingenberg
Eva Ísleifsdóttir
Eygló Harðardóttir
Finnbogi Pétursson
Freya Björk Olafson
Guðmundur Ingólfsson
Guðrún Eva Mínervudóttir
Gunnar J Árnason
Gunnar Kristinn Ottósson
Gunnhildur Hauksdóttir
Hafþór Yngvason
Halldór Ásgeirsson
Halldór Björn Runólfsson
Halldóra Ísleifsdóttir
Hanna Syrmisdóttir
Hannes Lárusson
Hans Jóhannsson
Haraldur Jónsson
Hildur Bjarnadóttir
Hlynur Hallsson
Hlynur Helgason
Huginn Þór Arason
Inga Þórey Jóhannsdóttir
Ingibjörg Magnadóttir
Ingólfur Örn Arnarsson
J B K Ransú
Jeannette Castioni
Jón Proppé
Jóní Jóns
Kees Visser
Kolbeinn H Höskuldsson
Kristinn E Hrafnsson
Kristjana Rós Guðjohnsen
Magnús Logi Kristjánsson
Magnús Pálsson
Margrét Blöndal
Markús Þór Andrésson
Marcus Eek
Marion Daniel
Max Riley
Mika Hannula
Nikhil Nathan Kirch
Oddný Eir Ævarsdóttir
Olga Bergmann
Olav Westphalen
Ólafur Gíslason,
Olivia Plender
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir
Ólöf Nordal
Ósk Vilhjálmsdóttir
Paul Butler
Ragna Sigurðardóttir
Ragnar Helgi Ólafsson
Ragnar Kjartansson
Ragnheiður Gestsdóttir
Ragnhildur Stefánsdóttir
Rán Tryggvadóttir
Philippe Richard
Rúrí
Sara Riel
Sigrún Inga Hrólfsdóttir
Sigurður Guðjónsson
Unnar Ö Jónasson Auðarson
Úlfhildur Dagsdóttir
Valur Brynjar Antonsson
Þóra Þórisdóttir
Þórunn Maggý Kristjánsdóttir
Æsa Sigurjónsdóttir

## SAMSTARFSVERKEFNI

Myndlistardeildin tók þátt í 65 samstarfsverkefnum skólaárið 2011 – 2012.

### INNLENT

Stór hluti náms við Listaháskólann byggir á þátttöku í listrænu starfi og hefur myndlistardeild fengið til liðs við sig einkaaðila og ýmsar stofnanir eða fyrirtæki sem með einum eða öðrum hætti tengjast skólastarfinu; listasöfn, menningarmiðstöðvar, vinnustofur listamanna, gallerí, fyrirtæki og smiðjur. Í sumum tilfellum byggir samstarfið á formlegum grundvelli en í öðrum tilfellum er samvinnan einstaklingsbundin.

Myndlistardeild leggur áherslu á að efla samvinnu við aðra háskóla og stofnanir. Þar er fyrst og fremst um að ræða samstarf um ákveðin námskeið en einnig samvinnu á breiðari grundvelli.

Myndlistardeild og hugvísindasvið Háskóla Íslands vinna saman að rekstri náms í listfræði en Háskóli Íslands býður upp á B.A.-nám í listfræði.

Myndlistardeild hefur tekið þátt í öflugu samstarfi við fjölda stofnana: Háskólann í Reykjavík um námskeið í gagnvirkni. Listasafn Reykjavíkur vegna útskriftarsýningar auk samstarfsverkefnis með myndlistardeild, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og Sendiráðum Bandaríkjanna og Frakklands um komur erlendra gesta til kennslu og fyrirlestrarhalds, Listasafn Íslands, Háskóla Íslands, Listfræðafélag Íslands og Nýlistasafnið vegna rannsóknarverkefnisins Íslensk samtímalistfræði, Nýlistasafnið vegna nemendasýninga, Menningarmiðstöðin Skaftfell vegna árlegrar vinnustofu, Listahátíð í Reykjavík, samvinna nemenda við einstaka listamenn, Kling og Bang Gallerí, Gallerí i8 o.fl.

### Alþjóðlegt samstarf

Listaháskólinn tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi. Myndlistardeild er aðili að tveimur viðamiklum samskiptaáætlunum, Nordplus menntaáætlun Norðurlandaráðs og Erasmus/Sókrates menntaáætlun Evrópusambandsins. Báðar þessar áætlanir byggja á kennara- og nemendaskiptum auk annarra samvinnuverkefna. Deildin hefur gert tvíhliða samning við tæplega 40 háskóla í Evrópu á vegum Erasmus/Sókrates menntaáætlunarinnar. Innan Nordplus er myndlistardeild þátttakandi í KUNO, samstarfsneti 14 myndlistarháskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Þátttaka myndlistardeildar í þessum áætlunum gerir nemendum á 2. og 3. ári kleift að víkka sjóndeildarhring sinn strax á BA stigi listnáms. Miðað er við að nemendur séu í nemendaskiptum að hámarki eina önn. Í gegnum samstarfsnetin tekur myndlistardeild þátt í ýmsum áþjóðlegum verkefnum og ráðstefnum.

## SKIPTINÁM

Erlendir skiptinemendur 2010 – 2011, voru alls 12 yfir árið (fjórir á haustönn og átta á vorönn) og þrettán nemendur deildarinnar fóru erlendis sem skiptinemar, þrír á haustönn og tíu á vorönn.

### Nemendur frá myndlistardeild

Á skólaárinu fóru voru alls þrettán nemendur deildarinnar erlendis í skiptinám, þrír á haustönn og tíu á vorönn.

### Nemendur til myndlistardeildar

Á skólaárinu voru erlendir skiptinemar deildarinnar alls tólf, fjórir á haustönn og sjö á vorönn.

## KENNARASKIPTI

Myndlistardeild tekur þátt í kennaraskiptum milli skóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum og víðar í Evrópu í gegnum samstarfsnet KUNO og Erasmus / Sókrates menntaáætlunina. Þá á deildin þess kost að sækja gestakennara frá Bandaríkjunum í gegnum styrktarkerfi Fulbright.

### Erlendir gestir um samstarfsnet

Peter Piller, Hochschule für Grafik und Buchkunst, Leipzig
Heidi Specker, Hochschule für Grafik und Buchkunst, Leipzig
Juan Cruz, Liverpool School of Art and Design, John Moores University Liverpool.

# SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

## ÚTSKRIFTARSÝNING Í HAFNARHÚSI

Eins og undafarin voru myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur um framkvæmd útskriftarsýningar sem fór fram í Hafnarhúsi dagana 21. apríl til 6. maí 2012. Nemendur myndlistardeildar sem tóku þátt í sýningunni voru 18 að þessu sinni. Gestir voru um 18.000.

## KUBBURINN

Kubburinn er sýningarsalur myndlistardeildar. Þar eru settar upp sýningar og verkefni nemenda.

Á haustönn 2011:

Nemendur á 3. ári í vinnustofunni Framkvæmd
Nemendur á 2. ári í vinnustofunni Flötur
Nemendur af fræðanámskeiði Ólafs Gíslasonar: Jörð Loft Vatn Eldur

Á vorönn 2012:

Rúrí, vídeóinnsetningin *PARADÍS? – Hvenær?* (1998) var sýnd í Kubbnum 9. mars til 6. maí í samstarfi við Listasafn Íslands í tengslum við yfirlitssýningu safnsins á verkum hennar. Ragna Sigurðardóttir hélt opinberan fyrirlestur um verk og listsköpun Rúríar við opnun sýningarinnar þann 9. mars.

## KAFFISTOFAN, NEMENDAGALLERÍ

Nemendafélag myndlistardeildar rak gallerí að Hverfisgötu 42. Nemendur sáu sjálfir um um að skipuleggja þar sýningar og viðburði í hverri viku. Þar voru haldnar nýjar sýningar vikulega allan veturinn.

### ART Check!

30. ágúst 2011
Ása Dýradóttir, Baldvin Einarsson, Bergur Anderson, Hrafnhildur Helgadóttir, Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir, Loji Höskuldsson, Sindri Snær Sveinbjargar-Leifsson, Steinunn Harðardóttir, Sæmundur Þór Helgason

### Rotþró

17. september 2011
Samsýning allrar myndlistardeildar eftir Teiknileiknipartý deildarinnar

### Uppgjörð

3.-7. október 2011
Viktor Pétur Hannesson

### Iceland Airwaves off-venue

12. október - 14. október 2011
25 hljómsveitir komu fram .

### Íslenzkir listamenn

21.-23. október 2011
Erik Hirt

### Rólukafari og uglutólg og teipað brauð.

24. nóvember 2011
Ásta Fanney Sigurðardóttir

### Jólamarkaður LHÍ

21. - 23. desember 2011
Nemendur úr felstum deildum voru með eitthvað til sölu.

### ACid INTIMACY

29. desember 2011 - 13. janúar 2012
Listamenn:Alex Moralesová, Ásta Fanney Sigurðardóttir, Baldvin Einarsson, Dóra Hrund Gísladóttir, Guðlaug Mía Eyþórsdóttir,Katrína Mogensen, Lukka Sigurðardóttir, Martin Brazina, Nikulás Stefán Nikulásson, Petra Hermanová og

Viktor Vejvoda.
Sýningarstjórar voru: Eliska Zaková, Václav Janoscík, Jakub Hauser og Katarína Chlustiková

### Listatík/Listatique #01

27. janúar 2012
Arngrímur Sigurðsson, Borghildur Tumadóttir, Grétar Mar Sigurðsson, Helena Aðalsteinsdóttir, Ívar Glói Gunnarsson, Katrína Mogensen og Nína Óskarsdóttir

### Meyrir hreinir hlutir

10. -12. febrúar 2012
Brynjar Helgason, Helena Aðalsteinsdóttir, Ívar Glói Gunnarsson, Logi Leó Gunnarsson, Nína Óskarsdóttir, Sigrún Hlín Sigurðardóttir og Una Björg Magnúsdóttir

### The party I fell in love with

25. febrúar 2012
Berglind Ágústsdóttir

### Fælur

3. mars 2012
Hrönn Gunnarsdóttir

### Cosmic wonder adventure time

9.-10. mars 2012
Guðlaug Mía Eyþórsdóttir og Steinunn Harðardóttir

### Mót

16. mars
Listamenn: Friðrik Svanur Sigurðsson, Gunnar Helgi Guðjónsson, Júlía Hermannsdóttir, Ragnar Fjalar Lárusson, Sigurlaug Gísladóttir og Unnur Óttarsdóttir
Sýningarstjórar:
Anna Guðlaug Jóhannsdóttir HÍ, Guðrún Tara Sveinsdóttir LHÍ, Helga Arnbjörg Pálsdóttir HÍ, Linda Björk Hafsteinsdóttir HÍ, Sigrún Hlín Sigurðardóttir LHÍ, Una Björg Magnúsdóttir LHÍ

### Gvð í boði

30. mars-1.apríl 2012
Listamenn: Ása Dýradóttir og Steinunn Harðardóttir
Sýningarstjórar: Andreas Toriseva, Halla Kristjánsdóttir, Helena Aðalsteinsdóttir, Hrefna Þórey Kristbjörnsdóttir, Katrín Dögg Valsdóttir, Klara Rún Ragnarsdóttir og Lukka Sigurðardóttir.

### Halarófa

31. mars 2012
Gjörningaganga sem lagði af stað frá Kaffistofu.

### Dauðarokkstónleikar

13. apríl 2011
Fram komu:
AMFJ
CHAO
GONE POSTAL
NYIÞ
SVARTIDAUÐI

### Kaffistofan

20. apríl 2012
Logi Leó Gunnarsson, Nína Óskarsdóttir og Una Björg Magnúsdóttir

### Snertu mig

27. apríl 2012
Arngrímur Sigurðsson, Bjarki Sól og Sunneva Weisshappel

**Relay**
19 maí - 3júní 2012
Sýningaröð í tengslum við Listahátíð í Reykjavík 2012.
Listamenn: Adrian Galindo Rami, Andreas Jari Juhani Toriseva, Freya Steadman, Helena Aðalsteinsdóttir, Julia Hartmann, Katrín Dögg Valsdóttir, Lukka Sigurðardóttir, Lysander Rohringer, Maria Trabulo, Þröstur Valgarðsson

### Ponding

28. júní 2012
Katla Stefánsdóttir, Katrín Erna og Rán Jónsdóttir

### Astma fyrir lífstíð

27. júlí 2012
Nína Óskarsdóttir og Una Björg Magnúsdóttir

## Artíma Gallerí

Nemendur námskeiðsins Rými/vinnustofa héldu einnar viku sýningu í nóvember í ArtímaGallerí sem er starfrækt af listfræðinemum HÍ. Sýnd voru sjálfstæð verk sem nemendur unnu inn í rými gallerísins.

## Opnir fyrirlestrar myndlistardeildar

Á hverju ári heldur fjöldi lista- og fræðimanna áhugaverð erindi eða kynningar um verk sín og hugmyndir. Fyrirlestrunum er ætlað að kynna og hvetja til umræðu um margþætt álitamál úr heimi lista og samtímamenningar. Fyrirlestrarnir eru afar mikilvægur þáttur í upplýsingastarfi skólans, ásamt því að vera opinn vettvangur fyrir tengsl nemenda við hugmynda- og reynsluheim starfandi lista- og fræðimanna.

Reglulegir fyrirlestrar fóru fram í hádeginu á mánudögum í Laugarnesi, en einnig voru í boði sérstakir fyrirlestrar um helgar og á kvöldin. Fyrirlestrarnir eru einingabærir og eru nemendur sérstaklega hvattir til að stunda þá. Alls voru 13 opnir hádegisfyrirlestrar haldnir skólaárið 2011–2012.

## Haustmisseri - Vinnustofan

Haust 2010 var fyrirlestraröðinni *Bakherberginu* hrint úr vör, þar sem myndlistarmenn vörpuðu ljósi á uppsprettu verka sinna. *Viðbyggingin* tók við á vormisseri 2011 með sínum óvæntu skurðarpunktum milli fræða og myndlistar.

Á haustmisseri 2011 bættist *Vinnustofan* við hina óræðu og efnislausu byggingu myndlistardeildar – íverustaður stöðugrar gerjunar, ígrundunar, tilviljana, mistaka og úrvinnslu. Ólíkir myndlistarmenn leiddu saman viðstadda í gegnum samtal hugar og handa, vinnuferli og aðferðir, í fullvissu jafnt sem efa. En allir eiga þeir sína vinnustofu, hvort sem hún er aðgreint rými sem slík ellegar horn á stofuborði, vinnustofa flakkarans sem gerir alla staði og engan að sínum eða skissubók í hendi.

## Fyrirlesarar á skólaárinu

Anna Hallin og Olga Bergmann, Birgir Snæbjörn Birgisson, Marcellvs L, Christian Hasucha, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir (Hugsteypan). Myriam Bat Yosef, Olivia Plender, Jón Proppé, Ragna Róbertsdóttir, Guðjón Ketilsson, Magnús Pálsson

## Ánægjulögmálið / The Pleasure Principle

Málþing í Laugarnesi föstudaginn 7. október. Myndlistarmennirnir Birgir Snæbjörn Birgisson og Marcus Eek ræddu við fræðimanninn og sýningarstjórann Mika Hannula um málverkið í samtímanum í tengslum við sýningu sína og Jukka Korkeila í Kling og Bang Gallerii. Marcus Eek, Birgir Snæbjörn og Mika Hannula voru gestir í vinnustofunni Flötur auk þess að sinna einkaleiðsögn við nemendur á 3. ári og lauk heimsókn þeirra með málþingi og sameiginlegum umræðum í fyrirlestrarsal.

## Cultural Industry and Politics in Iceland and Czech Republic – ráðstefna í myndlistardeild Listaháskólans

Þann 30. ágúst 2011 var haldin eins dags ráðstefnu á vegum nokkurra nemenda í myndlistardeild Listaháskólans. Tilefnið var koma sjö ungra listamanna og sýningarstjóra frá Prag til Reykjavíkur

til fundar við íslenska myndlistarnema í framhaldi af heimsókn hópsins fóru fulltrúar nemenda til Prag í lok október til sameiginlegs sýningarhalds.

Verkefnið, sem er samstarfsverkefni Kaffistofu nemendagallerís myndlistardeildar og K4 gallerís í Prag ber heitið InterMost og hlaut styrk frá Evrópusambandinu fyrr á þessu ári. Styrkurinn kemur úr sjóði er nefnist EEA/Norwegian Financial Mechanism Scholarship Fund en markmið sjóðsins er að efla samstarf menntastofnana í austur evrópu við EFTA ríkin Noreg, Ísland og Lichtenstein.

Ráðstefnan var haldin í húskakynnum myndlistardeildar í Laugarnesi og fór fram í tveimur hlutum, frá 9.00-12.00 og frá 13.00-16.00. Umfjöllunarefnið var "Cultural Industry and Politics in Iceland and Czech Republic" og meðal fyrirlesara voru Halldór Björn Runólfsson safnstjóri Listasafns Íslands og Tinna Grétarsdóttir mannfræðingur.

## Íslensk samtímalistfræði

Myndlistardeild Listháskólans mótaði og fór af stað með rannsóknarverkefnið *Íslensk samtímalistfræði* vorið 2011 í samstarfi við Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Háskóla Íslands, Nýlistasafnið og Listfræðafélag Íslands. Rannsökuð eru skrif fræðimanna og gagnrýnenda um íslenska myndlist, auk skrifa listamanna sjálfra. Langtímamarkmið rannsóknarverkefnisins er að til verði greinargott heildaryfirlit yfir skrif um íslenska samtímamyndlist.

Á vormánuðum 2011 fékk verkefnið 9 mannmánuði í styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna (Rannís) auk 4 mannmánuði frá Reykjavíkurborg og unnu sex nemendur í myndlist við Listaháskóla Íslands og listfræði við Háskóla Íslands að verkefninu undir umsjón Aðalheiðar Lilju Guðmundsdóttur, fagstjóra fræðigreina við myndlistardeild og Jóns Proppé, listheimspekings. Nemendur sumarið 2011: Steinunn Lilja Emilsdóttir, Halla Þórlaug Óskarsdóttir, Katrín I. Jónsdóttir Hjördísardóttir Hirt, Bryndís Björnsdóttir, Hildur Rut Halblaub og Bergdís Hörn Guðvarðardóttir.

Á vormánuðum fékk verkefnið aftur 9 mannmánuði í styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og unnu sex nemendur að verkefninu sumarið 2012 undir sömu umsjónarmönnum. Nemendur sumarið 2012: Halla Birgisdóttir, Bergdís Hörn Guðvarðardóttir, Halla Björk Kristjánsdóttir, Katrín I. Jónsdóttir Hjördísardóttir Hirt, Dóra Hrund Gísladóttir, Berglind Helgadóttir.

### Þátttaka í Vísindavöku

Nemendur kynntu rannsóknarverkefnið á Vísindavöku í Háskólabíó þann 23. sept. 2011 fyrir hönd Listaháskóla Íslands.

## Krítík og kenningarsmíð / Málþing um rannsókir á íslenskri samtímalistfræði

Í Listasafni Reykjavíkur, 4. september 2011, kl. 14.00 – 16.00

Hvergi hefur verið að finna samantekt eða yfirlit yfir störf og hugmyndir fræðimanna sem hafa helgað sig greiningu myndlistar. Þá hafa ýmsir listamenn lagt sig eftir fræðilegum skrifum eða skrifum sem hafa sérstakt gildi við greiningu á hugmyndalegri þróun myndlistar og samhengi hennar. Allt er í brotum og vart neinum fært að ná yfirsýn yfir sviðið sem ekki hefur sjálfur verið þátttakandi þar um langt skeið og fylgst vel með. Snemma á síðasta ári var hrint af stað rannsóknarverkefni til að safna og greina skrif fræðimanna og listamanna um íslenska myndlist.

Á málþinginu kynntu nemendur, ásamt umsjónarmönnum rannsóknarinnar, verkefnið í örstuttum erindum, sögðu frá árangri vinnunnar í sumarið 2011 og framtíðaráformum um úrvinnslu þess.

## Jörð Loft Vatn Eldur

Samsýning nemenda úr myndlistardeild, hönnunardeild og listkennsludeild auk nemenda í listfræði við HÍ sem sátu samnefnt fræðanámskeið Ólafs Gíslasonar listfræðings á haustmisseri. Við lokamat á frammistöðu gátu nemendur valið að skila inn ritgerð eða myndverki þar sem þau höfðu fellt viðfangsefni námskeiðsins að listsköpun sinni, ásamt greinagerð um verk sitt. Þeir sem kusu leið myndsköpunar héldu sýningu á niðurstöðum sínum í Kubbnum, sýningarsal myndlistardeildar 12. – 18. Nóvember 2011.

## Innangarðs

Myndlistadeild setti upp sýninguna Innangarðs í görðunum innan Háskóla Reykjavíkur. Nemendurnir unnu verk sín inn í inni garða Venusar, Mars og Úranusar. Verkin voru fjölbreytt að gerð og efni en auk innsetninga og skúlptúra voru fluttir gjörningar á opnun. Nemendur sem tóku þátt voru: Adrian Galiano Rami, Auður Ómarsdóttir, Hrönn Gunnarsdóttir, Karin Kurzmeyer, Katrín Eyjólfsdóttir, Lola Bezemer, Lukka Sigurðardóttir, Magnús Skúlason, Ólöf Rún Benediktsdóttir, Ragnheiður Maísól Sturludóttir, Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir og nutu leiðsagnar Halldórs Ásgeirssonar, einn af kennurum í 15 vikna námskeiðinu Tími.

## Tími

Myndlistardeild sýndi lokaafrakstur nemanda úr námskeiðinu Tími í Útgerðinni - Grandagarði 16

Nemendur sem tóku þátt voru Adrian Galiano Rami, Auður Ómarsdóttir, Hrönn Gunnarsdóttir, Karin Kurzmeyer, Katrín Eyjólfsdóttir, Lola Bezemer, Lukka Sigurðardóttir, Magnús Skúlason, Ólöf Rún Benediktsdóttir, Ragnheiður Maísól Sturludóttir, Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir.

## Óður

Gjörningur / Innsetning

Þrjár sýningar á gjörningnum og innsetningunni ÓÐUR eftir Ólöfu Benediktsdóttur voru sýndar í Græna Salnum á Sölvhólsgötu 13, 3. hæð. Ólöf Benediktsdóttir var nemandi í námeiðinu Tími og var verkið unnið í nánu samstarfi við Bryndísi Ósk Þ. Ingvarsdóttur, nemanda við leiklistardeild LHÍ. Í verkinu var unnið með mörk myndlistar og leikhúss og nýttu þær sér það besta sem báðir miðlarnir hafa uppá að bjóða Sýningatímar: 9,10 og 11 desember kl. 20:00

Leikarar: Bergþóra Einarsdóttir, Ólöf Rún Benediktsdóttir, Sigrún Gunnarsdóttir, Sunneva Ása Weisshappel, Hrönn Gunnarsdóttir. Búningar: Gróa Sif Jóelsdóttir

## Vinnustofan Seyðisfjörður

Samstarfsverkefni við menningarmiðstöðina Skaftfell á Seyðisfirði, Dieter Roth akademíuna og Tækniminjasafn Austurlands. Hefur verið haldið árlega síðastliðin 11 ár. Lögð er áhersla á að nemendur geti nýtt sér þær sérstæðu aðstæður sem bærinn og umhverfi hans býður upp á. Vinnustofunni lýkur með opinberri sýningu á verkum nemenda í menningarmiðstöðinni Skaftfelli.

## Núningur/Friction

Ólafur S. Gíslason stóð að umfangsmiklu sýningarverkefni undir titlinum NÚNINGUR / FRICTION sem tókst á við birtingamyndir myndlistar í borgarlandslaginu. Hann hélt utan um fimm vikna námskeið með nemendum myndlistardeildar þar sem borgin var viðfangsefni. Horft var til vinnuaðferða þar sem nemendur tókust á við samfélagslegar tengingar í verkum sínum, unnu með staðhætti eða hverskonar inngrip í opinberu rými; ástand, útlit, skipulag, tíðarandi,

stjórnmál og saga borgarinnar kom við sögu. Nemendur sýndu verk sín á tímabilinu 14. apríl til 12. maí í Listasafni ASÍ ásamt 15 íslenskum og erlendum listamönnum. Gefin var út sýningarskrá þar sem fjórir fræðimenn skrifuðu um þema verkefnisins. Haldnar voru málstofur einu sinni í viku meðan á sýningunni stóð.

## Umræðuþræðir

Umræðuþræðir er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar og myndlistardeildar Listaháskóla Íslands sem hófst árið 2011. Lagt er uppi með að skapa vettvang hérlendis fyrir alþjóðleg tengsl og umræður með erlendum gestum út frá fyrirlestrum, kynningu á listamönnum og kennslu við myndlistardeild. Gestirnir eru virtir sýningarstjórar, fræði- og listamenn sem eiga merkan feril að baki á alþjóðlegum vettvangi. Gestir Umræðuþráða vor 2012 voru bandaríski myndlistargagnrýnandinn og fræðimaðurinn Eleanor Heartney og breski listfræðingurinn og myndlistargagnrýnandinn Claire Bishop.

## Frásögn í myndlist – Narratives at Work

Samstarfsverkefni myndlistardeildar Listaháskólans og École Supérieure des Beaux-Artes de Nantes. Verkefnið er vettvangur nemenda og kennara frá Íslandi og Frakklandi þar sem hver og einn vinnur að eigin verkum út frá rannsóknum og samræðum um frásagnir í verkum samtímalistamanna. Fyrsta sameiginlega vinnustofa verkefnisins fór fram á Arnarstapa og í Reykjavík 20. – 26. mars. Sú næsta fer fram í Nantes í janúar 2013.

Þátttakendur 2012 voru: Bertrand Mandico, Marion Daniel, Philippe Richard, Claire Bishop, Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, Hulda Stefánsdóttir, Jón Proppé, Einar Garibaldi Eiríksson, Eva Gerson, Viktor Pétur Hannesson, Alice Guittard, Anouck Arrm, Aurélia Nardini, Patrik Belmont, Halla Birgisdóttir, Adri Glindo Rami, Jean-Eudes Macé, Sunneva Ása Weisshappel.

## Stapi Workshop exibition

Sýning nemenda í vinnustofunni *Frásagnir í myndlist* í myndlistardeild Listaháskóla Íslands. 26. mars 2012.

## Útgáfa Horizon

Samstarfsverkefni myndlistardeildar, Myndlistarháskólans í Bergen og í Vilinius og Konunglegu Listakademíunnar í Stokkhólmi um Víðmyndina í myndlist norðursins / Nordic Panoramic Interchange hlaut viðbótarstyrk frá KUNO (samtökum listaháskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum) til útgáfu heimildarrits um verkefnið undir heitinu Horizon. Ritið kom út á vordögum 2012.

## Raflosti

Myndlistardeild hefur á undanförnum árum gengist fyrir vinnustofum og þátttöku nemenda í sýningum í samstarfi við raflistahátíðina Raflosti. Hátíðin fór fram í tengslum við Listahátíð í Reykjavík vorið 2012 með þátttöku nemenda frá myndlistardeild. Samstarfsnámskeið myndlistardeildar, tónlistardeildar og verkfræði- og tölvunarfræðideildar HR *Gagnvirk vélræn list* tók einnig þátt í sýningarhaldi hátíðarinnar, m.a. með opnun samsýningar í Kubbnum í Laugarnesi á vordögum.

## Málhóf myndlistardeildar

Í tilefni af lokadegi vorsýningar Listaháskóla Íslands, 6. maí, og loka námskeiðsins Starfsumhverfi myndlistar, efndu útskriftarnemendur og kennarar myndlistardeildar til Málhófs í fjölnotasal Hafnarhússins.

*Hvers konar fagumhverfi blasir við myndlistarfólki að loknu bakkalárnáminu? Hvað hefur námið skilið eftir sig hjá þeim? Hvað tekur við? Er þetta spurning um að finna sér aðkomu að starfsumhverfinu eins og það er, bæði á innlendum og erlendum vettvangi, eða er fýsilegra að leita nýrra leiða og bæta við þá möguleika sem þegar eru fyrir hendi?* Fimm fulltrúar nemenda og fimm fulltrúar starfandi myndlistamanna, nýútskrifaðra sem reynslumeiri, og fólks af vettvangi íslenskrar samtímamyndlistar fluttu örstutt erindi og lýstu eigin sýn á stöðu mála.

Framsögufólk var: Adri Galindo Rami skiptinemi við myndlistardeild á vormisseri, Bjarki Bragason myndlistarmaður, Claudia Hausfeld útskriftarnemi, Dóra Hrund Gísladóttir, útskriftarnemi, Dorothée Kirch, framkvæmdarstjóri Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, Gunnar J. Árnason, heimspekingur og stundarkennari við deildina, Gunnar Jónsson, útskriftarnemi, Hekla Dögg Jónsdóttir, myndlistarmaður og aðjúnkt við deildina, Katrín I Jónsdóttir Hjördísardóttir, myndlistarmaður og úrskriftarnemi listfræði HÍ, Viktor Pétur Hannesson, útskriftarnemi. Umræðum stýrði Hulda Stefándóttir, prófessor við deildina.

## Netverk bókverka

Norræna húsið 19. maí til 17. júní 2012.

Í tengslum við ráðstefnuna *Art in Translation* og *Sjálfstætt fólk* á Listahátíð í Reykjavík

Fyrir um fimmtíu árum varð til hreyfing myndlistamanna sem unnu verk sín í bókarformi, sendu bækurnar sín á milli og komu sér þannig upp samstarfsneti sem fóstraði nýja og róttæka sýn á myndlist, samfélag og menningu. Á Íslandi voru listamenn sem snemma tileinkuðu sér þetta nýja tjáningarform – einkum þeir Dieter Roth og Magnús Pálsson – og lögðu grunninn að sterkri bókverkahefð sem síðari kynslóðir listamanna hafa nýtt sér til að koma hugmyndum sínum á framfæri og rækta tengsl við aðra framsækna listamenn um allan heim. Sýningin kannar þennan sterka þráð í íslenskri samtímalist og varpar ljósi á það hvaða hlutverki bókverkin gegndu í að rjúfa einangrun íslenskra framúrstefnulistamanna og gera þá að virkum þátttakendum alþjóðlega í nýlistinni.

Sýningunni *Netverk Bókverka* stýrðu Aðalheiður L. Guðmundsdóttir og Jón Proppé í samstarfi við nemendur í myndlistardeild Listaháskóla Íslands og listfræði við Háskóla Íslands.

Sýningin var í tengslum við alþjóðlegu ráðstefnuna Art in Translation sem haldin var dagana 24. – 26. maí í Norræna húsinu og Öskju. Þar var stefnt saman listamönnum og fræðimönnum og skoðaðir ýmsir fletir á ritlist, bæði í fræðilegum erindum og listrænum gjörningum. Ráðstefnan er haldin annað hvert ár á vegum Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og University of Manitoba og þetta árið í samvinnu við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Norræna húsið, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og Listahátíð í Reykjavík.

## Relay/boðhlaup, sýningarverkefni nemenda á Kaffistofunni á Listahátíð í Reykjavík

Myndlistardeild gekkst fyrir námskeiði á vormisseri í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík. Þar gafst nemendum kostur á að vinna með listamönnum að skilgreindum verkefnum í aðdraganda hátíðarinnar og uppsetningu sýninga. Myndlist skipaði stóran sess á hátíðinni í ár og þungamiðja þessa var víðamikið samnorrænt myndlistarverkefni sænska sýningarstjórans Jonatan Habib Engquists. Þátttakendur í námskeiðinu settu upp röð sýninga í nemendagallerii deildarinnar á

Hverfisgötu, Kaffistofunni, undir heitinu Relay. Verkefnið var sjálfstæður hluti samstarfsverkefnisins *Sjálfstætt fólk* og styrkt af Listahátíð.

Umsjón með námskeiðinu hafði Hanna Styrmisdóttir. Þátttakendur voru: Adrian Galindo Rami, Andreas Jari Juhani Toriseva, Freya L Steadman, Hanna Kristín Birgisdóttir, Helena Aðalsteinsdóttir, Julia Hartmann, Katrín Dögg Valsdóttir, Lysander Rohringer, Maria Cristina Trabulo, Þröstur Valgarðsson og Ívar Glói Gunnarsson.

## Orðasafn um myndlist

Myndlistardeild er þátttakandi í rannsóknarverkefninu *Orðasafn um myndlist* sem unnið var í samvinnu við Íslenska málstöð, Listasafn Íslands, Lisasafn Kópavogs – Gerðarsafn og Listasafn Háskóla Íslands. Unnið hefur verið að verkefninu frá árinu 2003. Styrkur frá Rannís borgaði laun fyrir einn starfsmann í fimm mánuði vorið 2012.

## Halarófa - gjörningahátíð

Halarófa- gjörningahátíð var haldin laugardaginn 31. mars 2012.

Hátíðin var lokahnykkur á tveimur námskeiðum í deildinni í umsjón Haraldar Jónssonar annars vegar og Erlings Klingenbergs hins vegar, þar sem nemendur skoðuðu gjörningaformið og margbrotið samband líkama og umhverfis. Fyrstu gjörningar fóru fram fyrir framan Kaffistofuna, Hverfisgötu 42B. Gestir hátíðarinnar voru síðan leiddir um næsta nágrenni en Halarófan lagði leið sína niður að sjó, inn í myrkur, milli húsa, bakvið hús, um farna vegi, í gegnum glugga, inní kirkju og uppí sofa. Þáttakendur voru: Alice Guittard, Borghildur Tumadóttir, Freya L Steadman, Grétar Már Sigurðsson, Guðrún H Ísaksdóttir, Guðrún Tara Sveinsdóttir, Hanna Kristín Birgisdóttir, Hrönn Gunnarsdóttir, Helena Aðalsteinsdóttir, Ingrid Sofie Ofstad, Julia Hartmann, Kristín Anna Valtýsdóttir, Logi Leó Gunnarsson, Magnús Skúlason, Maria C Trabulo, Óskar K Vignisson, Sigrún Hlín Sigurðardóttir, Lukka Sigurðardóttir, Una B. Magnúsdóttir, Þórdís B Sigþórsdóttir.

## Gjörningurinn SPUD fluttur við opnun sýningar Magnúsar Pálssonar í Kling og Bang galleríi.

Nemendur í áfanganum Gjörningar fluttu gjörninginn “SPUD” við opnun sýningar Magnúsar Pálssonar í Kling & Bang gallerí í mars. Gjörningurinn var endurfluttur föstudaginn 16. mars. Nemendurnir höfðu ásamt kennara sínum Erling T.V. Klingenberg samið og skipulagt nýja útgáfu útfrá texta-verki Magnúsar „Spud”. Verkið var einskonar hljóð-ljóð, og fjallaði um kartöflurækt og rækt. Gjörningurinn var fyrst flutt á performance hátíð í Bern í Sviss árið 1998. Þátttakendur í verkinu voru Borghildur Tumadóttir, Freya L.Steadman, Grétar Mar Sigurðsson, Guðrún Heiður Ísaksdóttir, Guðrún Tara Sveinsdóttir, Hrönn Gunnarsdóttir, Ingrid Sofie Ofstad, Kristín Anna Valtýsdóttir, Maria Cristina Trabulo og Siri Borgen.

## Listahátíð OffVen(ue)/(you)

Hópur nemenda á fyrsta og öðru ári tóku þátt í samsýningu með nemendum í hönnunar- og arkitektúrdeild, í nýju húsnæði skólans í Þverholti, þegar Listahátíð í Reykjavík stóð sem hæst á vordögum. Þátttakendur voru: Una Björg Magnúsdóttir, Nikulás Stefán Nikulásson, Guðrún Heiður Ísaksdóttir, Nína Óskarsdóttir, Katrína Mogensen, Grétar Mar Sigurðsson, Brynjar Helgason, Halla Birgisdóttir, Andreas Jari Juhani Toriseva, Michael Fanta, Freyja Eilíf Logadóttir, Sigrún Hlín Sigurðardóttir, Logi Leó Gunnarsson, Karl Torsten Stallborn, Borghildur Tumadóttir, Una Björg Bjarnadóttir, Indriði Arnar Ingólfsson, Myrra Leifsdóttir, Ívar Glói Gunnarsson og Alice Guittard,

## Tilraunasýningar í kaffistofunni

Nemendur í námskeiðinu *Sýningagerð og sýningastjórnun* héldu fjórar opinberar sýningar í Kaffistofunni á tímabilinu 9. til 30 mars. Á öllum sýningunum voru sýnd verk ungra starfandi myndlistarmanna sem útskrifast hafa frá Listaháskóla Íslands. Sýningarstjórar fylgdu sýningum eftir með áhugaverðum sýningaskrám þar sem birtir voru textar eftir listfræðinemendur við Háskóla Íslands um listamennina.

## STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Með upphafi meistaranáms í myndlist og hönnun er brotið blað í sögu sjónlistamenntunar á Íslandi en kennsla hófst á MA stigi haustið 2012 eftir áralangan undirbúning. Nemendur verða 16, 8 á hvoru ári í myndlist. Meistaranámið eykur til muna valkosti nemenda, styrkir sérhæfingu og rannsóknarverkefni á skilgreindum sviðum og mun þegar fram líða stundir efla fagumhverfi myndlistar hér á landi.

Á ný afstöðnum starfsdögum deildarinnar var ákveðið að fara þess á leit við stjórn skólans að stofnaður yrði vinnuhópur um gerð tillögu að stofnun meistaranámsbrautar í miðlun og stjórnun á myndlistarsviðinu (Curatorial Studies) við myndlistardeild. Slík námsbraut mun styrkja innviði deildarinnar til muna og skapa nýja valkosti til sérhæfingar á vettvangi myndlistar. Markmið námsins er að efla fagumhverfið á Íslandi með menntun sérfræðinga, sem eru hæfir til að vinna að framgangi myndlistar á breiðu sviði. Námið er bæði verklegt og fræðilegt og tekur mið af þeirri sérstöðu skólans sem felst í möguleikum til náinnar samvinnu deilda, tengingu milli listgreina sem kenndar eru við skólann, auk víðtæks samstarfs við söfn og stofnanir á vettvangi lista, bæði hér á landi sem erlendis.

Verið er að skoða möguleika á þátttöku deildarinnar í samnorrænni meistaranámsbraut á sviði hljóðlistar, *Nordic Sound Art*. Námið er samvinnuverkefni norrænna og baltneskra listaháskóla undir merkjum KUNO og styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Þátttökuskólarnir deila með sér námskeiðshaldi og kennslu og ferðast nemendur á milli skólanna á námstímanum. Námið hefur verið starfrækt í nokkur ár með góðum árangri.

Þá er í skoðun þátttaka myndlistardeildar í nýrri meistaranámsbraut á sviði gjörningstengdra lista, Performative Art Practice, sem er verið að skipuleggja af sömu samstarfsaðilum að frumkvæði Listaháskólans í Bergen, Noregi. Listform gjörningsins spannar breitt svið í samtímamyndlist (s.s. lifandi gjörninga, vídeólist og innsetninga) og hefur er sú aðferð myndlistar sem vaxið hefur hvað mest og styrkt sig í sessi á síðustu árum. Með sameinuðu framtaki norrænna og baltneskra myndlistarháskóla gæfist tækifæri til að byggja upp sterkt tengslanet rannsókna og þróunar á þessu sviði sem fælu í sér enn víðtækara samstarfi á alþjóðavettvangi við myndlistaakademíur í London, Vín og New York sem nú vinna að uppsetningu slíkra námsbrauta.

Í undirbúningi er stofnun Rannsóknarstofu í myndlist. Markmið slíkrar rannsóknarstofu er að vera vettvangur fyrir rannsóknarverkefni á sviði listsköpunar og fræða. Markvisst verður unnið að því að tengja rannsóknarverkefni kennara við kennslu og starfsemi deildarinnar. Starfsemi Rannsóknarstofu í myndlist verður tengd fyrirhugaðri Rannsóknarmiðstöð Listaháskólans sem er ætlað að styðja við rannsóknarverkefni kennara með ýmsu móti, eins og við gerð á styrkumsóknum, við útgáfu, miðlun og fleira. Formleg skýrsla um Rannsóknarstofu í myndlist verða tilbúin við lok vormisseris 2013 og verður þá hægt að ganga endanlega frá stofnun hennar. Reiknað er með að grunnkostnaður verði hluti af rekstri deildarinnar enda tengd kennslu og rannsóknarskyldu akademískra kennara við deildina. Fjármögnun verkefna byggist hins vegar á styrkjum bæði innan og utan skólans.

Brýnt er að laga húsnæði deildarinnar. Sérstaklega þar sem ljóst er að myndlistardeild verður staðsett í Laugarnesi næstu árin. Forgangsverkefni er að tryggja aukið kennslurými fyrir

meistaranámið en þar fjölgar nemendum um 100% næsta skólaár. Jafnframt er afar mikilvægt að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks í Laugarnesi.

Í desember 2011 lögðu deildarforsetar myndlistardeildar og listkennsludeildar fram tillögur til stjórnar skólans um breytingar á Laugarnesinu. Í tillögunum er gert ráð fyrri að flytja hluta af starfseminni úr myrkum kjallararýmum upp á efri hæðir hússins. Má þar nefna kennslustofur, fyrirlestarsal, mötuneyti, bókasafn og starfsmannaaðstöðu. Með nýjum aðalinngangi frá götuhæð skapast möguleikar á að staðsetja mikilvæga starfsemi í miðju húsinu, eins og skrifstofur, starfsmannaaðstöðu, bókasafn og mötuneyti. Slíkar nauðsynlegar breytingar munu gefa húsnæðinu nýtt líf og stuðla að góðu flæði í samskiptum, nemenda, kennara og annarra starfsmanna deildarinnar.

# TÓNLISTARDEILD

## STARFSEMI

Starf deildarinnar var með nokkuð hefðbundnu sniði ef undanskilin er sjálfsmatsvinna í deildinni eftir forskrift Gæðaráðs íslenskra háskóla.

Á skólaárinu var í fyrsta sinn kennt samkvæmt nýendurskoðaðri kennsluskrá, þar sem megin breytingin var að mun meiri samþætting var milli tónbókmennta og tónfræðagreina. Einnig var sú nýbreytni að hluti tónbókmenntakennslunnar var verklegur, og mæltist það yfirleitt mjög vel fyrir. Á fundi deildarforseta, fagstjóra og nemenda var spurt um álit nemenda á þessari nýju tilhögun, og voru nemendur mjög jákvæðir.

### SJÁLMATSVINNA OG FAGÚTTEKT

Starfsárið einkenndist öðru fremur af fyrirhugaðri fagúttekt á tónlistardeildinni. Skipti miklu máli að stilla saman strengi allra nemenda og kennara og ná samhug og samstarfsvilja til að gera sjálfsmatsskýrslu deildarinnar. Sjálfsmatsvinnan yrði bara marktæk ef sem flestir aðilar deildarinnar kæmu að henni.

Til að hefja þetta ferli, og til að koma deildinni á sameiginlegan byrjunarpunkt, var Peter Renshaw fenginn á starfsdaga í nóvember. Hann vann þrjá daga með mismunandi hópum innan deildarinnar, velti upp spurningum um sjálfsmynd deildarinnar, hvernig starfsfólk á í samtali innbyrðis og við umhverfið, og síðast en ekki síst, hvernig starf deildarinnar tengist skólanum sem heild. Mikil vinna, á 10 vikna tímabili, fór síðan í sjálfsmatsvinnu og að skrifa sjálfsmatsskýrsluna á vormisseri. Nemendur voru virkir í þeirri vinnu.

Nefndin fékk í hendur sjálfsmatsskýrslu tónlistardeildarinnar í mars og heimsótti skólann dagana 7.-9. maí. Nefndin fundaði með starfsfólki, núverandi og fyrrverandi nemendum og fulltrúum úr tónlistarlífinu auk þess að fylgjast með kennslu og sækja tónleika nemenda deildarinnar.

Úttektin var gerð í samstarfi við Evrópusamtök tónlistarháskóla AEC (The European Association of Conservatoires). Í nefndinni sátu: John Wallace, formaður nefndarinnar og rektor Konunglegu tónlistar-, dans- og leiklistarakademíunnar í Glasgow í Skotlandi, Gustav Djupsjöbacka, rektor Síbelíusarakademíunnar í Helsinki í Finnlandi, Orla McDonach, deildarforseti tónlistardeildar Konunglegu tónlistarakademíunnar í Dublin og Jón Biering Margeirsson, nemandi í Listkennsludeild Listaháskóla Íslands.

Úttektarskýrsla nefndarinnar barst deildinni 7. september 2012.

## NEMENDUR

Nemendur deildarinnar voru samtals 86 á skólaárinu, 46 konur og 40 karlar. Flestir nemendur deildarinnar eru í yngri kantinum, en um 69% eru 25 ára eða yngri.




**MYND 20 – ALDURSDREIFING NEMENDA**




**Mynd 21 - Nemendur eftir námsleiðum**

Nemendur deildarinnar skiptast á fimm brautir og að auki er boðið uppá leið fyrir nemendur sem lokið hafa framhaldsprófi í tónlist en stunda enn nám við framhaldsskóla. Þeirri leið lýkur með diplóma. Langflestir nemendur voru á tónsmíðabraut. Enginn nemandi stundaði nám á kirkjutónlistarbraut, og engin umsókn barst um nám við brautina. Fimm nemendur voru teknir inn í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf - NAIP, og njóta þeir góðs af samlegðinni við hinar listgreinarnar. Einnig var um aukningu á umsóknum í Skapandi tónlistarmiðlun (áður Mennt og Miðlun), en það er ljóst að slíkt nám, sem felur í sér möguleika til að starfa á sem breiðasta grundvelli og opnar tónlistarnemendum leið að öðlast færni á hljóðfæri sitt utan við hina hefðbundnu klassísku leið, hefur ákveðinn hljómgrunn. Flestar umsóknir bárust um nám í tónsmíðum, en inntökuhlutfallið í tónsmíðar er það lægsta í deildinni.




**Mynd 22 - Kynjahlutföll nemenda**




**Mynd 23 - Inntökuhutföll**

## STARFSFÓLK

Á árinu var einn starfsmaður deildarinnar í rannsóknarleyfi, Gunnar Kvaran prófessor í sellóleik og kammermúsík. Þorbjörg Hall var ráðin lektor og fagstjóri fræðigreina. Kjartan Ólafsson var endurráðinn í stöðu prófessors í tónsmíðum til þriggja ára.




**MYND 24 – SKIPTING STARFSÞÁTTA Í TÓNLISTARDEILD**

### FASTRRÁÐNIR STARFSMENN

Starfsmenn deildarinnar voru 21 á skólaárinu í 14,55 stöðugildum.




**MYND 25 - AKADEMÍSK STÖÐUGILDI**

Elísabet Erlingsdóttir, fagstjóri söngs
Guðný Guðmundsdóttir, aðjúnkt í fiðluleik
Gunnsteinn Ólafsson, aðjúnkt í tónfræðagreinum
Hróðmar I. Sigurbjörnsson aðjúnkt í tónsmíðum og tónfræðigreinum
Kjartan Ólafsson, prófessor og fagstjóri tónsmíða
Kristinn Sigmundsson, gestaprófessor í söng
Martial Guðjón Nardeau, aðjúnkt í flautuleik
Mist Barbara Þorkelsdóttir, deildarforseti
Nína Margrét Grímsdóttir, aðjúnkt í píanóleik
Ólöf Kolbrún Harðardóttir, aðjúnkt í söng
Peter Máté, fagstjóri hljóðfæraleiks
Richard John Simm, aðjúnkt í píanóleik
Ríkharður H Friðriksson, aðjúnkt í tónsmíðum
Selma Guðmundsdóttir, aðjúnkt í píanóleik
Sigurður Halldórsson, fagstjóri Skapandi tónlistarmiðlunar og NAIP
Sigurgeir Agnarsson, aðjúnkt í sellóleik
Svava Bernharðsdóttir, aðjúnkt í víóluleik og kammertónlist
Sveinn Kjartansson, tæknistjóri
Tryggvi M. Baldvinsson, aðjúnkt í tónsmíðum og tónfræðagreinum
Úlfar Ingi Haraldsson, aðjúnkt í tónsmíðum
Þorbjörg Daphne Hall, lektor og fagstjóri fræða

### STUNDAKENNARAR OG GESTIR Á NÁMSKEIÐUM

Stundakennarar og gestir voru alls 58 á skólaárinu eða sem samsvarar 1,7 stöðugildum.

Anna Guðný Guðmundsdóttir
Arndís Björk Ásgeirsdóttir
Áskell Másson
Atli Ingólfsson
Christopher John Foster
Einar Jóhannesson

Elísabet Waage
Elsa Waage
Erik Robert Qvick
Guðný Einarsdóttir
Guðrún Birgisdóttir
Guðrún Ingimundardóttir
Guðrún Óskarsdóttir
Gunnar Andreas Kristinsson
Gunnar Kvaran Hrafnsson
Gunnhildur Ottósdóttir
Hafdís Bjarnadóttir
Halla Steinunn Stefánsdóttir
Halldór Haraldsson
Heiðar Sumarliðason
Helga Aðalheiður Jónsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Hilmar Örn Hilmarsson
Hilmar Þórðarson
Ingibjörg Eyþórsdóttir
Ingólfur Örn Arnarsson
Jesper Pedersen
Kjartan Kjartansson
Jón Gunnar Biering Margeirsson
Kristinn Örn Kristinsson
Lárus Halldór Grímsson
Lenka Mátéová
Njörður Sigurjónsson
Ólöf Ingólfsdóttir
Páll Ragnar Pálsson
Pétur Jónasson
Sigrún Eðvaldsdóttir
Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths
Sigurður Guðjónsson
Sigurður Hjörtur Flosason
Stefán Hallur Stefánsson
Stefán Ómar Jakobsson
Stefanus van Oosterhout
Svanlaug Jóhannsdóttir
Sæunn Þorsteinsdóttir
Sverrir Guðjónsson
Tinna Þorsteinsdóttir
Þorkell Helgi Sigfússon
Þórhildur Örvarsdóttir
Þórir Baldursson

### ERLENDIR GESTAKENNARAR

Albert MamrievEva Märtson
Gregory Barret
Ilkka Heinonen
Katariina Liimatainen
Linda Chatterton
Maria Tomanova
Norma Enns

## TÓNLEIKAR OG VIÐBURÐIR

Tónleikar eru fyrirferðamestu viðburðir deildarinnar, þar sem þeir eru stór hluti af námsmati nemendanna. Aðrir viðburðir voru masterklassar og hádegisfyrirlestrar.

### TÓNLEIKAR AÐ HAUSTI

Tónleikarnir að hausti fóru fram í Þjóðmenningarhúsinu og heima í Sölvhóli, og voru þeir flestir sendir beint út á netinu, bæði hljóð og mynd. Nemendur í Skapandi tónlistarmiðlun kynntu og sáu um umgjörðina, en nemendur í upptökutækni, í samstarfi við Stúdíó Sýrland og Tækniskólann, sáu um útsendingar. Tónleikarnir urðu 17 talsins, auk fjölda minni hádegistónleika. Mikil stemning ríkti, og aðsókn var yfirleitt góð, en mest þó að löngum og fjölbreyttum tónsmíðatónleikum deildarinnar í janúar. Skv. hefðinni eru verk tónsmíðanema flutt í janúar, þótt þeim sé skilað inn til námsmats í desember til að hljóðfæranemendur fái svigrúm til að æfa verkin.

Sautján kammerhópar störfuðu við deildina á skólaárinu.

### ÚTSKRIFTARTÓNLEIKAR

Stærstu viðburðir deildarinnar eru útskriftartónleikarnir og -viðburðirnir. Þeir urðu 16 og má segja að þeir hafi sjaldan verið fjölbreyttari. Tónleikastaðirnir voru sömuleiðis margir, Þjóðmenningarhúsið, Neskirkja, Fella- og Hólakirkja, Fríkirkjan í Reykjavík, Salurinn, Sölvhóll og Harpa - bæði í opinberu rými og í bílakjallara.

### Tónleikar að vori

Almennir vortónleikar deildarinnar urðu 17 talsins. Eðli málsins samkvæmt fara vortónleikar og útskriftarviðburðir deildarinnar fram á sama tímabili. Það er verulega gefandi að upplifa þessa miklu grósku og uppskeruhátíð, en á sama tíma er það töluvert álag á fastakennara deildarinnar að fylgja eftir 33 tónleikum á mánaðarlöngu tímabili, á sama tíma og lokanámsmat og inntaka er í gangi.

### Meistaravörn

Aðeins ein meistaravörn átti sér stað, í NAIP, og fékk deildin prófdómara frá Konunglega Tónlistarháskólanum í den Haag til að prófdæma, og taka þátt í inntöku í NAIP námið.

### Ungir einleikarar

Tónleikar Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir yfirskriftinni „Ungir einleikarar“ voru haldnir í Hörpu 12. janúar. Þrír nemendur tónlistardeildarinnar komu fram, Elín Arnardóttir píanóleikari, Ísak Ríkharðsson fiðluleikari og Chrissie Thelma Guðmundsdóttir fiðluleikari.

### Masterklassar

Viðamikill þáttur í starfi deildarinnar eru masterklassarnir. Masterklassar hljóðfæra og söngs eru opnir öllum, og nýta langt komnir nemendur og kennarar annara skóla sér það að einhverju leyti að koma og hlusta, og í einstaka tilfellum fá að spila. Stefna deildarinnar er að reyna að auka aðgengi nemenda annara skóla, og því hafa tímasetningar fyrir starfsárið 2012-2013 verið endurskoðaðar. Það er mjög mikilvægt að hafa þennan opna prófíl á deidinni og er þetta í leiðinni, mikilvæg leið til að kynna deildina fyrir væntanlegum umsækjendum í hljóðfæraleik og söng.

Masterklassar urðu samtals 81, 38 á haustönn og 43 á vorönn. Auk þessara masterklassa, voru haldnir opnir masterklassar sérstaklega fyrir píanó- og söngnemendur annara tónlistarskóla eina helgi.

### Opnir fyrirlestrar

Opnir fyrirlestrar deildarinnar voru átta, og masterklassar tónsmíða, sem einnig eru opnir fyrirlestrar voru ellefu.

### Styrktarsjóður Halldórs Hansen

Styrktarsjórður Halldórs Hansen, sem hefur það megin hlutverk að styðja við og efla tónlistarbókasafn Listaháskólands, stóð að venju fyrir verðlaunaafhendingu til útskrifaðra nemenda. Að þessu sinni hlutu tveir nemendur verðlaun, kr. 500.000. Elísabet Einarsdóttir, sópran og Jane Ade Sutarjo, fiðlu- og píanóleikari. Verðlaunaafhendingin fór fram í ágúst í Sölvhóli.

## SAMSTARF MILLI DEILDA SKÓLANS

Samstarf milli deilda var á hefðbundnum nótum hvað varðar fræðanámskeið og önnur námskeið sem eru opin öllum nemendum og þeir sækja að eigin vali. Unnið var að enn frekari samþættingu, t.d. varðandi stundatöflur, til að nemendur gætu betur sótt fræðanámskeið annara deilda. Einnig var unnið að samþættingu fræðanámskeiða á meistarastigi, til undirbúnings fyrir meistaranám í skapandi greinum. Að lokum unnu fræðafagstjórar allra deilda á bakkalárstigi að því að skipuleggja sameiginlegt námskeið á ensku fyrir erlenda nemendur skólans og skiptinema.

Einnig skipulögðu þeir sértæk námskeið í öllum deildum, sem þó væru nægilega opin til að bjóða öðrum deildum. Þessar breytingar komu allar til framkvæmda haustið 2012.

Fjölmörg námskeið og samstarfsverkefni eru í boði fyrir nemendur allra deilda. *Samtal* mæltist vel fyrir í tónlistardeild, en árs nemendur allra deilda tóku þátt í því. Var það undir handleiðslu Halldórs Gíslasonar.

Mest var samstarfið við leiklista- og dansdeild, en návígi þessara deilda skapar tækifæri til náins samstarfs og verkefnin verða til bæði inni á kennarastofu og meðal nemendanna sjálfra. Þetta er gríðarlega mikilvægt og skólinn verður hreinlega að finna leið til að aðrar deildir fái tækifæri til að verða hluti af þessari skapandi heild. Það heyrir nánast til undantekningar ef verkefni eru sett upp af leiklistar- og dansdeild án þátttöku nemenda í tónsmíðum. Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir alla nemendur og af þessu hlýst ómetanleg reynsla sem nemendur búa að og opnar þeim margar nýjar leiðir þegar vel tekst til.

Samstarf við myndlistadeild er einnig þó nokkuð, sérstaklega hjá tónsmíðanemendum. Stefnt er að því að auka formlegt samstarf deildanna en fjölmargir snertifletir fyrirfinnast, sérstaklega á sviði nýrra listmiðla, raf- og tölvutónlistar.

## INNLENT SAMSTARF

### Sinfóníuhljómsveit Íslands

Frá upphafi hefur deildin verið í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands um einleikarakeppni. Rektor skólans skipar dómnefnd, en SÍ tilnefnir hljómsveitarstjóra í nefndina. Skólastjórum annara tónlistarskóla er boðið að skrá nemendur í keppnina, ef þeir eru sannarlega á bakkalárstigi. Keppnin fór fram í lok október í Sölvhóli, og komust þrír nemendur frá Listaháskólanum í verðlaunasæti.

### Ísafjörður

Frá upphafi hefur tónlistardeildin átt mjög gott samstarf við Ísafjörð, en það samstarf var formgert þegar deildin varð aðili að samevrópska meistaranáminu, Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf, NAIP. Að venju fóru fyrsta árs nemendur í vikulanga ferð til Ísafjarðar ásamt NAIP nemendunum, og var útskrifaður NAIP nemandi, Jón Gunnar Biering Margeirsson leiðbeinandi. NAIP nemendur fóru síðan aftur til Ísafjarðar á vordögum, og tóku þátt í námskeiðinu *Ómur Náttúrunnar*, sem er sameiginlegt valnámskeið með hinum samstarfsskólunum í NAIP. Komu nemendur frá Hollandi og Svíþjóð. Ísfirðingar tóku sem fyrr, einstaklega hlýlega og vel á móti nemendunum, og er það einstakt hvernig Tónlistarskóli Ísafjarðar opnar húsnæði sitt og alla aðstöðu fyrir nemendum og kennurum Listaháskólans.

### Við Djúpið

Tónlistardeildin er samstarfsaðili sumarhátíðarinnar Við Djúpið. Þetta er einingabært námskeið, og nokkrir nemendur fara á hverju ári. Stefnt er að því að efla þátttöku nemenda, jafnvel að byrja námskeiðið í Reykjavík og færa það síðan vestur með það að markmiði að stækka námskeiðið.

### Þjóðlagahátíðin á Siglufirði

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði er annað einingabært sumarnámskeið sem deildin tekur til greina sem valnámskeið, en samstarfið er ekki formgert.

### Samstarf við skóla Ísaks Jónssonar

Tónlistardeildin hefur um árabil verið í samstarfi við Skóla Ísaks Jónssonar með miðlunarnámskeið í desember. Það er einstakt hversu vel hefur tekist til. Ísaksskóli leggur metnað sinn í að undirbúa nemendur sína undir heimsókn nemenda Listaháskólans, og síðan er unnið saman að því að skapa tónlist sem er flutt fyrir fullu húsi í lok tímabilsins.

### Myrkir músíkdagar

Tónlistardeildin hefur frá upphafi verið í samstarfi við Myrka Músíkdaga. Nemendur hafa fengið tækifæri til að koma fram, bæði sem hljóðfæraleikarar og tónskáld, og gestir hátíðarinnar. Mikilsmetnir listamenn, innlendir sem erlendir hafa haldið fyrirlestra og masterklassa fyrir nemendur Listaháskólans.

### Voces Thules

Á hverju vori er unnið samstarfsverkefni með tónlistarhópnum Voces Thules. Þar fá nemendur að kynnast miðaldatónlist, ýmist íslenskri eða erlendri, og þeirri rannsóknarvinnu sem tengist flutningi á þessari tónlist.

### Raflosti

Tónlistardeild er í samstarfi við tónlistarhátíðina Raflosti. Deildin stóð, ásamt myndlistadeild og verkfræði- og tölvunarfræðideild HR fyrir námskeiði, *Gagnvirk vélvæn list*, en nemendur tóku einnig þátt í vinnustofum og tónleikum. Stefnt að því að auka það samstarf.

### Hugvísindadeild HÍ

Tónlistardeildin er í samstarfi við Hugvísindadeild HÍ með kennslu í íslenskum þjóðlögum. Fjölmennt námskeið fór fram haustið 2011.

### Stúdíó Sýrland

Áður er minnst á samstarf um upptökunámskeið við Stúdíó Sýrland.

## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Tónlistardeildin er aðili að Evrópska tónlistarháskólaráðinu, AEC, og Norræna tónlistarháskólaráðinu ANMA. Deildarforseti á sæti í stjórnum beggja samtaka. Fjölmargir skiptisamningar hafa verið gerðir við bestu tónlistarháskóla álfunnar. Nýtur deildin góðs af heimsóknum þaðan sem og að kennarar deildarinnar eru eftirsóttir til kennslu hjá þeim. Einn nemandi fór utan í skiptinám og þrír komu á haustmisseri, þar af var einn allt árið. Á vormisseri fóru tveir utan og þrír komu.

Deildarforseti tónlistardeildar er komin í hóp sérfræðinga í gæða úttektum eða "institutional and program review" fyrir hönd AEC samtakanna, og stýrir gæðaráði þeirra. Þetta er mjög krefjandi, en jafnframt lærdómsríkt, og gagnaðist skólanum þegar ákveðið var að tónlistardeildin yrði fyrst deilda að fara í gegn um fagúttekt. Sá lærdómur mun síðan hjálpa öðrum deildum skólans og skólanum í heild. Deildarforseti leiddi stofnanaúttekt á Griffiths University Conservatory of Music, í Queensland í Ástralíu í byrjun apríl.

## PROCESS

Tónlistardeildin var í samstarfi við Akademíuna í Vilnius, ásamt Akademíunum í Oslo, Kaupmannahöfn, Malmö og Sibeliusar í Helsinki, að tónsmíðavinnustofu sem er nefnd Process. Fór einn nemandi til Vilnius.

## INTERNATIONAL FLUTE FESTIVAL

Tónlistardeild LHÍ tók þátt í samstarfsverkefni með tónlistarháskólum í Bergen í Noregi og Poznan í Póllandi undir yfirskriftinni "International flute festival" og fór Martial Nardeau til Póllands að kenna og halda tónleika, en að þessu sinni enginn nemandi

## CROSSING BORDERS

Í mörg ár hefur deildin verið aðili að námskeiði í samstarfi við nokkra evrópska skóla sem er stýrt af Estonian Academy of Music og kallast *Crossing borders*. Að þessu sinni fór Guðný Guðmundsdóttir ásamt fiðlunemanda til Tallin.

## NAIP SUMARSKÓLI

Nýnemar NAIP haustið 2011 sóttu hið venjubundna sumarnámskeið sem var að þessu sinni í Schiermonikoog. Fjórir nemendur fóru ásamt Sigurði Halldórssyni fagstjóra NAIP námsins.

## DAMA MUSIC AND DANCE NETWORK.

Einn nemandi fór á “White noise project” í Viljandi.

## EMD POST-MODERN RELATIONSHIP BETW. DANCE AND MUSIC-CPH

Tveir nemendur fóru á námskeiðið

## AÐALFUNDUR AEC

Formaður nemendafélagsins, ásamt deildarforseta, sótti fund AEC þar sem umræðuefnið var þátttaka nemenda í stjórnsýslu tónlistarháskóla heima fyrir og í ráðum og nefndum Evrópuráðsins.

# SKIPTINÁM

Það er litið á skiptinám sem mikilvægan lið í námsferli nemenda tónlistardeildar. Nemendur eru hvattir til þess að íhuga skiptinám, og þrátt fyrir mikla tímasókn og þéttskipað flæðirit, eru alltaf fundnar leiðir til að nemendur geti farið og fengið reynslu af því að kynnast öðrum löndum og annari menningu. Það hefur helst verið til vandræða hvernig annirnar í mörgum Evrópulöndum, sérstaklega Þýskalandi, eru á skjön við okkar kennslumisseri. Þetta hefur haft það í för með sér að nemendur hafa byrjað skólaárið hér, farið síðan út í október, og komið aftur í febrúar til að klára skólaárið heima. (Í sumum tilfellum hafa þau þannig nánast náð þremur önnum á einu ári, og einingafjöldi farið uppfyrir leyfilegt magn. Það sama gerist ef þau fara að vori, því þá bætist sumarönn við, sem er til vandræða gagnvart LÍN ).

Stefnt er að því að halda öfluga kynningarfundi einu sinni á ári, helst seint á haustönn, þar sem nemendur sem hafa verið í skiptinámi segja frá, og þeir sem hafa áhuga geta fengið upplýsingar frá alþjóðafulltrúa.

Þó nokkur umræða var um komu skiptinema hingað. Kennslutungumálið í BA námi er íslenska, og því hefur verið erfitt að taka á móti skiptinemum inn í fræðagreinar deildarinnar. Einkatímarnir og kammermúsík, sem og smærri sérfagleg námskeið, hafa gengið vel.

Fræðakennarar allra deilda gerðu áætlun og skipulögðu námskeið fyrir erlenda nemendur og var byrjað að kenna skv. þeirri áætlun haustið 2012.

Rætt hefur verið um það í tónlistardeild, að skólinn í heild þyrfti að marka stefnu um hvernig best væri að taka á móti erlendum nemendum, t.d. með íslenskufræðslu innan skólans, mentorakerfi, "buddy" kerfi og skilgreiningu á námsframboði á ensku.

Vegna kennslutungumálsins getur tónlistardeildin ekki tekið við skiptinemum sem verða skv. áætlun frá heimaskóla að uppfylla skyldu í hefðbundnum tónfræðagreinum. Það eru því yfirleitt skiptinemar á lokaári bakkalárnáms, eða jafnvel í meistaranámi, sem sækja til tónlistardeildarinnar.

### Nemendur frá tónlistardeild

Á haustönn fóru þrír nemendur utan, einn í tónsmíðum og tvær í söng. Á vorönn fóru tveir, einn í tónsmíðar og ein í píanóleik.

### Nemendur til tónlistardeildar

Sex skiptinemar komu til náms, fiðluleikari, flautuleikari, kontrabassaleikari, einn tónsmíðanemi og söngkona var í heilt ár. Á vorönn komu 5 nemendur, þar af 3 í NAIP.

## KENNARASKIPTI

Það er stefna tónlistardeildar að efla kennara- og starfsmannaskipti. Margir kennarar deildarinnar hafa efnt til mjög mikilla og gjöfulla samskipta, sérstaklega á hljóðfæra- og söngsviðinu, en einnig í tónsmíðum. Fræðin hafa orðið aðeins útundan, og eru kennarar fræðanna hvattir til dáða. Deildin er í formlegu sambandi við nokkra skóla vegna sameiginlega meistaranámsins NAIP, og á þeim vettvangi er að sjálfsögðu töluvert um skipti og samstarf.

## STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Markmið tónlistardeildar Listaháskólans er að vera flaggskip íslenskrar tónlistarmenntunar. Höfuðáhersla deildarinnar er að þekking er drifkraftur sköpunar. Sérstaða deildarinnar er framsækið nám sem byggir á hefð, sögu og tækni. Markmiðið er að stuðla að þroska og efla nemendur til sjálfstæðis með sterka vitund fyrir nýsköpun, samfélagi og samstarfi.

Tónlistardeildin nær þessu fram með því að:

- viðhalda einatt miklum listrænum og fræðilegum gæðum
- þróa námið í takt við samtímann og stuðla að þverfaglegri samvinnu
- efla listsköpun og rannsóknir
- eiga samtal við nánasta umhverfi og samfélagið í heild
- taka þátt í erlendum samtökum og öðru alþjóðlegu samstarfi
- stunda markvissa þjálfun og gagnrýna hugsun í öllu starfi
- skapa jákvætt vinnuumhverfi sem byggir á virðingu og trausti

Eins og sagði í upphafi, snerist stór hluti strafsársins í kring um fyrirhugaða fagúttekt og sjálfsmatsvinnunni í tengslum við hana. Deildin tók þá vinnu alvarlega og var unnið markvisst og af heiðarleika. Það var því ekki mikið sem kom á óvart í úttektarskýrslu erlendu sérfræðinefndarinnar, heldur staðfesti hún það sem komið var fram og við vorum í mörgum tilfellum þegar farin að vinna í að lagfæra og leiðrétta. Það kom reyndar skemmtilega á óvart

hversu jákvæð um margt nefndin var, sem styrkir okkur í því að halda áfram að reyna að gera þá hluti vel. Nefndin hrósaði deildinni fyrir frumkvöðlastarf varðandi uppbyggingu kennsluskrár því hún miðar að því að skapa nýja tegund af tónlistarmanni, og talaði um gæði nemenda og kennslu. Eina raunverulega gagnrýnin, og sú kom á óvart, var að úttektarnefndin benti okkur á að allt skrifað efni og stefnumörkun væri lituð af kreppuástandi, það væri miklu meiri hugur og orka í starfsólki deildarinnar og nemendum en við létum í ljós. Hún hvatti deildina til dáða, að horfa óhrædd framan í samfélagið, tengjast því sterkari böndum og gera okkur gildandi sem leiðtogar í tónlistarmenntun og menningu þjóðarinnar.

Af öðrum þáttum, lagði nefndin til að meistaranám í hljóðfæra- og söngkennslu hæfist hið fyrsta, að deildin passaði það að einangrast ekki, heldur halda því á lofti að vera hluti af heild Listaháskólans að unnið yrði í því að finna faglegt tónleikarými fyrir nemendur, hvort sem það væri innan okkar húsnæðis eða í samstarfi við t.d. Hörpu, og að deildin þyrfti mun meira fjármagn til að halda úti kennslu, rannsóknum og verkefnum sem tilheyra þessu námsstigi á 21. öldinni.

Í vor var í fyrsta sinn boðið upp á meistaranám í listum í öðrum deildum en tónlistardeild. Mikil vinna fór í að greina hvar væri um hugsanlega samlegð að ræða, og hvernig samþætta mætti stundaskrár o.s.frv. Því voru það mikil vonbrigði að ekki tókst að fá nægjanlega marga umsækjendur um meistaranám í tónsmíðum, til að hægt væri að taka inn í námið. Enginn nemandi stundar því nám á fyrsta ári á meistarastigi í tónsmíðum. Meistaranám í tónsmíðum er eðlilegt framhald í deild þar sem meirihluti nemenda eru í tónsmíðanámi. Það hlýtur að skoðast sem áfellisdómur að hafa lent í þessari aðstöðu. Yfirstandandi er vinna við að endurskoða og skerpa á áherslum í meistaranáminu í tónsmíðum. Það er því stórt verkefni framundan í vetur.

Öll stefnumótun og framtíðarsýn deildarinnar tekur nú mið af niðurstöðum úttektarnefndarinnar, og þar með sjálfsmatsvinnu deildarinnar sjálfrar og hófst starfsár tónlistardeildar með því hugarfari haustið 2012. Vinnan sem unnin var til undirbúnings fyrir fagúttektina, var til þess að efla gæði kennslu og náms við deildina. Búið er að leggja upp og skerpa á þeim þáttum sem ber að vera vakandi fyrir. Það er stefna og verkefni deildarinnar að eðlilegt samtal nemenda, kennara og starfsmanna eigi sér ávallt stað á öllum stigum námsins. Starfsandi deildarinnar er mjög góður þrátt fyrir erfiðleika vegna aðstöðuleysis og fjarmagnsskorts. Það má þakka m.a. því gæðaferli sem tónlistardeildin hefur gengið í gegnum.

# STOÐSVIÐ

Innan sameiginlegrar stjórnsýslu skólans eru eftirtalin fimm stoðsvið: framkvæmda-og fjármálasvið, háskólaskrifstofa, bókasafn og upplýsingaþjónusta, rannsóknaþjónusta, og tölvu- og vefþjónusta.

Starfsmenn stoðsviða voru alls 35 á skólaárinu en stöðugildi 31.4

Fyrirhugaðar eru breytingar á skipuriti skólans á skólaárinu 2012-13.

## Framkvæmda- og fjármálasvið

Undir framkvæmda- og fjármálasvið fellur umsjón með fjármálum og eignum skólans. Framkvæmdastjóri fer með yfirstjórn fjármála og eigna skólans í umboði rektors.

## Háskólaskrifstofa

Á háskólaskrifstofu fá nemendur og kennarar daglega þjónustu af ýmsu tagi. Þar er haldið utan um alla skráningu á námsferlum nemenda, kennsluskrá, stundaskrár, og úthlutun kennslurýmis. Jafnframt sér skrifstofan um móttöku erinda og almenna upplýsingaþjónustu fyrir skólann. Deildarskrifstofur eru starfræktar í hverri byggingu skólans.

## Rannsóknaþjónusta

Rannsóknaþjónustan hefur það hlutverk að auka veg rannsókna við skólann og þar með stuðla að nýsköpun þekkingar á fræðasviðinu listir. Eitt aðalhlutverk hennar er að aðstoða við fjármögnun rannsókna- og samstarfsverkefna sem unnin eru innan vébanda skólans, auk þess að veita ráðgjöf og leiðbeina við umsóknaskrif og kostnaðaráætlanir í samkeppnissjóði. Rannsóknaþjónustan hefur einnig það hlutverk að miðla og kynna þau rannsókna- og listsköpunarverkefni sem unnin eru innan skólans með því að standa að uppbyggingu gagnagrunns þar að lútandi. Þar að auki aðstoðar rannsóknaþjónustan við tengslamyndun og aflar sambanda til samstarfs um rannsóknir í listum, hvort sem er hérlendis eða erlendis.

## Bókasafn og upplýsingaþjónusta

Bókasafn Listaháskólans er sérfræðisafn á sviði þeirra listgreina sem skólinn lætur sig varða. Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsfólki skólans, auk annarra sem til skólans leita, aðgang að fjölbreyttu efni upplýsinga um listir og menningu, s.s. fræðibókum, tímaritum, myndefni, leikhandritum, hljómplötum, diskum og nótnabókum. Einnig að leiðbeina notendum um notkun safnsins og aðstoða þá við leit að upplýsingum í rafrænum gagnasöfnum. Bókasafnið hefur aðsetur í öllum þremur byggingum skólans.

## Tölvu- og vefþjónusta

Tölvu- og vefþjónusta veitir nemendum og starfsmönnum alla almenna þjónustu við tölvutækni og hugbúnað, auk þess að sjá um uppsetningu vefsíðu skólans og aðra netþjónustu sem skólinn þarf á að halda. Jafnframt hefur sviðið umsjón með almennum prentunarmálum og viðhaldi sameiginlegs tækjabúnaðar alls skólans. Starfsmenn tölvu- og vefþjónustu hafa fasta viðveru í öllum þremur meginbyggingum skólans.

## STARFSMENN STOÐSVIÐA

### Skrifstofa rektors

Hjálmar H. Ragnarsson, rektor

Rebekka Silvía Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri þróunar og gæðamála

### Framkvæmda- og fjármálasvið

Anna Biering, aðalbókari

Jóna Finnsdóttir, framkvæmdastjóri

Ólafur Hallgrímsson, umsjónarmaður húseigna

Sigurlaug Sæmundsdóttir, bókari

Sylvía Hlín Matthíasdóttir, launafulltrúi og gjaldkeri

### Háskólaskrifstofa

Alma Ragnarsdóttir, alþjóðafulltrúi

Ásdís Þórisdóttir, fulltrúi í móttöku

Björg Birgisdóttir, forstöðumaður

Björg Stefánsdóttir, þjónustufulltrúi hönnunardeildar

Esther Steinsson, deildarfulltrúi leiklistar- og dansdeildar

Hafdís Harðardóttir, deildarfulltrúi hönnunar- og arkítektúrdeildar

Helga P. Brynjólfsdóttir, deildarfulltrúi myndlistardeildar

Lísa Guðjónsdóttir, þjónustufulltrúi myndlistardeildar og listkennsludeildar

Margrét Rún Guðmundsdóttir, þjónustufulltrúi leiklistar- og dansdeildar og tónlistardeildar

Marta Þórðardóttir, kynningarstjóri

Sóley Björt Guðmundsdóttir, deildarfulltrúi tónlistardeildar

Sóley Þórarinsdóttir, námsráðgafi

Svanborg Matthíasdóttir, deildarfulltrúi listkennsludeildar

### Bókasafn og upplýsingaþjónusta

Berglind Hanna Jónasdóttir, upplýsingafræðingur

Jóhanna Diðriksdóttir, upplýsingafræðingur

Lísa Z. Valdimarsdóttir, forstöðumaður (til okt. 2011)

Riina Pauliina Tarkianinen, starfsmaður á bókasafni

Sara Stef Hildardóttir, forstöðumaður (frá okt. 2011)

Sigrún Sveinsdóttir, upplýsingafræðingur

### Rannsóknaþjónusta

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, forstöðumaður

### Tölvu- og vefþjónusta

Ágúst Loftsson, forstöðumaður

Bjarni Þórisson, vefþjónusta

Sigurþór Heimisson, notendaþjónusta

### Mötuneyti

Andrea G. Guðmundsdóttir, forstöðumaður Þverholti

Ester Halldórsdóttir, starfsmaður Laugarnesi

Halldóra Emilsdóttir, forstöðumaður Sölvhólsgötu

Lilja Guðmundsdóttir, starfsmaður Sölvhólsgötu

Margrét Þóra Þorláksdóttir, forstöðumaður Þverholti

Snjólaug Soffía Óskarsdóttir, forstöðumaður Laugarnesi

Eftirfarandi er nánari umfjöllun um alþjóðamál, bókasafn og upplýsingaþjónustu, rannsóknaþjónustu, og vef- og tölvuþjónustu.

# ALÞJÓÐAMÁL

## STARFSEMI

Helstu verkefni á skólaárinu voru nemenda- og kennaraskipti, starfsnám nemenda og útskrifaðra nemenda og þáttaka í öðrum erlendum samstarfsverkefnum.

## STARFSFÓLK

Á alþjóðasviði starfar Alma Ragnarsdóttir í fullu starfi sem alþjóðafulltrúi.

## ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Alþjóðasvið veitir ráðgjöf til nemenda varðandi nemendaskipti og starfsnám. Margar fyrirspurnir berast til sviðsins erlendis frá vegna fyrirhugaðs skiptináms eða náms til prófgráðu við Listaháskólann. Alþjóðasviðið hefur jafnframt umsjón með dvalarleyfisumsóknum erlendra nema.

Veitt er þjónusta og ráðgjöf til starfsfólks skólans varðandi starfsmanna- og kennaraskipti til samstarfsskóla. Alþjóðasvið tekur á móti fyrirspurnum einstaklinga sem hafa áhuga á að dvelja eða starfa við Listaháskólann í tengslum við rannsóknarstyrki, t.d. Fulbright og American Scandinavian Foundation. Sviðið tekur einnig á móti fyrirspurnum erlendra háskóla vegna fyrirhugaðra kennaraskipta til skólans eða möguleika á annars konar samstarfi. Oftast er um að ræða samstarfsverkefni í tengslum við samskiptaáætlanir á borð við Erasmus, Nordplus, EEA, Norwegian Mechanism Fund o.fl.

## NEMENDA- OG KENNARASKIPTI

Á skólaárinu fór 31 nemandi í hefðbundið skiptinám í 3 mánuði eða lengur og 64 nemendur til viðbótar sóttu námskeið við erlenda samstarfsskóla. 11 nemendur fóru í starfsnám til Evrópu í gegnum Erasmus menntaáætlunina sem er mikil fjölgun frá árinu þar á undan. Þetta gera alls 106 ferðir nemenda frá skólanum vegna þáttöku í erlendu samstarfi en líklegt er að einhverjir nemendur hafi ferðast oftar en einu sinni.




**MYND 26 - FERÐIR NEMENDA TIL OG FRÁ LHÍ ( DÖKKU SÚLURNAR SÝNA NEMENDUR FRÁ LHÍ OG LJÓSU SÚLURNAR TIL LHÍ)**

Að venju var mikil aðsókn nemenda erlendis frá um að koma í skiptinám til Listaháskólans. Umsóknir voru 131 talsins en alls voru teknir inn 35 skiptinemar. Að auki tók skólinn á móti 41 nemanda til styttri dvalar eða starfsnáms.




**MYND 27 - SKIPTINÁM (DÖKKU SÚLURNAR SÝNA NEMENDUR FRÁ SKÓLANUM OG LJÓSU SÚLURNAR NEMENDUR TIL SKÓLANS)**




**MYND 28 – KENNARA- OG STARFSMANNASKIPTI (DEKKRI SÚLURNAR SÝNA KENNARA/STARFSFÓLK FRÁ SKÓLANUM OG LJÓSU SÚLUNAR KENNARA/STARFSFÓLK TIL SKÓLANS)**

Átján starfsmenn Listaháskólans fóru í kennara- eða starfsmannaskipti, Sextán akademískir starfsmenn og tveir starfsmenn stoðsviða. Á móti komu þrjátíu kennarar í kennaraskipti og einn starfsmaður í starfsmannaskipti.

## ÖNNUR VERKEFNI

Listaháskólinn tók þátt í 26 erlendum samstarfsverkefnum á árinu sem flest tengjast þátttöku í evrópsku og norrænu menntaáætluninni. Þessi verkefni eru mörg hver í formi styttri námskeiða en geta einnig verið á sviði þróunar í kennslu og endurmenntun.

Með þátttöku í Leonardo starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins var skólanum unnt að styrkja 6 útskrifaða nemendur skólans til starfsnáms í Evrópu á s.l. skólaári. Listaháskólinn lítur svo á að afar mikilvægt sé fyrir nemendur að kynnast atvinnuumhverfinu að loknu námi. Með starfsnámi erlendis eykst sjálfstraust þeirra, þeir læra að tjá sig um starfsgrein sína á öðru tungumáli og ávinna sér tengsl á alþjóðavettvangi.

## Ferðir og fundir

Alþjóðafulltrúi tók þátt í fjórum ársfundum norrænna samstarfsneta á skólaárinu, á sviði tónlistar, sviðslista, myndlistar og hönnunar. Að auki sótti alþjóðafulltrúi samstarfsfundi vegna undirbúnings 2ja ára verkefnis á sviði barnaleikhúss sem leiklistar- og dansdeild mun taka þátt í á árunum 2013-2014.

## ÞÁTTAKA Í ERLENDUM SAMSTARFSNETUM

Listaháskólinn tekur virkan þátt í eftirtöldum samtökum og samstarfsnetum:

AEC – Samtök evrópskra tónlistarháskóla
CUMULUS– Aljóðleg samtök hönnunarháskóla
EAAE– Samstarfsnet háskóla í Evrópu á sviði arkitektúrs
ELIA – Samtök listaháskóla í Evrópu
E:UTSA – Samtök evrópskra sviðslistaskóla
PARADOX – Samtök háskóla í Evrópu á sviði sjónlista

Samstarfsnet í Nordplus, norrænu menntaáætluninni eru 7 talsins:

CIRRUS – Samstarfsnet hönnunarháskóla
DAMA – Þverfaglegt samstarfsnet á sviði nýmiðla og samtímadans
ECA – Þverfaglegt samstarfsnet í listum
KUNO – Samstarfsnet myndlistarháskóla
NORDIC ACADEMY OF ARCHITECTURE – Samstarfsnet háskóla á sviði arkitektúrs
NORTEAS – Samstarfsnet sviðslistaháskóla
SIBELIUS – Samstarfsnet tónlistarháskóla

## Samstarfsskólar

Samstarfsskólar Listaháskólans eru alls 194 talsins. Þetta eru samstarfsskólar Nordplus samstarfsnetanna á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum, samstarfsskólar í evrópsku menntaáætluninni Erasmus og aðrir skólar sem LHÍ hefur gert tvíhliða samninga við. Slíkir samningar fela í sér nemenda- og kennaraskipti auk möguleika á annars konar samstarfi. Samstarfsskólar utan Evrópu eru 5 talsins og eru þeir staðsettir í New York, Michigan, Mexíkóborg, Peking og Jerúsalem.

## STARFSEMI FRAMUNDAN

Alþjóðasamstarf Listaháskólans hefur verið blómlegt allt frá stofnun skólans. Með fjölgun námsbrauta og deilda hafa umsvifin vaxið ár frá ári og þannig hefur t.a.m. þátttaka skólans í Evrópsku menntaáætluninni aukist til muna. Styrkir úr áætluninni til skólans nema nú liðlega 22 milljónum króna á ári. Framundan er uppbygging nemendaskipta á meistarastigi en með tilkomu þriggja nýrra framhaldsnámsbrauta, aukast möguleikar á erlendu samstarfi enn frekar.

Á haustdögum tók tónlistardeild og alþjóðasvið Listaháskólans við formennsku evrópska meistaranámsins Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf. Alþjóðasvið Listaháskólans fer með verkefnisstjórnun námsins næstu þrjú árin sem felur m.a. í sér umsjón með vefsíðu námsins og skipulagningu sumarskóla sem er árlegt 10 daga námskeið fyrir nemendur samstarfsskólanna allra. Samstarfsskólar eru Prince Claus Conservatoire í Groningen, Royal Conservatoire í Haag og Konunglegi tónlistarháskólinn í Stokkhólmi en að auki hafa Guildhall School of Music and Drama í London og University of Minnesota tekið þátt í sumarskóla námsins.

Árið 2014 hefur ný menntaáætlun Evrópusambandsins göngu sína sem ber yfirskriftina *Erasmus for All*. Alþjóðasvið Listaháskólans skoðar nú þær breytingar sem þetta kann að hafa í för með sér

til að tryggja virka þáttöku skólans í nýrri áætlun og til að kanna nýja möguleika í samstarfi við evrópska háskóla og vinnumarkað.

# BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

## STARFSEMIN Á ÁRINU

Í ársbyrjun 2011 flutti bókasafnið frá Skipholti í Þverholt 11. Vinna við að koma safninu fyrir í nýjum húsakynnum stóð enn yfir í lok skólaárs.

Starfsemi bókasafnsins í öllum útibúum hefur verið með hefðbundnum hætti síðastliðið ár að undanskildum breytingum sem fólu í sér fækkun starfsfólks, umfangsminni innkaupum á efni vegna fjárskorts og skertum opnunartíma safnanna vegna manneklu.

Nemendur og kennarar sækja eftir sem áður mikið í söfnin og má þar nefna námsbókasöfn sérstaklega en þar eru eintök aðgengileg nemendum í ákveðnum námskeiðum, einstaklings- og hópavinnu í kringum verkefni eða þeim til gagns og gamans meðfram námi. Almenningur sækir einnig söfnin en bókasafn Listaháskóla Íslands er leiðandi sérfræðisafn á sviðum lista, varðveislusafn á fræðasviðum skólans og er opið almenningi gegn vægu ársgjaldi.

Opnunartími safnsins á skólaárinu var kl. 8.30 - 16.00.

## STARFSFÓLK

Starfsmenn voru fjórir í 3,8 stöðugildu: forstöðukona Sara Stef. Hildardóttir, Berglind Hanna Jónsdóttir (í leyfi frá október 2012- október 2013), Sigrún Sveinsdóttir og Riina Paulina Finnsdóttir.

## ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Á liðnu ári hefur áhersla verið lögð á aukna fræðslu til nemenda í heimildaleit og -skráningu en vegna manneklu hefur ekki verið hægt að sinna henni sem skyldi. Kennarar fá ráðgjöf og aðstoð starfsfólks við uppsetningu námsbókasafna í upphafi námskeiða.

Nemendum í lokaverkefnum býðst einnig að sækja sér persónulega fræðslu um heimildavinnu þar sem farið er í leit að heimildum og heimildaskráningu. Þessi skilgreinda þjónusta hefur vakið ánægju meðal nemenda sem nýta sér hana.

## VERKEFNI

### LEITIR.IS

Nýtt leitarviðmót fyrir lánþega bókasafna og notendur Gegnis var tekið í gagnið á árinu: Leitir.is. Viðmótið bætir til muna aðgengi nemenda og kennara að safnkostinum þar sem nú má leita með einfaldaðri leið í safnkosti bókasafns skólans auk þess sem hægt er að skrá sig og fá rafrænt aðgengi að t.d. séráskriftargagnasöfnum sem bókasafn skólans kaupir fyrir öll fræðasvið hans.

### HEIMILDASKRÁNINGAFORRITÐ ZOTERO

Bókasafnið hefur kennt nemendum á lokaári nokkurra deilda og brauta að setja upp og nota forritið Zotero við heimildaskráningu. Tilgangur þess að nota forrit við heimildaskráningu umfangsmeiri verkefna þar sem vísað er í fjölda heimilda er að auka gæði ritverka. Fagstjórar fræða í leiklistar- og dansdeild og  og tónlistardeild hafa kynnt sér forritið og reynt það með góðum árangri. Bókasafnið stefnir að því að kynna nýnemum forritið á næsta skólaári en eftir því sem nemendur tileinka sér forritið aukast fræðileg gæði verkefna við skólann.

### HEIMILLDASKRÁNINGASTAÐALL SKÓLANS

Bókasafnið átti í vor óformlegt mat með fagstjórum fræða allra deilda um yfirlýstan heimildaskráningarstaðal skólans sem nú er Oxford staðallinn. Undanskilin var listkennsludeild sem notar APA -staðalinn. Fagstjórarnir hafa tekið vel í að skipta um staðal en Oxford staðallinn hefur ekki verið uppfærður eða endurútgefinn síðan 2005. Tillaga bókasafnsins að því að taka upp Chicago Manual Style hefur verið vel tekið og vinnur bókasafnið nú að því að heimfæra hann uppá íslenska málvenju.

### SFX KRÆKJUR

Bókasafnið hefur enn ekki nýtt sér að fullu kosti sfx-krækjukerfisins en stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið vorið 2013. Sfx krækjukerfið gefur nemendum og kennurum skólans óheftan aðgang að efni í áskrift bókasafnsins þar sem það finnst á netinu og er þá merkt Listaháskólanum með krækju.

### TENGLASÍÐUR DEILDA

Bókasafnið hefur unnið að undirbúningi fyrir uppsetningu tenglasíðu fyrir hin ólíku fræðasvið skólans. Þangað geta nemendur, kennarar sem og aðrir eftir atvikum sótt aðgang að efni tímarita í rafrænni áskrift bókasafnsins sem og efni af vefum sem nýst getur nemendum og kennurum skólans við nám og kennslu.

### TURNITIN RITSTULDARFORRIT

Á liðnu ári hófst samstarfsverkefni háskólanna við innleiðingu á ritstuldarforritinu Turnitin. Listaháskóli Íslands er í samvinnu við háskólana á Bifröst og í Reykjavík við að innleiða forritið en þessir skólar nota allir sama kennslu- og nemendaskráningarkerfið Myschool sem hefur áhrif á innleiðingu forritsins. Innleiðing skólans er enn á frumstigi.

Forritið verður aðgengilegt bæði kennurum í námskeiðum sem og nemendum. Kennarar nota það til að skima eftir líkum á ritstuldi eftir að verkefni hefur verið skila en einnig er hægt að bjóða nemendum uppá að hafa aðgang til að skima eftir því sama áður en verkefni er skilað. Erlendis hafa háskólar boðið upp á annað eða hvort tveggja.

Listaháskólinn hefur tvo fulltrúa sem starfa í samráðsnefnd Turnitin; Söru Stef. Hildardóttur, tengilið bókasafns og deilda, og Bryndísi Björgvinsdóttur tengilið fræðakennara. Fundir hafa verið haldnir yfir árið sem fulltrúar skólans hafa sótt. Háskólarnir eru allir mislangt komnir með innleiðingu á forritinu en Listaháskólinn horfir til Háskólans á Bifröst sem er lengst kominn af þessum þremur fyrrnefndu háskólum í að innleiða kerfið.

## VEFUR BÓKASAFNSINS

Efni vefsins er umfangsmikið og enn vantar uppá að vefsíður sem voru á gamla vef safnsins skili sér á nýjan vef. Vinna við það stendur yfir af hálfu tölvu- og vefþjónustu. Bókasafnið nýtir samfélagsmiðla í sínu starfi enda auka þeir á samskipti við lánþega.

## GJAFIR

Gjafir berast safninu reglulega yfir allt árið en verkefni tengd þeim eru grisjun, skráning og flokkun áður en hægt er að búa eintök undir frágang í hillur. Tekið er á móti gjöfum með þeim formerkjum að safnið leyfir sér að grisja úr það sem það telur sig geta nýtt.

Síðastliðið vor barst safninu ómetanleg gjöf frá Byggingalistadeild Listasafns Reykjavíkur en vinna við að koma eintökum gjafarinnar í hillu og geymslu er nýhafin. Einn starfsmaður sinnir þessari vinnu með hléum.

Fjöldi fleiri gjafa fengu viðtöku á safninu á árinu en vinnsla úr þeim hefur tafist vegna manneklu og tímaskorts en mikill tími fer í að sinna afgreiðslu og almennum störfum á bókasöfnunum sem taka tíma frá nauðsynlegri bakvinnu svo safnið geti borið sig með góðu móti. Starfsmenn eru einir við störf í útibúunum svo almenn afgreiðsla og upplýsingaþjónusta við lánþega tekur oft drjúgan hluta af vinnudeginum.

## HÚSNÆÐI

Bókasafnið þáði hillugjöf frá Símanum og fleiri fyrirtækjum til að bregðast við skorti á hillum í safninu í Þverholti. Plássleysi er nú farið að hrjá útibú safnsins í Sölvhólsgötu umtalsvert þannig að fyrir liggur að raða verði safnkosti ofan á hillur sem þar eru. Ekkert pláss er í safninu til að bæta við hillum. Til að bregðast enn frekar við þessum vanda verður að fara í grisjun safnkostsins til að koma nýju efni að. Húsnæði í Laugarnesi er í svipaðri stöðu og Sölvhólsgata en þar hafa verið gerðar breytingar á uppröðun safnkosts til að reyna að rýmka til í hillum. Grisjun er því fyrirliggjandi vorið 2013 svo hægt sé að koma nýju efni að.

## RÁÐSTEFNUR OG FÉLAGSSTÖRF

Starfsfólk bókasafnsins sótti stærstu ráðstefnu í bókasafns- og upplýsingafræðum, IFLA 2012, til Helsinki síðla sumars. Þar voru sérstaklega sótt erindi sem áttu við starfsemi akademískra bókasafna og listbókasafna.

Forstöðukona og starfsfólk sótti árlegan landsfund Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræðinga síðastliðið haust og höfðu gagn af. Rafræn bókasöfn eru á næsta leyti og á Landsfundi sem og á IFLA gafst starfsfólki tækifæri til að kynna sér hvernig erlend bókasöfn hafa lagað sig að breyttum tímum og hugmyndum um hvernig þau munu búa sig enn frekar undir framtíðina.

Forstöðukona sótti einnig alþjóðlega ráðstefnu í Reykjavík, NORDILL 2012, en ráðstefnuna sóttu yfir 200 manns víðsvegar að úr heiminum. Þema ráðstefnunnar var rafræn þróun bókasafna og samstarf bókasafna nær og fjær.

Sigrún Sveinsdóttir er fulltrúi skólans í nefnd Arlis, félags listbókasafna á Norðurlöndum og sótti fundi þar á árinu. Berglind Hanna Jónsdóttir var fulltrúi skólans í verkstjórn Skemmunnar og sat fundi hennar. Sara Stef. Hildardóttir, forstöðukona, er varaformaður Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræðinga, og situr sem fulltrúi skólans í samráðshópi háskólanna um innleiðingu ritstuldarforritsins Turnitin.

## KYNNINGAR

Bókasafnið tekur þátt í árlegum stoðsviðskynningum deilda og kynnti nýnemum allra deilda starfsemina og safnkostinn á prenti og neti fyrir veturinn 2012-2013. Þessum kynningum er fylgt eftir með innkomu bókasafnsins í námskeiðum hjá þeim kennurum sem þess óska.

Fræðsla bókasafnsins í námskeiðum hefur skilað sér í áhugasamari nemendum sem verða bæði sjálfsöruggari og sjálfbjarga í upplýsingalandslaginu. Nemendur geta betur nýtt sér leitargrunna prents og rafræns efnis ef þeir fá fræðslu en það skilar sér í meiri gæðum verkefna og góðu orðspori skólans.

## ÚTLÁN

Töluverð fækkun hefur orðið í útlánum milli ára sem skýrist af lokunum tengdum flutningum fjölmennustu deildar skólans, hönnunar- og arkitektúrdeildar. Bókasafnið flutti fyrst allra úr Skipholti og var lokað í á aðra viku vegna flutninganna. Til viðbótar var safnið eitt í húsinu í um mánaðartíma áður en sjálf deildin flutti sig í nýja húsnæðið.

Lokanir í einn dag í viku í hverju safni vegna manneklu og styttingu opnunartíma um tvær klst á dag hina fjóra dagana hafa líka sitt að segja. Útlán safnsins á skólaárinu 2011-2012 voru samtals 14.029 og munar því um 2674 útlán milli ára.

### LÁNÞEGAR

Lánþegar safna voru fyrst og fremst nemendur, kennarar og starfsfólk skólans. Aðrir lánþegar voru stundakennarar við LHÍ, kennarar og nemendur annarra skóla, sérfræðingar og almenningur. Skráðir lánþegar voru samtals 941 eða aðeins þremur færri en í fyrra. Mest aukning milli ára hefur orðið á almenningi og nemendum annarra skóla.

| ÚTIBÚ | FJÖLDI |
|---|---|
| ÞVERHOLT | 4,438 |
| LAUGARNES | 3,390 |
| SÖLVHÓLSGATA | 3,527 |
| **SAMTALS** | **11,355** |

**TAFLA 1 – ÚTLÁN Á SKÓLAÁRINU**

Eintakafjöldi safnsins (bækur, nótur, leikhandrit, myndbönd/dvd og geisladiskar) sem skráður hefur verið í bókasafnskerfið Gegni var í ágúst 2012 samtals 53.078 eintök. Aukningin er heldur minni en frá því sem áður var vegna samdráttar í rekstri skólans.

### LOKARITGERÐIR

Frá árinu 2008 hafa lokaritgerðir og verkefni nemenda verið aðgengileg á Skemman.is, sem er varðveislusafn háskóla á Íslandi fyrir lokaverkefni á BA- og MA- stigi. Langflest verkefnin eru í opnum aðgangi en nemendur geta óskað eftir tímabundinni lokun á verkefni sínu. Tilgangur varveiðslusafnsins er að bæta aðgengi að lokaverkefnum h áskólanna og er því mælst til þess að nemendur skólans loki ekki aðgangi að verkefnum sínum.

| LÁNÞEGAR | FJÖLDI |
|---|---|
| KENNARAR | 47 |
| NEMENDUR | 454 |
| ANNAÐ STARFSFÓLK | 44 |
| AÐRIR | 396 |
| **SAMTALS:** | **941** |

**TAFLA 2 -SKRÁÐIR LÁNÞEGAR**

### NÓTUR

Hægst hefur á skráningu nótna með brotthvarfi sérhæfðs starfsmanns í skráningu nótna. Haustið 2008 hófst skráning á nótum íslenskra tónskálda en skráningu lauk snemmsumars 2012. Eftir stendur að skrá nótur úr gjöfum sem safninu hafa borist á árinu sem enn á eftir að grisja, skrá og flokka og ljóst að þar er talsvert starf fyrir höndum.

| ÚTIBÚ | FJÖLDI |
|---|---|
| ÞVERHOLT | 13,626 |
| LAUGARNES | 27,104 |
| SÖLVHÓLSGATA | 12,348 |
| **SAMTALS** | **53,078** |

**TAFLA 3 – SKRÁÐ EINTÖK BÓKASAFNSINS**

## TÓNLISTARSAFN HALLDÓRS HANSEN

Styrkur var veittur úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen á árinu. Styrkurinn hljóðaði uppá 750.000 kr. og var notaður til að byggja upp bóka- og nótnasafn tónlistardeildar. Yfirumsjón með kaupunum hafði Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur, og Þorbjörg Daphne Hall, fagstjóri fræða við tónlistardeild.

Tónlistarsafn Halldórs Hansen er enn til húsa í læstri geymslu í Laugarnesi en þangað var það flutt úr Sölvhólsgötu árið 2010. Nemendur og kennarar geta fengið aðgang að safninu til að hlusta á plötur sem varðveittar eru í safninu.

## STARFSEMI FRAMUNDAN

Framundan er að auka enn á aðgengi nemenda og kennara að efni safnsins hvort sem er á fæti eða á neti. Fræðsla til nýnema og kennara verður aukin og þjónusta við kennara sérstaklega bætt með námskeiðum og innkomum í námskeið.

Í desember 2012 verður sú nýbreytni tekin upp að nemendum verður sjálfum falið að skila lokaverkefnum sínum á Skemman.is sem er varðveislusafn lokaverkefna háskóla á Íslandi. Starfsmaður bókasafns sér um stutt fræðslunámskeið í hádegi þar sem farið verður yfir helstu atriði sem lúta að skilum lokaverkefna. Námskeiðin verða í öllum deildum Listaháskólans í nóvember 2012.

Bókasafnið stefnir að því að vera með fastar kynningar fyrir kennara skólans í lok vorannar hvert ár til að hvetja kennara til að nýta safnið og sérfræðiþekkingu starfsfólks sem best í verkefnavinnu nemenda.

Kynningarstarf innanhúss sem utan er mikilvægt safninu til að nýta megi sem best safnkostinn sem háskólabókasafn sem og almenningssafn, en fjöldi stofnana og fyrirtækja getur nýtt sér safnkostinn án þess að þeim sé það endilega ljóst á þessum tímapunkti.

Með auknu upplýsingalæsi nemenda og kennara sem fæst með aukinni fræðslu og kennslu gefst starfsfólki betra svigrúm til þess að sinna sínum sérfræðistörfum sem oft blasa ekki við lánþegum safnsins. Með þessu verður til hringrás sjálfbjarga lánþega sem gera sífellt meiri kröfur um aukin gæði aðgengis og efnis auk þess sem kröfur til þeirra sjálfra sem akademískra nemenda aukast. Bókasafn Listaháskóla Íslands er leiðandi safn á fræðasviðinu listir og hefur hag af því að geta stutt við kennslu og nám á sviðum lista hvar sem er á landinu.

Stjórn Landsaðgangs fundar um þessar mundir um kaup á breyttum áskriftum að gagnasöfnum sem fælu í sér kaup á áskriftum frá Ebsco í stað Ebsco og ProQuest en talsverð skörun er á efni sem nú er keypt frá báðum þessum aðilum. Ebsco býður sambærilegt ef ekki sama efni í meiri gæðum auk aðgangi að rafbókum sem telja um 86.000.

Umsagna var leitað meðal háskólabókasafna sérstaklega til að fá samanburð við núverandi áskriftir. Svörun var ólík eftir háskólum en bókasafn Listaháskólans leitaði til fastráðinna kennara eftir umsögnum. Mat langflestra var að efnið væri ákjósanlegt fyrir skólann hvort sem væri sem námsefni eða sem ítarefni. Kaup á þeirri áskriftarleið frá Ebsco sem Listaháskólinn mælti með fæli í sér fjárhagslega hagræðingu fyrir skólann og bættari aðgang að efni á fræðasviðum skólans.

# RANNSÓKNAÞJÓNUSTA

## STARFSEMI

Í framhaldi af starfsemi síðasta skólaárs var áhersla lögð á að styrkja innviði til uppbyggingar R&Þ við skólann. Meðal annars var það gert með því að skrásetja þennan starfsþátt kennara og gera hann sýnilegan, bæði í gagnagrunni skólans sem og með skipulagningu opinbers umræðuvettvangs. Þá var unnið að því í lok skólaársins að setja á fót tvo nýja styrktarsjóði fyrir akademíska starfsmenn, Rannsóknasjóð og Útgáfusjóð, hinn síðari í samstarfi við Háskólaútgáfuna. Auk þessa var starfseminni beint að styrkingu rannsóknatengds náms með reglulegum fundum fagstjóra fræða allra deilda, sérstaklega með tilliti til nýrra meistaranámsbrauta. Þá var mikil vinna lögð í að þróa innra gæðakerfi fyrir R&Þ þar sem lagður var grunnur að sérsniðnum mælikvörðum fyrir mat á sjálfstæðri vinnu akademískra starfsmanna.

Fyrir utan þróun innra starfs var á árinu lögð áhersla á að koma málstað skólans á framfæri við stefnumótandi aðila í fræðasamfélaginu, m.a. á fundum með fulltrúum Rannís og með Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs.

Einnig var unnið að því að skilgreina hlutverk rannsóknaþjónustunnar innan skólans og þróa leiðir til að leggja mat á starfsemina, bæði í samhengi við önnur stoðsvið sem og deildir. Í þeirri vinnu kom sterkt í ljós sú tvískipting sem hefur verið að þróast á stoðsviðinu og skiptist annarsvegar í þjónustu og ráðgjöf og hinsvegar í stefnumótun í uppbyggingu rannsókna og þróunar innan skólans.

## STARFSFÓLK

Í rannsóknaþjónustunni starfar einn starfsmaður í fullu starfshlutfalli, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, sem jafnframt er forstöðumaður.

## ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Rannsóknaþjónustan er eitt af stoðsviðum Listaháskólans og hefur það hlutverk að auka veg rannsókna og þróunar við skólann og þar með stuðla að nýsköpun þekkingar á þeim sviðum sem skólinn starfar á. Eitt aðalhlutverk hennar er að aðstoða við fjármögnun rannsóknarverkefna sem unnin eru innan vébanda skólans, auk þess að veita ráðgjöf og leiðbeina við umsóknarskrif í samkeppnissjóði.

Rannsóknaþjónustan hefur einnig það hlutverk að miðla þeim verkefnum kennara sem falla undir R&Þ í sérstökum gagnagrunni á heimasíðu skólans. Þar að auki er það hlutverk hennar að aðstoða við tengslamyndun og afla sambanda til samstarfs um rannsóknarverkefni, hvort sem er hérlendis eða erlendis. Þá tekur forstöðumaður þátt í stefnumótun R&Þ í samvinnu við kennara og stjórnendur skólans, og stuðlar að viðræðum við utanaðkomandi aðila þar að lútandi.

## STYRKT RANNSÓKNARVERKEFNI

Á árinu lauk matarhönnunarverkefninu *Stefnumót bænda og* hönnuða, sem stýrt var af Sigríði Sigurjónsdóttur, prófessor í hönnunar- og arkitektúrdeild. Verkefnið hlaut styrk frá Tækniþróunarsjóði til þriggja ára og gat af sér nýjar vörur á markaði, þekkingu og tengsl. Verkefnið hefur verið vandlega skrásett og er miðlað á heimasíðu þess: http://www.designersandfarmers.com/

Engin ný verkefnisumsókn á vegum kennara var send í opinbera rannsóknasjóði á skólaárinu. Ljóst er að auka þarf verulega stuðning við kennara í að koma saman umsóknum og veita þeim

þjónustu á þessu sviði. Á sama tíma og ekkert sérstakt fagráð lista er til staðar hjá Rannís er mikilvægt að þrýsta á um stofnun slíks fagráðs með því að sýna fram á verkefnaflóruna sem nú þegar er til staðar innan skólans.

Nemendur voru hinsvegar afar virkir og sendu margir inn umsóknir í Nýsköpunarsjóð námsmanna, sumir í nánu samstarfi við kennara sína. Sjóðurinn úthlutaði styrkjum til 12 verkefna með aðsetur hjá Listaháskólanum fyrir sumarmánuðina. Að þessum verkefnum unnu 32 nemendur skólans í samtals 52 mannmánuði, sem er um 12% af heildarúthlutun sjóðsins. Líkt og undanfarin ár eru mörg verkefnanna stærri hópverkefni eða verkefni unnin í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir eða aðra háskóla. Verkefnin eru á sviði listfræði, arkitektúrs, myndlistar, tónlistarfræði, grafískrar hönnunar, kennslufræði, fatahönnunar, tónsmíða og leiklistar. Hér að neðan má sjá lista yfir verkefni unnin sumarið 2012.

### Íslensk samtímalistfræði
Leiðbeinandi: Aðalheiður L. Guðmundsdóttir.

### Eyðibýli á Íslandi. Menningarlegt vægi, varðveisla og nýting
Leiðbeinandi: Gísli Sverrir Árnason.

### Íslenskuþorpið. Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku
Leiðbeinendur: Guðrún Theodórsdóttir og Dóra Ísleifsdóttir.

### Contemporary.is
Leiðbeinandi: Halla Kristín Einarsdóttir.

### OM – hönnun, þróun og smíði nýs hljóðfæris
Leiðbeinandi: Hans Jóhannsson.

### Sjónlýsingarverkefni og uppsetning sýningar, sem hönnuð er með blinda og sjónskerta einstaklinga í huga
Leiðbeinandi: Kristinn Guðbrandur Harðarson.

### Náttúruleg leðursútun með jurtum úr íslenskri náttúru
Leiðbeinandi: Linda Björg Árnadóttir.

### Endurnýting textíls og endursköpun efna með umhverfisvænum hætti
Leiðbeinendur: Linda Björg Árnadóttir og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir.

### Magnús Blöndal – Enduruppgötvun gleymdra verka
Leiðbeinandi: Sigfríður Björnsdóttir.

### Heilinn – hjarta sálarinnar
Leiðbeinandi: Una Þorleifsdóttir.

### Ophiuchus – Rannsókn á heildrænni tónlistarupplifun
Leiðbeinandi: Úlfar Ingi Haraldsson.

### Samspilsnámskeið fyrir unga flautuleikara
Leiðbeinandi: Össur Geirsson.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir verkefni unnin sumarið 2011 voru veitt í febrúar árið eftir. Tvö af fimm verkefnum sem fengu tilnefningu til öndvegisverkefna þetta árið komu úr röðum nemenda Listaháskólans:

**Eyðibýli á Íslandi: Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Austur-Skaftafellssýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu**

Verkefnið var unnið af Arnþóri Tryggvasyni, Árna Gíslasyni (HÍ), Birki Ingibjartssyni, Steinunni Eik Egilsdóttur og Yngva Karli Sigurjónssyni.

**Greining prentgripa fyrir safneignir, bókarkápur og veggspjöld**

Verkefnið var unnið af Örnu Rún Gústafsdóttur.

## VÍSINDAVAKA 2011

Vísindavaka var haldin 23. september í Háskólabíói með mikilli aðsókn. Fulltrúi Listaháskólans var Aðalheiður Guðmundsdóttir, aðjúnkt og fagstjóri fræðigreina við myndlistardeild, með verkefnið "Krítík og kenningarsmíð: rannsóknir í íslenskri samtímalistfræði".

## RANNSÓKNIR OG KENNSLA

Á starfsárinu tók forstöðumaður þátt í samráðsvettvangi fagstjóra fræðigreina ásamt forstöðumanni bókasafns- og upplýsingaþjónustu, en unnið var áfram að samræmingu í kennslu akademískra vinnubragða bæði á grunnstigi og framhaldsstigi. Samráðsvettvangurinn var afar mikilvægur fyrir þróun námskeiða í nýjum námsbrautum á meistarastigi, sem í undirbúningi voru á skólaárinu. Þá hafði forstöðumaður umsjón með rannsóknaþjálfun í listkennsludeild.

## RANNSÓKNAHÓPUR

Sérskipaður rannsóknahópur fagráðs hefur verið starfandi innan skólans frá nóvember 2009. Hópurinn hefur starfað að afmörkuðum málefnum með forstöðumanni rannsóknaþjónustu um nokkurt skeið, en á skólaárinu var kapp lagt á að ljúka þróun mælikvarða fyrir mat á afrakstri R&Þ sem sérsniðinn væri að þörfum og eðli þeirra sviða sem kennara skólans starfa á. Góður skriður komst á vinnuna og voru 7 fundir haldnir yfir árið. Hópurinn þróaði tiltekinn mælikvarða sem kynntur var innan skólans fyrir kennara annarsvegar (í vinnuferð kennara á Hótel Heklu) og hinsvegar fyrir framkvæmdaráði og stjórn skólans, auk þess sem sérstök kynning var haldin fyrir vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs á fundi í ráðuneytinu. Á öllum þessum fundum hefur vinna hópsins fallið í góðan jarðveg og stefnt er að því að ljúka við hana snemma á næsta skólaári.

Í hópnum sátu Hulda Stefánsdóttir, fagstjóri og prófessor í myndlistardeild, Kjartan Ólafsson, prófessor í tónsmíðum, Magnús Þór Þorbergsson, fagstjóri og lektor í leiklistarfræðum, og Sigrún Birgisdóttir, fagstjóri og lektor í arkitektúr.

## UMRÆÐUVETTVANGUR

Haldin voru fjögur rannsóknarkvöld á skólaárinu, en þau hafa reynst mikilvægur samtalsvettvangur fyrir jafningjaumræðu um viðfangsefni kennara.

Framsögur á rannsóknarkvöldum þetta starfsárið héldu Tinna Gunnarsdóttir (hönnunar- og arkitektúrdeild), Stefán Jónsson (leiklistar- og dansdeild), Gunnar Kvaran (tónlistardeild) og Ásthildur Jónsdóttir (listkennsludeild). Rannsóknarkvöldin eru opin öllum starfsmönnum skólans, meistaranemum, fyrrverandi prófessorum og meðlimum stjórnar.

Þann 4. maí stóð skólinn fyrir ráðstefnu um tengsl listsköpunar og rannsókna undir yfirskriftinni Hugarflug. Samþykkt hefur verið að gera ráðstefnuna að árlegum viðburð, í því markmiði að

skapa vettvang fyrir samtal akademískra starfsmanna skólans, nemenda, stundakennara og annarra starfandi listamanna, hönnuða og fræðimanna um rannsóknir á sviðinu. Varpað er ljósi á þann fjölbreytileika sem einkennir nálgun, aðferðir og efnistök í þekkingarsköpun og –miðlun í listum og hönnun. Þannig er Hugarflug mikilvægur liður í uppbyggingu listrannsókna við skólann og býður upp á tækifæri til umræðna, tengslamyndunar og almennrar miðlunar á þeim rannsóknarverkefnum sem eiga sér stað á sviðinu. Á dagskrá þessara fyrstu ráðstefnu í röðinni voru 12 málstofur með um 40 erindum sem á einn eða annan hátt fjölluðu um snertifleti rannsókna og listsköpunar, m.a. út frá myndlist, arkitektúr, sviðslistum, hönnun, tónlist, listkennslu, heimspeki, kyngervi, menningarstjórnun og sjálfsmyndum. Fyrirlesarar ræddu rannsóknarverkefni sín á fjölbreyttum sviðum lista og hönnunar, hugvísinda, félagsvísinda og viðskiptafræða, en um 90 manns sóttu ráðstefnudaginn.

## SHARE, KORTLAGNING DOKTORSNÁMS Í LISTAHÁSKÓLUM

Forstöðumaður er fulltrúi Listaháskólans í alþjóðlegu tengslaneti SHARE, sem stýrt er af ELIA og GradCam á Írlandi. SHARE er alþjóðlegt tengslanetaverkefni 39 þátttökulanda sem sameiginlega vinna að því að skapa doktorsnámi í listum brautargengi, auk þess að skapa evrópskan vettvang til að deila ólíkri reynslu og þekkingu og skiptast á fjölbreyttum skoðunum sem mynda grundvöllin fyrir rannsóknir í listum og menningu. Verkefnið fer fram 2010-2013 og hefur 39 þátttökuskóla innanborðs. Á skólaárinu voru haldnir vinnufundir í Helsinki og Gautaborg. Nánar um verkefnið má sjá á http://www.sharenetwork.eu/.

## GAGNAGRUNNUR R&Þ

Akademískir starfsmenn skólans með rannsóknaþátt voru 34 talsins í um 29 stöðugildum. Rannsóknaþáttur er um 16% af heildarvinnuframlagi að meðaltali yfir allar deildir, og raðast hann niður á akademíska starfsmenn í stöðuheitum aðjúnkta, lektora og prófessora.

Á mynd hér til hliðar má sjá heildarstöðugildi sem innibera rannsóknaþátt, skipt eftir deildum. Samanlagt yfir skólann fyllir rannsóknarhlutfall starfsmanna um sjö heil stöðugildi yfir skólaárið.

Nokkur munur á hlutfalli akademískra starfsmanna með rannsóknarþátt er milli deilda, sem skapast meðal annars vegna mismunandi eðlis kennsluhátta eftir greinum (einkatímar á móti fjöldafyrirlestrum), eða vegna mismunandi nemendafjölda í námsbrautum. Stjórnendur skólans eru meðvitaðir um að enn frekar þurfi að styrkja þennan starfsþátt miðað við núverandi hlutfall, en það er háð grunnfé til R&Þ frá ráðuneyti, sem ekki hefur tekist að gera samninga um.




**MYND 29 - AKADEMÍSK STÖÐUGILDI MEÐ RANNSÓKNARÞÁTT**




**MYND 30 - FJÖLDI VERKA AKADEMÍSKRA STARFSMANNA SEM MIÐLAÐ ER OPINBERLEGA**

Afrakstri rannsóknaþáttar kennara er miðlað í öllum mögulegum birtingarmyndum þeirra listmiðla sem þeir sérhæfa sig í og er lýst í opnum gagnagrunni á vefsvæði rannsóknaþjónustunnar, http://rannsoknagrunnur.lhi.is/is/rannsoknir/. Gagnagrunnurinn skiptist í fjóra flokka: listir, rannsóknir, útgáfu og tengsl við samfélagið.

Akademískir starfsmenn með rannsóknarþátt skrá alla sjálfstæða vinnu sína í gagnagrunn skólans, hvort sem það er listsköpun, rannsóknir eða tengsl við samfélagið. Samkvæmt skráningu á skólaárinu var heildarfjöldi færslna í flokkinn *listir* 83 en skráningin nær yfir verk sem miðlað var opinberlega á árinu, s.s. myndlistarverk, hönnunarverk, tónverk, leikverk, dansverk, eða hvaða aðrar þær birtingarmyndir sem listsköpun kennara kann að taka á sig. Flest voru þau í tónlistardeild og skýrist það af háum fjölda kennara með rannsóknarþátt á sviði tónlistarflutnings, sem skráð hafa alla sína tónleika á árinu. Á heildina litið er augljóst að kennarar skólans eru afar virkir í að miðla listsköpun sinni út fyrir veggi skólans og eru mikilvægir þátttakendur í lista- og menningarlífi á opinberum vettvangi.




**MYND 31 - ÚTGÁFUR**




**MYND 32 – SAMSTARFSVERKEFNI**

Á skólaárinu voru 44 útgáfur á vegum starfsmanna skólans. Með útgáfu er átt við birtingar í tímaritum, bókum, sýningarskrám og á öðrum formum s.s. hljóðritanir og mynddiskar, sem og útgáfa á handritum og nótum, sem beint er til faghópa og rekja má til starfsmanna í gagnagrunninum. Heildarfjöldi birtinga akademískra starfsmanna á ritrýndum vettvangi voru 4 á skólaárinu, öll í hönnunar- og arkitektúrdeild.

Á skólaárinu voru 76 samstarfsverkefni skipulögð innan deilda skólans, ýmist í samstarfi við ríki, sveitarfélög, opinberar stofnanir, félagasamtök og hátíðir af ýmsu tagi. Listaháskólinn leggur áherslu á virk tengsl við atvinnulíf, samfélag, fyrirtæki og stofnanir, auk þess sem samstarf við aðra háskóla hérlendis sem erlendis er mikilvægur þáttur í starfsemi skólans. Yfirlit verkefnanna er aðgengilegt á vefsvæði rannsóknaþjónustunnar, en til stendur að auka sýnileika þeirra til muna og draga fram þessa gróskumiklu starfsemi kennara og nemenda með mun sterkari hætti en hefur verið.

## STARFSEMI FRAMUNDAN

Brýnasta verkefni í uppbyggingu rannsókna og þróunar við Listaháskóla Íslands er að tryggja grunnfé til starfsþáttarins, auk þess að tryggja aðgengi kennara skólans að opinberum rannsóknasjóðum. Vinna undanfarins skólaárs hefur miðað að því að undirbyggja þetta markmið, og mun nýr matsrammi án efa styðja við þessa sókn. Þá þarf að hrinda nýjum styrktarsjóðum skólans í framkvæmd, þ.e. Rannsóknasjóði og Útgáfusjóði.

Fyrirhugað er að setja á fót Rannsóknamiðstöð Listaháskóla Íslands, sem mun hýsa einstakar Rannsóknastofur deilda sem spretta upp úr viðfangsefnum akademískra starfsmanna. Miðstöðin mun þjónusta þessar rannóknastofur og veita kennurum og nemendum stuðning við verkefni og umsóknarferli, auk þess að halda utan um skrásetningu og miðlun rannsóknarafraksturs út á við. Þá mun Rannsóknasmiðstöðin stuðla að umræðu um rannsóknir á sviðinu með því að skipuleggja

reglubundna viðburði og skapa vettvang til umræðu, bæði innanhúss sem og í samstarfi við stofnanir og félög á menningar- og menntasviðinu. Umgjörð miðstöðvarinnar er í þróun, en ljóst er að rannsóknarviðfangsefnin eru.

Styrkja þarf þjónustu við kennara og nemendur til muna og þróa leiðir til að styðja betur við rannsóknastarf þeirra. Í því felst m.a. að veita stuðning við umsóknarskrif, þjálfun í akademískum vinnubrögðum, leita leiða til fjármögnunar og koma á tengslum við mögulega samtarfsaðila.

# TÖLVU- OG VEFÞJÓNUSTA

Undanfarin ár hefur starfssvið tölvu- og vefþjónustu verið að breytast frá því að reka netkerfi, netþjóna, tölvur og prentara skólans, yfir í vefþróun og hönnun, auk allrar umsýslu með vef skólans. Auk þess að sinna þjónustu við netkerfi, netþjónua, tölvur og prentara skólans. Starfsemi tölvu- og vefþjónustu fer fram í þremur húsum skólans en eðli samkvæmt þá heldur starfsfólk að mestu til í Þverholti þar sem aðsetur sviðsins er og skjalaþjónar. Þó er tölvu- og vefþjónusta með fasta viðverudaga á Sölvhólsgötu og í Laugarnesi, auk þess sem brugðist er við eftir þörfum.

## STARFSFÓLK

Starfsgildi deildarinnar voru 2.75 á síðasta ári en var fært upp í 3 stöðugildi haustið 2012, auk þess sem Sigurður Þorfinnur Einarsson sem sér um netumsjón er verktaki tölvu- og vefþjónustu.

## STARFSEMI Á SKÓLAÁRINU

